

# TÍMARIT Félagsráðgjafa

[www.felagsradgjof.is](http://www.felagsradgjof.is)

1. TBL. 4. ÁRGANGUR

2  
0  
1  
0

5

**Stefnumótun  
í félagsþjónustu  
byggð á sann-  
reyndri þekkingu**



43

**Stöndum  
barnavaktina**



56

**Rannsóknir og  
þróunarstörf  
eru mikilvæg**

## Fagráð Tímarits félagsráðgjafa

## Nafn

Erlent/alþjóðlegt samstarf	Anni Haugen
Barnavernd	Dóra Júlíussen
Fjölmenning	Edda Ólafsdóttir
Fjölskylduráðgjöf	Elísabet Berta Bjarnadóttir
Stjórnun	Ella Kristín Karlsdóttir
Siðfræði	Erla Þórðardóttir
Fjölmenning	Guðbjörg Ottósdóttir
Skólafélagsráðgjöf	Guðrún Sederholm
Sjálfstætt starfandi	Hanna Lára Steinsson
Siðfræði	Helga Sól Ólafsdóttir
Sjálfstætt starfandi	Helga Þórðardóttir
Menntun, sérhæfing og fagþróun	Hervör Alma Árnadóttir
Félags- og velferðarþjónusta	Hildur Bergsdóttir
Skólafélagsráðgjöf	Hjördís Árnadóttir
Heilbrigðisvið	Inga María Vilhjálmisdóttir
Réttarfélagsráðgjöf	Íris Eik Ólafsdóttir
Áfengis- og vímuefnasvið	Jóna Margrét Ólafsdóttir
Fjölskylduráðgjöf	Karl Marinósson
Stjórnun	Kristján Sturluson
Fötlunarsvið	María Jónsdóttir
Erlent/alþjóðlegt samstarf	Ragna Guðbrandsdóttir
Félags- og velferðarþjónusta	Rannveig Einarsdóttir
Heilbrigðisvið	Sigurlaug Hauksdóttir
Réttarfélagsráðgjöf	Snjólaug Birgisdóttir
Endurhæfing	Sverrir Óskarsson
Áfengis – og vímuefni	Þórarinn Þórsson
Menntun, sérhæfing og fagþróun	Þórhildur Egilsdóttir

### Móttaka efnis

Heimilt er að senda inn efni til birtingar í *Tímarit félagsráðgjafa* á hvað tíma sem er, en síðasti skiladagur efnis fyrir næsta tölublað er 1. nóvember.

## TIL HÖFUNDA

**Greinar og annað efni skal sent á rafrænu formi til ritstjóra Sigrúnar Júlíusdóttur, sigjul@hi.is. Tekið skal fram hvort greinarhöfundur hugsar sér handritið til almennrar birtingar eða óskar að fá það ritrynt. Efni sem óskast ritrynt skal vera nýtt og ekki hafa verið birt annars staðar. Höfundarnafn með upplýsingum skal sett á (ótölusett) sérblað framan við greinina. Áður en grein er send skal höfundur hafa kynnt sér rækilega leiðbeiningar um frágang.**

**Almennt.** Efni sem birtist í *Tímariti félagsráðgjafa* skal á einhvern hátt tengjast félagsráðgjöf (rannsóknun, fagþróun, hugmyndafræði, siðfræði, þjónustuþróun, stefnumótun o.s.frv.). Það skal að jafnaði ekki hafa birst sem slíkt áður.

Tímarit félagsráðgjafa kemur að jafnaði út einu sinni á ári í prentuðu formi og jafnframt vefrænt (opinn aðgangur). Höfundar skulu fylgja leiðbeiningum *Gagnfræðakversins* um heimildameðferð, tilvitnanir og frágang.

**Útdráttur** (abstract) skal fylgja handriti. Þar skal gerð hnitmiðuð grein fyrir markmiði, efnistökmum og innihaldi greinar ásamt niðurstöðum í hnotskurn. Gefa skal upp 3–5 lykilorð sem vísa til meginefnis og áherslu. Hámarks lengd er **180 orð**. Útdráttur skal vera bæði á íslensku og ensku á sama blaði.

**Málfar og textameðferð.** Vandað skal til rökleggrar samningu texta, málfars og frágangs. Eingöngu er tekið við handritum sem eru vandlega yfirfarin hvað varðar stafsetningu, stafavillur/brengsl og meðferð íslensks máls. Mælst er til að greinarhöfundar hafi að lokinni samningu fengið nákvæman yfirllestur á handrit sitt, bæði málfar og textameðferð áður en það er sent til ritstjórnar. Sé vitnað í erlendar málgreinar skulu þær að jafnaði þýddar á íslensku. Sé vísað til erlendra orða skal nota íslenskt orð í lengstu lög en vísa má til erlenda orðsins í sviga, t.d. líkan (e. model), með e. fyrir ensku, d. fyrir dönsku o.s.frv.

**Lengd, letur og línubil.** Miðað er við 12–14 bls. eða 4500 orð að meðtöldum heimildalista og útdráttum. Nota skal 12 p letur en heiti erindis með 16 p letri og millifyrirsagnir með 14 pt letri. Nota skal 1,5 línubil. Spássía skal vera 2 cm og texti fulljafnaður. Nota skal Times New Roman leturgerð. Skjölín skulu vera vistuð í Microsoft Word. Allar myndir sem eiga að birtast í texta skulu sendar sem sérstök skjöl (pdf/jpg) þar sem bæði er að finna myndir og þau tölugildi sem myndin byggist á. Forðast ber neðanmálgreinar en setja slíkan texta frekar í sviga.

## 4 Frá ritstjóra

### FAGIÐ OG FRÆÐIN

#### Ritrýndar greinar

### 5 Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi MA, PhD nemi

Stefnumótun í félagsþjónustu byggð á sannreyndri þekkingu

### 13 Unnur Valgerður Ingólfssdóttir, félagsráðgjafi MA, félagsmálastjóri í Mosfellsbæ

Félagsráðgjöf í félagsþjónustu sveitarfélaga

### 21 Anni G. Haugen, félagsráðgjafi MA, lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Rannsókn um viðbrögð fagfólks við kynbundnu ofbeldi

### 28 Anna Dóra Sigurðardóttir, MA, félagsráðgjafi á skilunardeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss

Nýragjöf – reynsla lifandi gjafa

#### Almennar greinar

### 35 Guðný Björk Eydal og Hervör Alma Árnadóttir

Endurreisn samfélags – hópavinna í félagsráðgjöf

### 39 Halldór Sig. Guðmundsson og Steinunn K. Jónsdóttir

Samstarfs- og þróunarverkefni við öldrunardeild LSH

#### Af vettvangi sérsviða

### 41 Frá Rögnu Björgu Guðbrandsdóttur, félagsráðgjafa, MSW

Félagsráðgjöf á alþjóðavettvangi

### 43 Olga Björt Þórðardóttir blaðamaður

Stöndum barnavaktina

### ÚTGÁFUR OG NÝÞEKKING

### 47 Bókakynningar Bókaumfjallanir

### FÉLAGIÐ

### 54 Páll Ólafsson formaður FÍ. Ávarp formanns FÍ

### 56 Sveindís A. Jóhannsdóttir, formaður vísindanefndar

Rannsóknir og þróunarstörf eru mikilvæg

### 57 Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og trúnaðarkona á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts

Þekkir þú trúnaðarmann þinn?

### 58 Valgerður Halldórsdóttir Félagsráðgjafi ársins 2010 Soffía Egilsdóttir

Tímarit félagsráðgjafa 4. árg. 2010

**Ritstjóri og ritstjórn:**

Ritstjóri: Sigrún Júlíusdóttir

Áðrir í ritstjórn: Halldór Sig. Guðmundsson og Sveindís Anna Jóhannsdóttir

Útgefandi: Félagsráðgjafafélag Íslands

Ábyrgðarmaður og fulltrúi FÍ: Valgerður Halldórsdóttir

Prentvinnsla: Oddi umhverfsvottuð prentsmiðja

ISSN: 1670-6749

TÍMARIT  
**Félagsráðgjafa**

[www.felagsradgjof.is](http://www.felagsradgjof.is)

# Frá ritstjóra

*Tímarit félagsráðgjafa* birtist nú félagsmönnum í nýjum búningi úr höndum nýrrar ritstjórnar. Fyrirrennarar tímaritsins eru *Málþípan* og *Félagsráðgjafablaðið*, en báðar þær útgáfur eru börn síns tíma. *Málþípan* var fyrst og fremst eins konar mánaðarlegt fréttablað, kom fyrst út 1977 og var þá mikilvægur viðburðamiðill sem barst í sniglapósti á forsögulegum tímum frá sjónarmiði tölvutækninnar. Hún hélt lengi velli og kom síðast út sem vefrit frá 2007. Nú þjónar heimasíða FÍ hlutverki hennar.

Á áttunda áratugnum óx greininni faglega fiskur um hrygg en lítið var um fræðilegar ritsmíðar, enda eigin vettvangur enginn. Ísland átti hins vegar hlut að undirbúningi og ritstjórn fyrsta fræðilega tímaritsins í félagsráðgjöf á Norðurlöndum, *Nordisk Sosialt Arbeid*, sem hóf göngu sína árið 1981. Það verður nú leyst af hólmi með væntanlegu nýju strangfræðilegu tímariti á ensku, *Journal Nordic of Social Work Research*.

*Félagsráðgjafablaðið* var svo stofnað árið 1987. Því var ætlað að birta faglegt efni og vera íslenskur vettvangur fyrir fræðilega umræðu og framþróun félagsráðgjafar. Það var gefið út óreglulega fram til 2004, en árið 2006 var *Tímarit félagsráðgjafa* stofnað. Þar skyldu birtar fræðilegar greinar með möguleika á ritrýni. Með þessu var brotið blað í fræðilegri útgáfustarfsemi félagsráðgjafar á Íslandi og fyrstu tveir árgangarnir mörkuðu mikilvæg spor í þá átt. Það reyndist þó nokkrum örðugleikum bundið að einskorða tímaritið við fræðilegar greinar og varð hlé á útgáfu um skeið. Haustið 2009 tók ný ritstjórn til starfa og um leið var mótuð ný ritstjórnarstefna í samvinnu við stjórn FÍ. Í *Tímariti félagsráðgjafa* verði birtar ritrýndar greinar, almennar faglegar greinar og umræðugreinar. Auk greina verði aðrir efnisbálkar sem þjóna því hlutverki að miðla nýþekkingu með margvíslegum hætti, veita innsýn í faglega starfsemi ásamt því að kynna fræðastarf og niðurstöður rannsókna, m.a. úr ritgerðum framhaldsnáms.

Heftið sem félagsmenn fá nú í hendur er því ekki aðeins í nýjum búningi heldur er það af nokkuð annarri gerð. Um ritstjórnarstefnuna má lesa nánar aftast í heftinu ásamt með upplýsingum um kröfur sem gerðar eru til höfunda greina. Einn þáttur í ritstjórnarstefnunni er að virkja félagsmenn til áhrifa og þátttöku í þróun tímaritsins með því að stofna viðfeðmt 20 manna *fagråd* sem endurspeglar breidd fagsins og sérfræðisvið þess. Hlutverk fagráðs er að tryggja að

þessi breidd komi fram í tímaritinu auk þess sem það sé uppspretta hugmynda og bakland fyrir ritstjórn um efnisöflun, ritrýni og annað framlag. Haldnir hafa verið þrír vel heppnaðir hádegisfundir með fagráði og er FÍ þökkud aðstoð og léttar veitingar.

Efniviðurinn sem birtist í þessu hefti sýnir að vettvangur sem þessi er fyllilega tímabær. Mikið og fjölbreytilegt efni hefur streymt að tímaritinu og var ritstjórn vandi á höndum að velja þar úr. Fleiri greinar bárust með ósk um ritrýni en unnt var að taka við og birta. Brá ritstjórn á það ráð að efna til námskeiðs á haustdögum um ritun fræðigreina og var Helga Sól Ólafsdóttir doktorsnemi fengin til kennslunnar. Nokkur hópur sótti námskeiðið og er Helgu þakkað fyrir mikilsvert framlag. Ritstjórn undirbýr nú námskeið um vinnulag við ritrýni til að fjölga í þeim hópi sem komið getur að því ferli.

Að þessu sinni eru birtar fjórar ritrýndar greinar. Þær endurspeglar vel breidd og sérþekkingu í félagsráðgjöf. Í grein Annar G. Haugen er sagt frá rannsókn á ofbeldi og viðbrögðum fagfólks, verkefni sem tengist aðgerðaáætlun ríkistjórnarinnar gegn kynbundnu ofbeldi. Í grein Önnu Dóru Sigurðardóttur er sagt frá fyrstu íslensku rannsókninni um félagslegar og siðferðilegar hliðar nýragjafar. Í grein Erlu Bjargar Sigurðardóttur er kynnt til sögunnar hugmyndin um að velferðarþjónusta og stefnumótun byggist á rannsóknatengdri þekkingu, það sem á erlendum málum er tengt við EBPP (*evidence based policy and practice*), en annars staðar í heftinu er sagt frá tímariti um það efni, *Evidence & Policy*. Í grein Unnar V. Ingólfsdóttur er sagt frá nýstárlegri rannsókn á félagsráðgjöf í félagsþjónustu. Tvær almennar fagfræðilegar greinar eru í heftinu, önnur um hópavinnu, sögulega stöðu hennar í félagsráðgjöf og gildi hennar fyrir samfélag á tímamótum og hin um notkun staðlaðra matstækja við þjónustumat aldraðra. Þá eru fréttir af sérsviðum, kynningar á bókum og tímaritum og sú nýjung að birta umfjöllun um brennandi málefni á sviði fagsins.

Félagsmenn eru hvattir til að láta í sér heyra til FÍ um kost og löst á þessu nýja sniði *Tímarits félagsráðgjafa*, koma með hugmyndir og ábendingar og láta vita um áhuga á að leggja tímaritinu lið.

Ritstjórn er þakkað öflugt samstarf, fagráði og ritrýnum fyrir sinn skerf og stjórn FÍ fyrir hvatningu og framlag við að gera tímaritið sem best úr garði.

*Sigrún Júlíusdóttir, ritstjóri*



# Stefnumótun í félagsþjónustu byggð á sannreyndri þekkingu

Erla Björg Sigurðardóttir, félagsráðgjafi MA, PhD nemi



Norges Teknisk – Naturvitenskapelige Universitet (NTNU)

Fakultet for samfunnsvitenskap og teknologiledelse Institutt for sosialt arbeid og helsevitenskap

## Útdráttur

Greinin fjallar um opinbera stefnumótun og starfsemi sem byggð er á sannreyndri þekkingu. Á liðnum árum hafa stjórnvöld víða á Vesturlöndum lagt áherslu á að beita bestu aðferðum sem völ er á hverju sinni og á sem hagkvæmasta hátt til þess að jákvæð áhrif opinberrar þjónustu séu sem mest fyrir þá sem þiggja hana. Á sviði félagsráðgjafar hafa menn nýtt sér niðurstöður rannsókna í takmörkuðum mæli og mjög skortir samræmi milli þess sem rannsóknir hafa leitt í ljós og þess sem beitt er í raun í stefnu, stjórnun og starfsemi á vettvangi. Undanfarin ár hefur ný leið til nálgunar, sannreynd starfsemi (evidence based practice) sett vaxandi svip á störf félagsráðgjafa en það getur fært þjónustu á vettvangi og rannsóknir nær hvort öðru. Margir félagsráðgjafar efast þó um að sannreynd starfsemi sé rétta leiðin til að styrkja þekkingargrundvöll í greininni en áriðandi sé að hann nærast á ólíkum uppsprettum samhliða rannsóknum. Þegar sannreynd starfsemi er tekin upp í félagsþjónustu er nauðsynlegt að breyta verklagi varðandi framkvæmd þjónustu, skipulag og stjórnun til samræmis við það sem ætlunin er að innleiða. Rannsóknir sýna að ríkjandi siðir og tregða í skipulagi og starfi stofnana eru algengar hindranir þegar ætlunin er að innleiða sannreynda starfsemi í félagsþjónustu og annarri opinberri þjónustu. Á síðastliðnum áratug hafa rannsóknir fengið aukið vægi við opinbera stefnumótun, þróun aðferða og við eflingu félagslegra úrræða á Íslandi.

**Lykilorð:** Sannreynd stefnumótun, sannreynd starfsemi, sannreynd þekking, félagsþjónusta, þrepakerfi rannsókna.

## Abstract

This article discusses evidence based public policy and practice. Many Western governments have emphasized the importance of using the best methods that have the most favorable effects for users of public services in the most cost effective way. Research findings are underutilized in social work and there is a gap between what we have learned from research and what is used in practice. In recent years social work has been under the influence of a new framework, Evidence Based Practice, which can bridge the gap and bring practice and research closer together. Many social workers have doubts about whether Evidence Based Practice is the right approach to strengthen the knowledge base of the profession and argue that the knowledge base must be built on

multiple sources. In implementing Evidence Based Practice in social services, it is necessary to change the procedures in which services are practiced, structured and managed in line with what is being implemented. Research findings show that organizational barriers are commonly present in implementation of Evidence Based Practice in social services and other public services. In the last 10 years research has played an increasing role in public policy, in developing interventions and in improving social services in Iceland.

**Keywords:** Evidence based policy, evidence based practice, evidence based knowledge, social services, hierarchy of research.

## Opinber stefnumótun grundvölluð á sannreyndri þekkingu

Á liðnum árum hafa stjórnvöld víða á Vesturlöndum lagt vaxandi áherslu á árangur og hagkvæmni í opinberri þjónustu. Í þeirri viðleitni hefur athygli manna á þekkingu og niðurstöðum rannsókna beinst bæði að stefnumótun og starfsemi á vettvangi. Ekki eru allir á einu máli um það hve vel þessi tvö svið tengjast, en á undanförunum árum hefur áhugi aukist á því að grundvalla opinbera stefnumótun og starfsemi á vettvangi á sannreyndri þekkingu (*evidence based policy and practice*). Þeir sem fylgja þessu viðhorfi að málum telja að sannreynd þekking hjálpi þeim aðilum sem starfa að stefnumótun við að taka vel upplýstar ákvarðanir um stefnu, þróun og framkvæmd úrræða (Davies, 2004).

Þessi aukni áhugi kemur m.a. fram í stofnun samtakanna Cochrane Collaboration árið 1994 og Campbell Collaboration árið 2000. Campbell-samtökin beina sjónum að gæðamati í félagsvísindum á sviði félagsráðgjafar, réttarkerfis og uppeldismála, en fyrirmynd þeirra eru Cochrane-samtökin sem vinna á sama hátt á sviði heilbrigðisvísinda. Meginhlutverk Campbell-stofnunarinnar er að hafa eftirlit með gæðum og veita aðhald ásamt því að hvetja til vísindalegra vinnubragna, þróa og kynna skipuleg heildar-



yfirlit um gæði og gagnsemi félagsþjónustu og íhlutunar. Samtökin skapa þannig kerfisbundin tengsl á milli rannsókna og beitingar þeirra í ákveðnum aðgerðum og vinnubrögðum á vettvangi (sjá nánar vefsíðuna [www.campbellcollaboration.org](http://www.campbellcollaboration.org)) (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2004).

Ýmislegt bendir til þess að sérfræðingar á sviði opinberrar þjónustu séu sér meðvitaðri og hafi meiri áhuga en áður á mikilvægi stefnumótunar byggðri á sannreyndri þekkingu, og kemur það fram í vaxandi umfjöllun fræðimanna um efnið. Aukið frumkvæði þeirra sem standa að stefnumótun við að nota sannreynda þekkingu við mótun opinberrar stefnu er þó enn eindregnari vísbending í þessa átt (Guðmundsson, Jónsdóttir og Júlíusdóttir, 2010). Að baki þessari þróun liggur ýmist sterkari gagnsemishyggja en áður, eða aukin meðvitund um ábyrgð viðkomandi aðila á því hvernig fé úr opinberum sjóðum skuli ráðstafað til þjónustuþega (Davies, 2004; Rosen, 2003). Verkefnið *NORFACE Seminar Series on Evidence and Policy* er evrópskt þróunar- og samstarfsverkefni um eflingu þessarar hugmyndafræði og er afrakstur þess starfs að finna í nýju þemahefti tímaritsins *Evidence & Policy*.

### Sannreynd starfsemi

Síðustu ár hefur hugmyndin um sannreynda starfsemi verið mjög til umfjöllunar meðal félagsráðgjafa um allan heim. Lítið hefur þó farið fyrir henni hér á landi, en umræða af þessu tagi er mikilvæg þar sem hún lýtur að tengslum fræða og fags innan félagsráðgjafar. Skipuleg rýni sýnir að niðurstöður rannsókna eru vannýttar innan félagsráðgjafar og bil er á milli þess hvað rannsóknir hafa leitt í ljós og hvað menn nota í raun og veru við stefnumörkun, stjórnun og önnur störf sín. Þetta bil er vel þekkt og varðar ekki eingöngu félagsráðgjöf heldur einnig aðra opinbera þjónustu (Johnson og Austin, 2005; Mullen, Bledsoe og Bellamy, 2008; Rosen, 2003).

Samkvæmt Mullen o.fl. (2008) er sannreynd starfsemi ný leið til nálgunar sem bæði hefur haft mikil áhrif á félagsráðgjöf á undanförunum árum og getur brúað bilið milli rannsókna og starfsemi á vettvangi. Sannreynd starfsemi hefur haft mikil áhrif meðal heilbrigðisstétta víða á Vesturlöndum og er þróunin lengst á veg komin í Bandaríkjunum. Innan félagsráðgjafar er þróun skýrust í Bretlandi og Ástralíu, en veikust í Bandaríkjunum (Gilgun, 2005). Sannreynd starfsemi á sér rætur í læknisfræði þar sem henni var beitt við þjálfun lækna til að

kenna þeim matsaðferðir á gagnrýninn hátt. Markmiðið var að auka hæfni þeirra til að byggja ákvarðanir sínar á vísindalegum grundvelli með því að beita sannreyndri starfsemi í læknisfræði (*evidence based medicine* (EBM)). EBM var fyrst lýst í grein í tímariti Bandaríska læknafélagsins árið 1992 sem rituð var af sérfræðingum við McMaster University í Ontario Kanada (Gilgun, 2005; McNeece og Thyer, 2004; Mullen o.fl., 2008).

Margar skilgreiningar eru til á sannreyndri starfsemi en umfjöllunarefni þessarar greinar byggist á eftirfarandi skilgreiningu sem er grundvölluð á EBM: „...*evidence based practice is the integration of the best research evidence with clinical expertise and client values in making practice decisions...*“ (McNeece og Thyer, 2004, bls. 9). Samkvæmt Gibbs og Gambrell (2002) felur sannreynd starfsemi í sér eftirfarandi fimm þrep:

1. Breyta upplýsingaþörfum í svaranlegar spurningar.
2. Finna bestu fáanlegar rannsóknir til að svara þeim spurningum.
3. Meta á gagnrýninn hátt vísindalegt gildi og gagnsemi rannsóknanna.
4. Samhæfa matið faglegru sérfræðiþekkingu sinni, siðferði gagnvart skjólstæðingum og aðstæðum þeirra. Nota það síðan við ákvarðanir í starfi.
5. Meta útkomu með því að nota einsaga ferilathugun sé það ákjósanlegt.

Samkvæmt fylgjendum þessarar nálgunar er sannreynd starfsemi tæki í starfi félagsráðgjafa til að taka ákvarðanir um það hvernig best sé að skilja þarfir skjólstæðinga og bregðast við þeim. Ennfremur er lögð áhersla á það að samkvæmt siðareglum félagsráðgjafa beri þeim að beita bestu þekkingu í vinnu sinni með skjólstæðingum varðandi það hvaða úrræði eigi best við í hverju tilfalli, þ.e. hvað skjólstæðingnum gagnast best. Í því sambandi skiptir miklu máli að félagsráðgjafar hafi færni til að rýna í rannsóknir á gagnrýninn hátt og meta þær útfrá gæðum. Ef sú færni er ekki til staðar er hætt við að viðkomandi geti ekki metið hvaða rannsóknir séu nothæfar eða þróa með sér það viðhorf að öllum rannsóknum megi í raun hafna. Slíkt er auðvitað ekki í samræmi við siðareglur félagsráðgjafa. Að þróa færni í sannreyndri starfsemi krefst getu til að nota jöfnum höndum þekkingu byggða á rannsóknum og þekkingu byggða á reynslu í starfi (Walker, Briggs, Koroloff og Friesen, 2007).

Mikill ágreiningur ríkir á milli þeirra sem aðhyllast sannreynda starfsemi út frá áður nefndri skilgreiningu og þeirra sem eru andvígir henni. Þessum ágreiningi verða gerð nánari skil síðar í greininni.

### Þrepakerfi rannsókna

Ólíkar skoðanir eru á því hvaða upplýsingar eru taldar eiga best við í sannreynndri starfsemi, en krafist er bestu fánlegra rannsókna í hverju tilfelli fyrir sig. Niðurstöður rannsókna eru flokkaðar eftir gæðum samkvæmt þrepakerfi sem er stigskipt eftir rannsóknarsniði; skipuleg rýni, eftirgreining, tilviljanaúrtakskannanir á samanburðargrunni, samhangandi árgangarannsóknir, viðmiðunarhópsrannsóknir, þversniðsrannsóknir og ferilsathugun. Tilviljanaúrtakskannanir á samanburðargrunni eru álitnar áreiðanlegustu rannsóknirnar, þær valda minnstri skekkju í niðurstöðum og hafa svokallaðan „gullstandard“ varðandi gæði niðurstaðna. Af siðferðilegum ástæðum og vegna eðlis íhlutunar er ekki alltaf hægt að beita slíkri aðferð. Þar af leiðandi skortir rannsóknarupplýsingar varðandi sum úrræði sem félagsráðgjafar og fleiri fagaðilar í opinberri þjónustu veita (Johnson og Austin, 2005; Mullen o.fl., 2008; Sigrún Júlíusdóttir, Gísli Á. Eggertsson og Guðrún Reykdal, 2004).

Margar mikilvægar gerðir rannsókna, sem eru sérstaklega áberandi fyrir mat á þjónustu við börn og fjölskyldur, eru ekki taldar með í þrepakerfi rannsóknaraðferða. Þar má nefna viðmiðunarreglur, efnahags- og ákvarðanagreiningar, eigindlegar rannsóknir og ýmsar matsrannsóknir. Viðfangsefnið eru fjölmörg og ólík og því er nauðsynlegt að hægt sé að velja á milli rannsóknarsniða af margvíslegu tagi þegar unnið er að rannsóknnum sem eiga að gagnast þjónustu við börn og fjölskyldur (Johnson og Austin, 2005).

### Þrepakerfi þekkingar frá sjónarhorni þjónustu á vettvangi

Árið 2001 settu Bretar á laggirnar stofnun sem hefur það verkefni að þróa þekkingu um bestu fánlega félagsþjónustu og útbreiðslu hennar, Social Care Institute for Excellence (SCIE) (Smith, 2004). Sérfræðingar SCIE hafa skilgreint þekkingu sem reynsla skjólstaðinga félagsþjónustu og starfsmanna hennar hefur kennt þeim. Út frá þeirri skilgreiningu hefur Pawson (2003) lagt til eftirfarandi þrepakerfi þekkingar frá sjónarhorni þjónustu á vettvangi:

- 1. Þekking skjólstaðinga og starfsmanna.** Átt er við að skjólstaðingar og starfsmenn félagsþjónustu búi oft yfir ósagðri og vanmetinni þekkingu sem fengin er með reynslu af þjónustu og mati á margs konar íhlutun.
- 2. Starfsmannaþekking.** Starfsmenn öðlast svokallaða reynsluþekkingu sem er viðurkennd og oft deilt óformlega meðal starfsfélaga. Þekking sem byggð er á síendurtekinni reynslu þeirra í samskiptum við skjólstaðinga sem hafa líkan bakgrunn og vandamál. Einnig á það við um þekkingu á því hvernig stofnanir starfa til að veita þjónustu eða hindra að þjónusta sé veitt.
- 3. Stofnanaþekking.** Þekking sem oft er safnað saman í formi áætlana og ferlahandbóka. Einnig ársskýrslur sem fela í sér stjórnunarlegar upplýsingar sem gera grein fyrir fjölda skjólstaðinga sem fá þjónustu, árangri af þjónustu og kostnaði vegna hennar.
- 4. Þekking í formi stefnumörkunar.** Þekking sem oft birtist í lögskýringum, greinargerðum um hugmyndafræði, dómsúrskurðum, tæknilegum skýrslum og fræðiritum frá rannsóknarstofnunum.
- 5. Rannsóknþekking.** Þekking sem oft kemur frá vísindalegum rannsóknum sem beita fjölda megindlegra og eigindlegra aðferða.

Ef haft er í huga bæði þrepakerfi rannsókna og þrepakerfi frá sjónarhorni þjónustu á vettvangi, er fróðlegt að velja fyrir sér mögulegri þróun á rannsóknaraðferðum til að bæta félagsþjónustu (Johnson og Austin, 2005; Pawson o.fl., 2003).

### Efasemdir um sannreynda starfsemi

Undanfarin ár hefur sannreynnd starfsemi verið ágreiningsefni meðal félagsráðgjafa, en margir þeirra efast um að hún svari þeim áskorunum sem felast í starfi á vettvangi. Sannreynnd starfsemi hefur verið gagnrýnd fyrir það að vera grundvölluð á aðferðafræði raunvísinda, þ.e. hlutlausum mælingarkerfum en skorti aðferðir til að rannsaka áhrif fjölbreyttrar íhlutunar innan félagsráðgjafar. Rannsóknaraðferðir raunvísinda og krafa um tilviljanaúrtakskannanir á samanburðargrunni sem „gullstandard“ henti sjaldan og að rannsóknir sem byggjast á þessum viðmiðum fangi ekki það ferli sem á sér stað í vinnu félagsráðgjafa í beinum samskiptum hans við skjólstaðinga. Slíkar rannsóknaraðferðir fangi heldur ekki þau áhrif og það vægi sem tilfinningar, viðhorf,

mat og dómgreind hafa í vinnu félagsráðgjafa með skjólstæðingum. Félagslegir þættir eru oft svo flóknir að erfitt er að greina á milli hvort það er íhlutunin sem slík, fagmaðurinn sem stýrir henni eða aðrir samverkandi félagslegir þættir í umhverfi viðkomandi sem hafa áhrif (Jordan, 2000; Payne, 2005).

Þá telja gagnrýnendur að gæðapróun starfs á vettvangi verði að eiga sér upptök í starfinu sjálfu. Sannreynd starfsemi geti hreinlega hindrað rannsakendur og fagfólk á vettvangi við að koma auga á aðrar leiðir til að takast á við starfið. Sannreynd starfsemi skaði sveigjanleikann sem meðferðarsamband, skilningur og mat fela í sér (Jordan, 2000; Payne, 2005).

Því hefur verið haldið fram að sannreyndri starfsemi sé þvingað upp á fagsviðið af utanaðkomandi aðilum sem taka ekki tillit til faglegra þátta. Þar er átt við að aukin krafa um hagkvæmnisjónarmið og árangursmælingar hafi leitt til þess að stjórnvöld og fjármögnunaraðilar aðhyllist sannreynda starfsemi. Starf félagsráðgjafa verði þannig undir stjórn þar sem markmiðið er takmörkun á útgjöldum og dregið er úr sveigjanleika í vinnu með skjólstæðingum. Afleiðing þessa sé síðan markaðshugsun þar sem íhlutun og félagsþjónusta er veitt út frá staðlaðri framleiðsluhugsun og hópar með ákveðnar greiningar gerðir að markaðsvöru. Þeir aðilar sem láta í ljósi efasemdir í þessa veru tengja sannreynda starfsemi gjarnan við nýfrjálshyggju (Jordan, 2000; Webb, 2006).

Samkvæmt Pease (Allan, o.fl., 2009), sem er talsmaður gagnrýninnna kenninga í félagsráðgjöf, er lítið um tillögur um aðra valkosti við sannreynda starfsemi til að styrkja þekkingargrundvöll fagsins. Pease telur áriðandi að þekkingargrundvöllur félagsráðgjafar sé byggður á fjölbreyttum uppsprettum ef þau markmið hennar að stuðla að félagslegum umbreytingum eigi að nást. Tillaga hans felur í sér gagnrýnar kenningar, eigindlegar og megindlegar rannsóknaradferðir, reynsluþekkingu, gagnrýna endurskoðun á starfsemi, gildi sem felur í sér félagslegt réttlæti og þekkingu sem byggist á reynslu skjólstæðinga (Allan o.fl., 2009).

### Sannreynd starfsemi í félagsþjónustu

Mikill hluti félagsráðgjafa starfar í félagsþjónustu, en víða á Vesturlöndum, þar á meðal á Íslandi og öðrum Norðurlöndum, hefur verið lögð á það áhersla undanfarin ár að auka gæði þjónustunnar. Ekki er ætlunin að fjalla ítarlega um þennan þátt, heldur látið nægja að kynna í stuttu máli áhugaverðar áherslur sem varða tengsl fræða og fags í Noregi og Bretlandi.

Árið 2006 var stofnað til samstarfs milli félagsþjónustu og háskóla í fimm sveitarfélögum í Noregi í því skyni að efla samvinnu milli félagsþjónustu, atvinnumiðlunar, heilsugæslu, rannsókna, kennslu og skjólstæðinga. Samstarfið stendur í fimm ár og ber heitið HUSK (Høgskole og universitetssosialkontor). Með því er m.a. lögð áhersla á að tengja betur fræði og fag í félagsráðgjöf til að auka gæði félagsþjónustu (Marthinsen og Skjefstad, 2007). Það verður áhugavert að fylgjast með árangri af þessu samstarfi í framtíðinni, þ.e. hvort um framhald verður að ræða og hver afraksturinn verði.

Áðurnefnt SCIE í Bretlandi hefur gefið út leiðbeiningar um innleiðingu sannreyndrar starfsemi í félagsþjónustu þar í landi. Hér verður ekki gerð grein fyrir þeim í heild, en í skýrslu Marsh, Fisher, Mathers og Fish (2005) koma m.a. fram sex meginrök fyrir þörf á bestu fánlegum niðurstöðum rannsókna innan félagsþjónustu:

1. Fagfólk í félagsþjónustu þarf oft með litlum fyrirvara að taka ákvarðanir sem hafa mikil áhrif á líf skjólstæðinganna. Slíkar ákvarðanir eru t.d. þegar þörf er á úrræðum til að breyta aðstæðum skjólstæðinga og starfsmanna strax (t.d. í barnavernd). Sérstaklega er mikilvægt að hafa vel upplýsta starfsmenn varðandi skjótar úrbætur fyrir þá sem eiga erfiðast og eru jafnvel í neyð.
2. Í félagsþjónustu eru teknar ákvarðanir sem varða breytingar til langs tíma fyrir skjólstæðinga og starfsmenn (t.d. börn í fóstri eða starfsmenn á því sviði). Ákvarðanir sem teknar eru á nokkrum vikum og mánuðum munu t.d. hafa áhrif á menntun barna í vistun, sem síðan hafa grundvallaráhrif á möguleika þeirra í framtíðinni.
3. Bestu fánlegar niðurstöður rannsókna hvetja til endurmats á grundvallarályktunum um félagsþjónustu sem getur orðið til mikilla bóta fyrir skjólstæðinga og starfsmenn. Sem dæmi má nefna rannsóknir í heilbrigðisþjónustu sem hafa sýnt fram á yfirburði þess að þróa notendastýrð úrræði þar sem langveikir stjórna sjálfir þeirri þjónustu sem þeir fá.
4. Mikilvægt er að setja fram viðmiðunarreglur sem byggjast á bestu fánlegri þekkingu svo komast megri hjá því að taka skyndiákvæðanir. Á umfangsmiklum sviðum félagsþjónustu hefur fagfólk mikil völd sem lúta að ákvörðunum varðandi mikilvæg atriði í lífi fólks.





5. Almennitur á auðveldara með að taka þátt í raunhæfni umræðu um þjónustu ef bestu fáanlegar niðurstöður rannsókna sem varða þjónustuna eru aðgengilegar.
6. Notendastýrð þjónusta krefst þess að bestu fáanlegar niðurstöður rannsókna séu aðgengilegar fyrir þjónustunotanda og starfsfólk í þjónustu.

### Hindranir í innleiðingu sannreyntrar starfsemi og leiðir til að komast yfir þær

Í rannsókn á innleiðingu sannreyntrar starfsemi í félagsþjónustu í Hampshire í Bretlandi árið 1999 voru greindar hindranir á vettvangi stofnana. Fram kom að hindranirnar eru af stjórnskipulegu tagi, í vinnuumhverfi og námsaðstöðu starfsmanna. Stjórnskipuleg hindrun felst í því að í menningu stofnunarinnar er lítil hefð fyrir slíku starfi og væntingar litlar um að sannreynd starfsemi sé notuð til að skipuleggja og styrkja verklag. Hindranir eru hjá þeim einstaklingum sem eiga að ýta framkvæmdinni áfram og almennir starfsmenn telja hana algerlega vera verkefni þeirra sem sjá um stjórnun, en að hún sé sameiginlega á ábyrgð allra. Áhættufælni dregur úr því að brugðist sé jákvætt við nýjum hugmyndum. Hindranir í vinnuaðstöðu starfsmanna koma fram í vinnuálagi og skorti á tíma sem dregur úr líkum á því að starfsmenn afli sér viðeigandi þekkingar til að endurmeta verkefni eða framkvæmd. Slíkt vinnuumhverfi býður ekki upp á góða verkferla til að deila bestu aðferðum með öðrum í stofnuninni. Oft virðist sannreynd starfsemi ekki vera á auðskiljanlegu formi sem gerir ráð fyrir að auðvelt sé að breyta stefnu og framkvæmd (Johnson og Austin, 2005; Mullen o.fl., 2008).

Samkvæmt Gray (2001) er það grundvallaratriði þegar innleiða skal sannreynnda starfsemi að framkvæmd hennar varði tvo nátengda þætti, þ.e. þjálfun starfsfólks í að beita nýju aðferðinni og þróun menningar innan stofnunarinnar sem felur í sér stuðning við innleiðinguna (Mullen o.fl., 2008). Breytingar verða bæði að eiga sér stað í hinu smáa (*micro*) og stóra (*macro*). Frá sjónarhorni hins smáa (*micro plan*) sem liggur „að neðan og upp“ verða breytingar á vinnulagi og hegðun starfsmanna, en frá sjónarhorni hins stóra (*macro plan*) sem liggur „að ofan og niður“ er um að ræða breytingar á lykiláætlunum stofnunarinnar. Skipulagsaðferðir, sem geta falið í sér þessa tvenns konar nálgun, beina athyglinni að því kerfi og þeim aðstæðum sem starfsmenn starfa við. Þessi aðferð bægir frá þeim hindrunum sem áður eru nefndar með nýjum leiðum út frá endurgerðum áætlunum

sem lúta að daglegum venjum, starfsemi, menningu og hegðun. Með þessu er séð fyrir stuðningi við þá formgerð sem er nauðsynleg til að hægt sé að beita sannreyntri starfsemi (Johnson og Austin, 2005; Mullen o.fl., 2008).

### Leiðir til að komast yfir hindranir frá sjónarhorni hins smáa

Rannsóknir sem beinast að sjónarhorni hins smáa (*micro*) á áhrifum ýmissa útbreiðslu- og framkvæmda-áætlana innan heilbrigðisþjónustu sýna nokkra þætti sem skila drjúgum áhrifum til að ná fram breytingum hvað varðar hegðun starfsmanna. Samkvæmt Johnson og Austin (2005) eru áhrifin mismikil, ýmist skila þau stöðugum áhrifum, hafa blönduð áhrif eða lítil sem engin.

1. **Stöðug áhrif.** Menntun og endurmenntun ásamt margþættum íhlutunum sem fela í sér sambland tveggja eða fleiri eftirfarandi þátta: endurskoðun og rýni, hvatningu, samstöðu á vinnustað og markaðssetningu. Einnig gagnvirkir fræðslu- og vinnufundir sem innihalda umræður eða verkefni með þátttöku starfsfólks.
2. **Blönduð áhrif.** Sérhver samantekt á verklegri framkvæmd. Starfsmenn sem eru tilnefndir af starfsfélögum sínum og eru áhrifamiklir fræðimenn eru fengnir til að ná fram samstöðu á vinnustað. Samstaða meðal starfsmanna um hvaða vanda í starfseminni þurfi að laga og að aðferðin við að ná tökum á vandanum sé viðeigandi. Breytingar á starfsháttum út frá sérstökum upplýsingum sem eru sóttar til skjólstaðinga.
3. **Lítill eða engin áhrif.** Fræðslufni, sem t.d. er dreift á prenti, með rafrænum hætti, á myndbandi eða kynnt í fyrirlestrum án frekari umræðu, hefur lítil eða engin áhrif á innleiðingu sannreyntrar starfsemi.

Þegar velja skal aðgerðir til að ná fram breytingum þarf m.a. að taka tillit til þess hversu vel stofnana-tengdar hindranir eru þekktar og hve vel starfsmenn eru undir það búnir að mæta breytingum (Johnson og Austin, 2005; Mullen o.fl., 2008).

### Leiðir til að komast yfir hindranir frá sjónarhorni hins stóra

Í rannsókn Barratt (2003) á innleiðingu sannreyntrar starfsemi í barnavernd í Bretlandi kom fram að það þykir mikilvægt að innan stofnunar sé sameiginlegur

skilningur á því hvað sannreynd starfsemi er svo hlúa megi að stöðugri umræðu um eðli hennar og gildi. Fyrr er ekki hægt að ætlast til að starfsmenn geti á árangursríkan hátt tekist á við það að innleiða slíka starfsemi, hvort sem það er á stjórnunarstigi eða meðal almennra starfsmanna. Það þarf virka samræmda forystu yfirmanna til að styðja frekari og stöðuga beitingu sannreyntrar starfsemi í allri stofnuninni (Johnson og Austin, 2005). Samkvæmt Sackett, Straus, Richardson, Rosenberg og Haynes (1997) kallar það á sterka samstöðu að innleiða sannreynnda starfsemi, og það ferli er í sjó skrefum:

1. Vera áhugasamur um að koma á starfi sem byggist á sannreyntri starfsemi.
2. Breyta þörf fyrir upplýsingar í spurningar.
3. Rekja af skilvirkni bestu rannsóknarniðurstöður til að svara spurningum.
4. Gagnrýnið mat á rannsóknarniðurstöðum um gildi og gagnsemi.
5. Koma niðurstöðum í framkvæmd.
6. Meta árangur framkvæmdarinnar.
7. Kenna öðrum það sama og lærst hefur í ferlinu.

Það gengur best að innleiða sannreynnda starfsemi hjá stofnunum þar sem stuðningur er við hana á hverju stigi ferlisins. Fjölbættar og víðtækar aðgerðir verða að koma til þar sem stofnunin og háskólar vinna saman að því að safna gögnum sem styðja notkun sannreyntrar starfsemi. Þjálfun starfsfólks í að beita aðferðum hennar skal fara fram á vinnustað og/eða í öðru sérstöku umhverfi (Johnson og Austin, 2005; Mullen o.fl., 2008).

### Sannreynd þekking í stefnumótun og starfsemi í félagsþjónustu á Íslandi

Á sl. tíu árum hafa rannsóknir fengið aukið vægi við opinbera stefnumótun og þróun félagslegra úrræða á Íslandi. Þess á sér stað á sviði barnaverndar, öldrunarþjónustu, fjölskylduréttar, þjónustu við fatlaða, innflytjendur og hvað varðar úrræði í tengslum við atvinnuleysi og nýsköpun í atvinnumálum. Stjórnvöld hafa átt frumkvæði að rannsóknum og lagt fram beiðni um að rannsóknir séu gerðar til að afla þekkingar þegar kemur að því að marka stefnu og semja lög. Áhrif rannsókna koma einnig fram í stofnun samtaka sem tengjast rannsóknum og má þar nefna samtökin ÍSFORSA sem voru stofnað árið 2002 svo og norrænt samstarf, en fulltrúi Íslands hefur átt sæti í stjórn Nordic Campbell Centre frá stofnun þess.

Rannsóknastarf við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands (HÍ) hefur verið eflt með því að þrjú stöðugildi voru kostuð af aðilum á vettvangi (Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, Heilbrigðisráðuneytinu og Reykjavíkurborg Rauða kross Íslands) til þess að byggja upp ný kennslu- og rannsóknasvið. Árið 2006 kom félagsráðgjafardeild á fót Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) á grundvelli samstarfssamnings við sex aðila af vettvangi. Háskóli Íslands, Velferðarsvið Reykjavíkur (áður Félagsþjónustan í Reykjavík) og Félags- og tryggingamálaráðuneytið (áður Félagsmálaráðuneytið) áttu samstarf um framlag Íslands til Campbell-starfsins árið 2004, en það var liður í því að efla markvissara gæðaeftirlit rannsókna sem lagðar eru til grundvallar í félagslegri stefnumörkun og þróun úrræða. Því næst var hafist handa við að vinna grunn að skráningu íslenskra rannsókna fyrir Nordic Registry. Sú stefna sem hér er rakin byggist á hugmyndafræði stefnumótunar og starfsemi byggðri á sannreyntri þekkingu um að brúa bilið milli rannsókna og vettvangs og tryggja þannig gæði og árangur þjónustu á vettvangi (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2009).

Hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur síðustu 15–20 árin verið lögð áhersla á rannsóknir og mikilvægi rannsókna við stefnumörkun, þróun nýrrar þjónustu og endurbætur í þeim efnum. Þetta felur í sér gæðamat, eftirfylgd þjónustu, matsrannsóknir, gagnasöfnun, uppbyggingu upplýsingakerfis, notkun matstækja og tölfræði við stefnumótun og þjónustu. Velferðarsvið Reykjavíkur hefur eins og áður var lýst átt margvíslegt samstarf við félagsráðgjafardeild HÍ bæði með því að eiga frumkvæði og vinna verkefni, en einnig við miðlun þekkingar með gestafyrirlisurum, ráðstefnum og útgáfu (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2009).

### Niðurlag

Í þessari grein hefur verið gerð grein fyrir áherslum í skrifum fjölmargra fræðimanna á alþjóðavettvangi um sannreynnda starfsemi en mikil þörf er á frekari umræðu um sannreynnda starfsemi í félagsráðgjöf á Íslandi og að sambandinu milli rannsókna og starfsemi á vettvangi sé gefinn meiri gaumur. Þróun starfsemi á vettvangi byggist á nánnum tengslum þessara tveggja þátta. Þess ber einnig að gæta að áriðandi er að þekkingargrundvöllur fagsins sé byggður á fjölbreyttum uppsprettum ef markmiði félagsráðgjafar um að stuðla að félagslegum umbótum á að vera fullnægt (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).



Eins og áður var nefnt eiga rannsóknaraðferðir raunvísinda oft ekki við í rannsóknum á félagslegum úrræðum og íhlutun félagsráðgjafa og því erfitt að uppfylla kröfu um „gullstandard“ varðandi gæði niðurstaðna. Því er mikilvægt að þróa nýjar rannsóknaraðferðir innan félagsráðgjafar sem uppfylla gæðaviðmið og fanga áhrif íhlutunar félagsráðgjafa. Samþætting eigindlegra og megindlegra aðferða er æskileg og varasamt að einblína eingöngu á eigindlegar aðferðir. Þó að þær séu oft betur fallnar en megindlegar rannsóknir til að kanna félagsleg úrræði og íhlutun félagsráðgjafa, þá er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum þeirra (Neuman, 2003).

Samkvæmt hugmyndafræði um sannreynda þekkingu í stefnumótun og starfsemi er lögð áhersla á tengsl rannsókna, stefnumótunar og þjónustu sem síðan er ætlað að efla gæði og skilvirkni í félagsþjónustu. Félagsráðgjafar geta með rannsóknum sínum upplýst þá sem standa að stefnumótun, bæði stjórnáráðgjafar og embættismenn á sviði velferðamála. Á Íslandi hefur menntun félagsráðgjafa verið aukin og krafist er meistaraprófs til starfsréttinda í greininni við HÍ. Samfara þessu skrefi er brýnt að efla háskólarannsóknir með stóruáhrifum samvinnu við vettvang. Á það sérstaklega við matsrannsóknir á úrræðum í félagsþjónustu og barnavernd, því að varla er hægt að efla úrræði án þess að fyrir liggi vísindalegt mat á þeim. HUSK í Noregi sem áður var nefnt er að mínu mati góð fyrirmynd að samstarfi þjónustuaðila á vettvangi og vísindamanna í háskóla. Slík samvinna krefst þess að kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum landsins og á Alþingi veiti slíku starfi brautargengi með fjármagni. Í ljósi þess efnahagsástands sem nú ríkir á Íslandi er ef til vill ekki auðvelt að fjármagna slíka vinnu, enda gerir hún kröfur um mikinn mannafla og tíma. Reyndar má það teljast ábyrgðarleysi að veita ekki fjármunum í slíkt starf einmitt nú þegar niðurskurður og sparnaðaraðgerðir hins opinbera bitna harðast á þeim sem hafa alla jafna minnst úr að spila.

Það er verkefni félagsráðgjafa að standa sjálfir að því að auka eigin tiltrú á starfi sínu og gagnvart skjólstaðingum, öðru fagfólki og almenningi. Félagsráðgjafafélag Íslands hefur verkefni að vinna hvað þetta varðar með því að efla ábyrgðarkennd og samkennd meðal félaganna. Betri þjónusta félagsráðgjafa við skjólstaðinga sína eflir traust og virðingu stjórnvalda og almennings fyrir stétt þeirra og því sviði sem þeir starfa á. Aukin rannsóknarstarfsemi innan félagsráðgjafar er tæki og tækifæri fyrir félagsráðgjafa til að efla árangur og styrkja þannig ímynd sína í faglegu tilliti.

## Heimildir

- Allan, J., Briskman, L. og Pease, B. (2009). *Critical social work: Theories and practices for a socially just world* (2. útg.). Crows Nest: Allen & Unwin.
- Barratt, M. (2003). Organizational support for evidence-based practice within child and family social work: A collaborative study. *Child and Family Social Work*, 8, 143–150.
- Davies, P. (2004). *Is evidence-based government possible?* Jerry Lee Lecture, Paper presented at the 4th Annual Campbell Collaboration Colloquium, Washington D.C. 19 February.
- Gibbs, L. og Gambrill, E. (2002). Evidence-based practice: Counterarguments to objections. *Research on Social Work Practice*, 12(3), 452–476.
- Gilgun, J.F. (2005). The four cornerstones of evidence-based practice in social work. *Research on Social Work Practice*, 15(1), 52–61.
- Gray, J.A.M. (2001). *Evidence-based healthcare* (2. útg.). New York: Churchill Livingstone.
- Guðmundsson, H.S., Jónsdóttir, S. & Júlíusdóttir, S. (2010). Evidence-based policy and practice in social services in Iceland. *Evidence & Policy. A journal of research, debate and practice*, 6(2), 195–211.
- Johnson, M. og Austin, M. (2005). *Evidence-based practice in the social services: Implications for organizational change*. Berkeley, CA: School of Social Welfare University of California, Berkeley.
- Jordan, B. (2000). *Social work and the third way: Tough love as social policy*. London: Sage Publications.
- Marsh, P., Fisher, M., Mathers, N. og Fish, S. (2005). *Developing the evidence base for social work and social care practice: Using knowledge in social care*. Report 10. Social Care Institute for Excellence. London: Goldings House.
- Marthinsen, E. og Skjefstad, N. (2007). *Tiltaksarbeid i sosialtjeneste og NAV- tett på!* Oslo: Universitetsforlaget.
- McNeece, C.A. og Thyer, B. (2004). Evidence-based practice and social work. *Journal of Evidence-Based Social Work*, 1(1), 7–23.
- Mullen, E.J., Bledsoe, S.E. og Bellamy, J.L. (2008). Implementing evidence-based social work practice. *Research on Social Work Practice*, 18, 325–338.
- Neuman, W. (2003). *Social research methods: Qualitative and quantitative approaches*. Boston: A and B.
- Nutley, S., Davies, H. og Walter, I. (2008). *Using evidence: How research can inform public service*. Bristol: The Policy Press. University of Bristol.
- Payne, M. (2005). *Teorier i socialt arbejde*. København: Hans Reitzels Forlag.
- Pawson, R. (2003). *Types and quality of knowledge in social care*. London: Social Care Institute for Excellence.
- Rosen, A. (2003). Evidence-based social work practice: Challenges and promise. *Social Work Research*, 27(4), 197–208.
- Sackett, D. L., Straus, S.E., Richardson, W.S., Rosenberg, W. og Haynes, R.B. (1997). *Evidence-based medicine: How to practice and teach EBM* (2. útg.). Edinburgh: Churchill-Livingstone.

- Sigrún Júlíusdóttir, Gísli Á. Eggertsson og Guðrún Reykdal. (2004). Gæðamat í félagsvísindum – sjónarhorn félagsráðgjafar. *Sálfræðiritið, Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 9, 111–125.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Vísindi og vald. *Tímarit félagsráðgjafa*, 1(1), 31–41.
- Sigrún Júlíusdóttir, Halldór Guðmundsson og Sigríður Jónsdóttir. (2009). Vinnuskjal Norface Country specific paper. *NORFACE Seminar Series on Evidence and Policy. March 30, Ireland*.
- Smith, D. (2004). “Introduction: Some version of evidence-based practice”. Í D, Smith (ritstj.), *Social work and evidence-based practice* (bls. 7–27). Research Highlights in Social Work 45. London og Philadelphia: Jessica Kingsley.
- The Campbell Collaboration. (e.d.). Sótt 23. júní 2009 á <http://www.campbellcollaboration.org>.
- Walker, J.S., Briggs, H.E., Koroloff, N. og Friesen, B.J. (2007). Implementing and sustaining evidence-based practice in social work. *Journal of Social Work Education*, 43(3), 361–375.
- Webb, S.A. (2006). *Social work in a risk society: Social and political perspectives*. London: Palgrave Macmillan.



# Félagsráðgjöf í félagsþjónustu sveitarfélaga

Unnur Valgerður Ingólfsdóttir, félagsráðgjafi MA,  
félagsmálastjóri í Mosfellsbæ



## Útdráttur

Félagsþjónusta sveitarfélaga á Íslandi á tímum breytinga. Tilviksathugun á áhrifum lagabreytinga á störf og starfsumhverfi félagsráðgjafa árin 1990–2005.

Breytingarnar eru skoðaðar í ljósi kenninga um félagsráðgjöf og kenninga um stjórnun og skipulagsheildir. Greining var framkvæmd á 541 úrskurði úrskurðarnefndar félagsþjónustu sveitarfélaga og viðtölum við tíu starfsmenn sex sveitarfélaga.

Niðurstöður benda til þess að innleiðing breytinga sem löggin boðuðu hafi verið tilviljanakennd, almenns áhugalessis virðist hafa gætt hjá félagsmálaráðuneyti og fulltrúum sveitarfélaga. Skýrari reglur og vinnubrögð stuðluðu að betri samskiptum starfsmanna við skjólstæðinga, auk þess sem þær juku á kröfu um markvissari og öruggari vinnubrögð.

**Lykilorð:** Félagsráðgjöf, félagsþjónusta sveitarfélaga, tilviksathugun, fagstéttaskrifræði, stjórnun.

## Abstract

Local social services in Iceland in a time of change. A case study research of the influence of the changes of legislation on the social workers from the year 1990 to 2005.

The study is based on theories of social work, management and organizational theories. The Social Services Appeals Committee's decisions in 541 cases were analyzed and ten social workers in six municipalities were interviewed.

Results of the research indicate that implementation of the changes of legislations was haphazard with lack of interest within the Ministry of Social Affairs and by municipal counselors. Better defined regulations helped social workers improve interactions with clients as well as enforcing them to follow more reliable and transparent processes.

**Keywords:** Socialwork, local social service, case study research, professional bureaucracy, management.

## Inngangur

Félagsráðgjöf er fræðigreinin og grunnurinn sem þeir sem mennta sig til starfa í félagsþjónustu sveitarfélaga byggja á. Félagsþjónustunni er ætlað að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir félagsleg vandamál (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991). Félagsráðgjafinn þarf að glíma við flóknar aðstæður, togstreitu milli valds og samúðar, samvisku og löghlýðni. Siðferðis-

grunnur félagsráðgjafar er virðing fyrir skjólstæðingnum og það er staða hans og þarfir sem ákvarða við hvað hjálpin miðast. Rík krafa er um að félagsráðgjafar í félagsþjónustu vinni í samræmi við lög og reglur þar sem stór hluti verkefna þeirra snertir stjórnvaldsákvarðanir. Grein þessi byggir á rannsókn á breytingum á starfsumhverfi starfsmanna félagsþjónustu sveitarfélaga í kjölfar setningar laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og stjórnsvísulaga nr. 37/1993. Spurt var hvaða áhrif breytingarnar höfðu á starfsumhverfi og vinnulag starfsmanna félagsþjónustunnar. Einnig var spurt um hlutverk fulltrúa ríkis, sveitarfélaga og starfsmanna í breytingaferlinu. Breytingarnar eru skoðaðar í ljósi kenninga um félagsráðgjöf og kenninga um stjórnun og skipulagsheildir. Tilviksathugun var beitt við framkvæmd rannsóknarinnar og sá hluti hennar sem gerð verða hér skil er niðurstaða viðtala við tíu starfsmenn sex sveitarfélaga, um viðhorf þeirra til breytinga á starfsumhverfi, félagslegri ráðgjöf og breytingaferlinu. Í viðtölunum var stuðst við viðtalsvísi sem byggður var á niðurstöðu annars hluta rannsóknarinnar sem er greining á úrskurðum úrskurðarnefndar félagsþjónustu sveitarfélaga árin 1991–2005.

Rannsóknin er grunnrannsókn og hliðstæð rannsókn hefur ekki verið framkvæmd áður á Íslandi. Niðurstöðum er ætlað að varpa ljósi á starfsaðstæður félagsráðgjafa hjá félagsþjónustu sveitarfélaga í kjölfar setningar laganna og hvernig stuðla megi að skilvirkari framkvæmd í slíku ferli.

## Kenningar

Félagsráðgjafar í félagsþjónustu fást við aðstæður í lífi fólks þar sem ekki er hægt að gefa forskrift að því hvernig bregðast skuli við. Væntingar samfélagsins geta verið mikill áhrifavaldur og því reynir á sjálfstæði, faglegt næmi og þekkingu félagsráðgjafans, auk hæfileika hans til að meta einstaklinginn og aðstæður hans. Félagsráðgjafar í félagsþjónustu eru hluti af fagstéttaskrifræði (e. professional bureaucracy), rætur

Þess eru utan stofnana og þangað sækja ráðgjafarnir viðmið sín (Bolman og Deal, 1997; Coulshed og Mullender, 2001; Mintzberg, 1993; Morgan 1997; Rainey, 2003). Faglegt hlutverk þeirra er stórt og störf þeirra geta haft áhrif við mótun pólitískrar stefnu (Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, 2006).

Rekstrarform opinberra stofnana er háð tilskipunum valdhafa hverju sinni. Reglustýring er þar mikil og stefna þeirra er oft óljós og tilviljanakennd. Tilgangurinn er yfirleitt að ná pólitískum og félagslegum markmiðum. Ríkar skyldur eru gagnvart almanna-hagsmunum og áhrif hagsmunaaðila á reksturinn eru mikil. Starfsmenn stofnana hafa átt erfitt með að til-einka sér nútímalegar stjórnunaraðferðir meðal annars vegna þess hvað starfsemin er lögbundin og svigrúm til framkvæmda takmarkað. Almennigur gerir ríkar kröfur um sanngirni, skjót viðbrögð, áreiðanleika og heiðarleika við meðferð mála. Stjórnandinn hefur takmarkað svigrúm til ákvarðanatöku og tíðar mannbreytingar meðal kjörinna fulltrúa og stjórnenda geta stuðlað að ótraustum tengslum og fallvöltu umboði til stefnumótunar. Hætta er á að kjörnir fulltrúar beiti almennum inn gripum eða láti undan þrýstingi hagsmunahópa til að skapa sér vinsældir í kosningum (Allison, 1997; Gunnar Helgi Kristinsson, 2007; Rainey, 2003; Ring og Perry, 1985).

#### *Síðfræðigrundvöllur félagsráðgjafar*

Hlutverk þess sem hjálpar og hins sem hefur eftirlit er gjarnan samtvinnað í starfi félagsráðgjafa í félagsþjónustu. Því fylgja völd sem oft eru hulin á bak við hugmyndafræði og ákvæði laga um mannúð. Síðfræðigrundvöllur félagsráðgjafar byggir á virðingu og hugmyndum um jafnrétti og hjálpin miðast við stöðu einstaklingsins og þarfir. Kjarninn í starfinu byggir á tengslum og breytingum en þær hafa verið sem rauður þráður félagsráðgjafar sem fags frá upphafi. Hugtökin einstaklingur eða hópur einstaklinga – samfélag og breyting hafa verið samtvinnuð störfum þeirra. Skilningur og túlkun félagsráðgjafans á þessum tengslum leggur grunninn að starfi hans. Sigrún Júlíusdóttir (2006) lýsir því hvernig hugmyndir um *hjálp til sjálfshjálpar* fengu byr undir báða vængi í tengslum við þróun sem átti sér stað í kjölfar rannsókna, fagumræðu og þróunarstarfs í félagsráðgjöf. Þetta voru breytingar vegna beinskeyttrar gagnrýni um miðja 20. öldina á neikvæð áhrif stofnanavæðingar. Sigrún vísar til skrifna Chambon, Irving og Epstein (1999) um Michel Foucault en hann setti fram róttækar hugmyndir um samspil þekkingar og valds, sem höfðu mikil

áhrif á umræðu um fagímynd félagsráðgjafa. Þeir voru ásamt öðrum skyldum fagstéttum fulltrúar kerfisins með umboð til valdbeitingar. Sjálfsskoðun og samfélagsrýni sem fylgdu í kjölfarið á sjöunda áratugnum stuðluðu að samsömun félagsráðgjafa við skjólstað-inga, og það átti þátt í að fagleg valdastaða þeirra var endurskilgreind og þróun hugtaksins valdeffling (e. empowerment). Hugtakið fól í sér að fagfólk skyldi nota þekkingu sína til að færa skjólstaðingum aukinn styrk og völd til að hafa áhrif á aðstæður sínar. Kannanir á aðferðafræði félagsráðgjafar í sænskum sveitarfélögum eru lýsandi dæmi um þetta. Þær sýna áherslu á tengslavinnu (s. nätverksarbete) þar sem fjölskylda og vinir eru virkjaðir til starfa. Samhliða því beittir félagsráðgjafinn lausnarmiðaðri vinnu (s. lösning-fokuserat arbete) sem felst í hvatningu (s. motiva-tionsarbete) af hans hálfu. Levin (2004) segir að oft sé deilt á félagsráðgjafa fyrir það að þeir séu of uppteknir af aðgerðum í stað þess að einbeita sér að greiningu máls, eðli vanda og samhengi hlutanna. Það telur hún að helgist af starfsaðstæðum þeirra og tengist að hluta til kröfunni um að þeir stuðli að breytingum. Frá 1991 hefur krafan um aukna hæfni, menntun og árangur í störfum félagsráðgjafa farið vaxandi. Einnig krafan um að vinna þeirra sé byggð á þekkingu (s. kun-skapsbasert) og mælanleg (Bergmark, 1995; Bergmark og Lundström, 2000; Coulshed og Mullender, 2001; Hølund og Juul, 2005; Meeuwisse og Swärd, 2000; Sigrún Júlíusdóttir, Gísli Árni Eggertsson og Guðrún Reykdal, 2004).

#### *Félagsráðgjöf og réttarreglur*

Félagsráðgjafinn skipar sér gjarnan í stöðu verjanda skjólstaðingsins sem getur skapað togstreitu milli þeirra og stofnunarinnar, lögfræðilegra, pólitískra og efnahagslegra sjónarmiða. Verkefni sem tengjast því að túlka ákvæði laga og reglna, svo sem um rétt eða skyldur manna, eru viðamikil í starfi félagsráðgjafa hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Rík krafa er um vönduð vinnubrögð. Í því sambandi má nefna kröfuna um að undirbúa ákvörðunartöku með nákvæmum upplýsingum um stöðu hvers máls. Oft gætir ákveðinnar mótsagnar, svo sem þegar lög krefjast þess að sjálfs-ákvörðunarréttur einstaklings sé virtur og að reglum sveitarfélags sé framfylgt. Félagsráðgjafinn er við þær aðstæður tengiliður milli borgarans og hins opinbera (Hølund, 2002; Hollander, 2000; Krogstrup, 2006; Levin, 2004; Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2004; Vil-hjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010).



*Athafnafrelsi, takmarkanir og siðferði*


Félagsráðgjafinn er fulltrúi stofnunar og það mótar samskipti hans við skjólstaðinginn. Réttarreglur, efnahagslegur rammi og hefðir hafa áhrif á aðstaðurnar. Høilund (2002) spyr hvort raunhæft sé að félagsráðgjafinn geti að fullu verið siðferðilega ábyrgur fyrir ráðgjöf sinni og meðferð við slíkar aðstaður. Aðstaðunum lýsir hann á myndrænan hátt, sjá mynd 1.

Viðfangsefni félagsráðgjafar eru aðstaður fólks á hverjum tíma en lögfræðin byggir að miklu leyti á túlkun lagatexta úr fortíð. Høilund (2006) nefnir ferns konar vanda við beitingu laga við félagsþjónustu. Í fyrsta lagi tilhneigingu til hefðbundins skilnings og túlkunar á lagatexta en þá sé ekki tekið tillit til mótsagnar sem gjarnan sé að finna milli lögfræðilegra, fjárhagslegra og stjórnmálalegra sjónarmiða. Hann segir að tilhneigingar gæti hjá þeim fáu sem ritað hafi um danska félagsmálalöggjöf að upphæfja lagatextann sjálfan á kostnað beitingar hans. Mikilvægi borgaralegra réttinda felist ekki eingöngu í sér-tækum viðmiðum heldur einnig framkvæmd þeirra þar sem réttur og siðferðileg afstaða haldist í hendur. Í öðru lagi nefnir hann kröfuna um að félagsráðgjafar tileinki sér aðferðir og hugsunarhátt lögfræðinga. Í þriðja lagi að hefðbundin nálgun lögfræðinnar dugi skammt við lýsingu og skilgreiningu á þeim félagslega raunveruleika sem félagsþjónustan fáist við. Í fjórða og síðasta lagi segir Høilund að ýmislegt bendi til þess að lögfræðingar og félagsráðgjafar sem annist framkvæmd laganna telji sig ekki ábyrga fyrir framkvæmd lagatextans í störfum sínum (d. moralsk degenereret social retsorden).

Høilund (2002) segir félagsmálalöggjöf og beitingu hennar fjalla um sjálfsmýnd og frelsi einstaklingsins, þar sem mikilvægi sjálfsmýndar hans og mikilvægi samfélagsskipulagsins koma við sögu.

Hann segir verkfræðinga og lækna búa yfir mikilvægri þekkingu í eðlisfræði, stærðfræði og lífnafræði en þeir þurfi ekki að vera eðlisfræðingar, stærðfræðingar eða lífnafræðingar til að þekkingin nýtist þeim. Framlag félagsráðgjafa og lögfræðinga til félagsþjónustunnar er mikilvægt, hinir fyrrnefndu þurfa þó ekki að vera lögfræðingar til þess að geta beitt lagaákvæðum við málsmeðferð. Høilund undirstrikar að félagsráðgjafar eigi ekki að vera smækkuð útgáfa af lögfræðingum. Útgangspunktur félagsráðgjafar er að lög geti átt sinn þátt í því að leysa félagsleg vandamál. Að fara að lögum er einungis einn þáttur af mörgum í starfi félagsráðgjafa í félagsþjónustu. Málsmeðferð í greininni hvílir á rannsóknarreglunni og þeirri ábyrgð stjórnvaldsins að mál sé nægjanlega upplýst. Viðtalshefðin innan félagsráðgjafarinnar er að því leyti ólík málsmeðferð fyrir dómstólum, að hún eykur möguleikann á því að sjónarmið málsaðila komi fram en rík áhersla er lögð á samstarf við málsaðila í félagsmálalöggjöf Norðurlandanna (Hollander, 2000).

Grundvöllur farsæls starfs félagsráðgjafans er að siðferðilegur þáttur vinnunnar í samskiptum við einstaklinginn sé á hreinu. Togstreita milli samvisku og löghlýðni, siðferðilegrar afstöðu og aga eða kærleika og valds verður samt ekki umflúin. Í félagsráðgjöf er mikilvægt að virða alla þessa þætti. Starf félagsráðgjafans sem byggir á þverfaglegri nálgun og áherslu á mikilvægi tengsla og aðstaðna hverju sinni, býður heim hættunni á átökum við grundvallarreglur eins og lagaákvæði. Lagahefð er dæmi um lögfræðilega meginreglu sem félagsráðgjafinn verður að geta vísað til við meðferð mála í tilvikum þar sem ákvarðanir byggjast á mati hans. Sameiginlegir hagsmunir félagsráðgjafa, skjólstaðings og stofnunar felast í því að finna viðeigandi lausn á vanda hverju sinni. Laga-fyrirmæli eru bindandi fyrir alla og félagsráðgjafinn



Mynd 1. Svigrúm ákvarðanatöku (Høilund, 2002, 79)

ber ábyrgð á að ákvörðun sem hann tekur sé í samræmi við lög (Hollander, 2000; Høilund, 2002).

### Aðferð

Tilviksathugun (e. case study research) var beitt við rannsóknina. Aðferðin hentar vel við greiningu á viðhorfum einstaklinga og félagslegri þróun. Með henni má greina tengsl milli hins smáa, svo sem sjónarhorns og reynsluheims einstakra starfsmanna, og hins stóra, það er að segja breytinga innan félagsþjónustunnar. Styrkur aðferðarinnar felst meðal annars í því að greina mismunandi viðhorf og félagslega þróun yfir tiltekið tímabil (Foreman, 2006; Neuman, 2003; Rubin og Babbie, 1997).

Stuðst var við aðferðafræði Rubin og Babbie (1997) í viðtölunum. Notaður var hálfopinn viðtalsvísir sem unninn var með hliðsjón af niðurstöðum rannsóknar á úrskurðum úrskurðarnefndar félagsþjónustu (Unnur V. Ingólfssdóttir, 2008). Viðtalsvísirinn samanstóð af sex þáttum: upplýsingum um viðmælenda, starfsumhverfi hans, vinnulagi, málsmeðferð, álagi og skoðun viðkomandi á úrskurðarnefnd félagsþjónustu. Viðtölin sem fóru fram í mars 2006 voru hljóðrituð og síðan skráð orð fyrir orð. Mynstur þeirra var greint og aðleiðslu-rökfræði beitt þar sem hliðstæður og mismunur í viðtölunum voru leituð uppí. Þá var einnig tekið mið af sex atriðum sem Rubin og Babbie nefna sem mikilvæg við greiningu rannsóknargagna: tíðni, magni, formi, ferli, orsökum og afleiðingum.

Við val á viðmælendunum tíu var lögð áhersla á að þeir væru fulltrúar stórra og lítilla sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Einnig þurftu þeir að hafa:

- langan starfsaldur í félagsþjónustu
- góða yfirsýn yfir breytingarnar
- borið ábyrgð á framkvæmd félagsþjónustu sveitarfélagsins og verið leiðandi við mótun hennar
- reynslu af beinni úrlausn mála einstaklinga

Þá var lögð áhersla á að sem flestir þeirra væru félagsráðgjafar og að í hópnum væru bæði konur og karlar. Fjórir voru félagsmálastjórar, fimm deildarstjórar og einn verkefnastjóri. Meðalaldur þeirra var 47 ár (yngsti 33 ára og elsti 54 ára), átta konur og tveir karlar. Átta höfðu lokið prófi í félagsráðgjöf, sjö konur og einn karl. Meðalstarfsaldur í félagsþjónustu var 17 ár (mest 25 og minnst fimm). Meðalaldur hjá sama vinnuveitanda var 15 ár (mest 22 og minnst fimm),

sami tími og rannsóknargögnin spanna sem ætti að styðja trúverðugleika svaranna. Niðurstöður viðtalanna eru ekki algild sannindi en í þeim má greina vísbendingar um hvað breytingarnar fólu í sér.

### Niðurstöður

Viðtölin gáfu til kynna að áhrif breytinganna á starfsumhverfi og vinnulag starfsmanna hafi verið umtalsverð:

*Ég held að þetta sé tvímælalaust kostur við höfum nánast engu fórnad af því sem, þetta er til dæmis kostur við að búa í litlu sveitarfélagi. Ótvíræður kostur, þar er þessi nánd og hversu auðvelt er að virkja stórfjölskylduna til að mynda. En þetta hefur agað okkur svo að hafa þetta allt formlegt, þetta er ekki eitthvað rassvasa eða maður þekkir mann. Ég held bara að þetta sé mjög nauðsynlegt og ekki síður í svona litlum bæjarfélögum að það sé alveg á hreinu hvað sé hlutverk hvers og eins, hvað maður má og hvað maður má ekki í þessum málaflokkum (deildarstjóri á landsbyggðinni).*

Lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga stuðluðu að ákveðinni viðurkenningu á málaflokkunum sem:

*...komst á kortið hjá sveitarfélögunum hvort sem mönnum líkadi það betur eða verr. Það var kominn ytri þrýstingur á að sveitarfélögin skyldu standa að einhverri þjónustu og skilgreina hana.*

Viðmælendur töldu innleiðingu laganna hafi verið hægfara og ómarkvissa. Skipulagðar aðgerðir hafi skort af hálfu yfirvalda þrátt fyrir ríka ábyrgð bæði ráðuneytisins og sveitarfélaga. Viðbrögðin hafi ein-kennst frekar af tilviljun og illri nauðsyn „...maður bara svona lærði á þeim mistökum sem maður gerði, ég allavega upplifði það þannig.“ Aðkoma kjörinna fulltrúa fólst í afgreiðslu tillagna frá starfsmönnum í félagsmálanefnd og bæjarstjórn „...frumkvæði komið frá starfsfólki og það var náttúrulega búið að ræða þetta í einhvern tíma þegar þetta var ákveðið.“ Hver og einn starfsmaður bar ábyrgð á að kynna sér nýjungar í lagasetningu. Dæmi eru um að framkvæmd laganna hafi tafist vegna tregðu við að setja reglur um einstaka málaflokka.

Fræðsla og umræða um málsmeðferð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga hefði að mati viðmælenda mátt vera samfelldari og ná yfir lengri tíma. Í því sambandi var nefnt að niðurstöður úr-





skurðarnefndar í einstaka málum, prófmálum sem boðuðu nýja sýn, hefðu án efa verið gagnlegar. Fram kom að námskeið og endurmenntun þóttu of kostnaðarsöm, jafnvel óþörf fyrir háskólafolk „...það eimir ennþá svolítið eftir af þessum fordómum, þegar þú ert búin að mennta þig þá ert þú bara búin að mennta þig...“.

Breytingunum fylgdu auknar kröfur um gagnsæi, formlegri og vandaðri vinnubrögð. Ábyrgð í starfi er áþreifanlegri og sýnilegri. Formgalli í málsmeðferð getur „...kostað helling...“ svo sem við mannaráðningar, afgreiðslu mála og aðkomu dómsvalds að málum. Aukið álag fylgdi kröfu um nákvæmari skráningu mála og kröfu um upplýsingagjöf:

*Já það eru meiri kröfur og fólk þarf meiri sjálfsaga og kannski meiri faglegheit. Ég held að það sé mjög mikilvægt ef maður á að standa undir væntingu, já bara sjálfs síns, sem fagaðili og þá fyrir stofnunina líka og líka notendurna. Þá þarf maður að vanda sig og markmiðið með, náttúrulega er að vanda sig. Réttaröryggið er það ekki (deildarstjóri á höfuðborgarsvæðinu).*

Annarra sjónarmiða um áhrif aukinnar kröfu um formfestu gætti einnig:

*...það má kannski segja að félagsþjónustan sé um leið þá formlegri og síður kannski persónuleg og geti þá síður kannski sinnt svona tilfinningalegum og persónulegum þörfum einstaklinganna. En þarna er ég sko ekki að tala út frá staðreyndum, heldur er ég að tala út frá tilfinningum að hún sé svona hardari félagsþjónustan í dag en hún var (félagsmálastjóri á höfuðborgarsvæðinu).*

Viðmælandinn taldi að áhersla á lagalegt umhverfi hefði að vissu leyti gert starfsfólk hræddara við að takast á við mál „...hefur dregið úr því tennur...“. Að mati viðmælenda naut félagsþjónustan almennt góðs af breytingunum. Þær stuðluðu að aukinni áherslu á öguð og formleg vinnubrögð og aukinni vitund almennings um að félagsþjónustan væri þjónustustofnun en ekki afgreiðslustofnun. Gleggri rammi eða skýrari reglur og vinnubrögð stuðluðu að betri samskiptum starfsmanna við skjólstaðinga og aukinni vitund starfsmanna um hlutverk þeirra og væntingar. Félagsþjónustan:

*...komst á kortið hjá sveitarfélögunum hvort sem mönnum líkaði það betur eða verr. Það var kominn ytri þrýstingur á að sveitarfélögin skyldu standa að einhverri þjónustu og skilgreina hana.*

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 fela í sér að sveitarfélögum ber að uppfylla ákveðnar lagaskyldur:

*Það var komið færi, það var komin lagastöð og forsenda til viðhorfsbreytinga ... og ... grundvöllur til að ræða félagsþjónustuna án þess að þetta væri hérna ob! ob! svona gamall arfur framfærslulaganna og fyrir þessa auðnuleysingja.*

Almennt töldu viðmælendur að ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga um félagslega ráðgjöf væri framfylgt:

*... hún kemur inn í allt sem við erum að gera og stundum er hreinlega um ekkert nema félagslega ráðgjöf að ræða þó að, fólk viti ekki hvað það heitir. Maður verður að leggja áherslu á að málin verði ekki svona sjálfvirk afgreiðsla.*

Flestir töldu að töluvert vantaði upp á að þessum þætti þjónustunnar væru gerð nægjanleg skil. Helst skorti á ráðgjöf varðandi persónulegan vanda, skilnað og samskipti hjóna eða sambúðaraðila. Þetta taldi einn viðmælandi vera vegna þess að starfsmenn hefðu ekki nægjanlegar forsendur til þess að taka á slíkum málum „...það er eitthvað svona pínulítið í þeirra identiteti sem hindrar.“

### Umræða og ályktanir

Breytingar hafa verið sem rauður þráður í þróun félagsráðgjafar sem fags og kjarninn í starfi félagsráðgjafa byggir á tengslum og breytingum. Skilningur og túlkun félagsráðgjafans á tengslunum leggur grunninn að starfi hans (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Af viðtölum við starfsmenn félagsþjónustunnar má ráða að breytingar á starfsumhverfi þeirra hafi verið umtalsverðar. Þær fólu í sér auknar kröfur til félagsþjónustu sveitarfélaga um formleg, vönduð og gagnsæ vinnubrögð. Skýrari reglur og vönduð vinnubrögð stuðluðu að betri samskiptum starfsmanna við skjólstaðinga og höfðu í för með sér markvissari og öruggari málsmeðferð. Starfsmenn urðu meðvitaðri um hlutverk sitt, hvers er vænst af þeim og um mikilvægi endurmenntunar. Fræðsla og umræða um máls-

meðferð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga hefði þurft að vera samfelldari og ná yfir lengra tímabil. Birting úrskurða úrskurðarnefndar, sem almenningur sér ekki, hefði getað stuðlað að markvissari málsmeðferð þar sem mikilvægt er fyrir félagsráðgjafa að geta vísað til lagahefðar við meðferð mála (Hollander, 2000; Høilund, 2002).

Niðurstöður viðtalanna benda til þess að innleiðing laganna hafi verið tilviljunum háð og að starfsmenn hafi gegnt þar lykilhlutverki. Ætla má að álagið og kröfurnar sem fylgdu breytingunum, hugsanlega einnig áhuga- og skilningsleysi ráðandi aðila, hafi haft áhrif á forgangsöröðun verkefna. Viðmælendur töldu sig vera undir miklu vinnuálagi og upplifðu auknar kröfur til sín í starfi. Þetta er hliðstætt niðurstöðum í rannsókn Steinunnar Hrafnadóttur (2004) þar sem 84% stjórnenda í félagsþjónustu sveitarfélaga töldu sig nær alltaf eða oft vera undir miklu vinnuálagi, auk þess sem þeir upplifðu vaxandi kröfur til sín í starfi og streitu samfara auknu sjálfstæði.

Félagsleg ráðgjöf sem er verkefni félagsmálanefnda skal ætíð beitt í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að um nýmæli og hvatningu til sveitarfélaga sé að ræða. Tvennt liggi þar einkum til grundvallar. Annars vegar að sú aðstoð og þjónusta, sem lagafrumvarpið fjalli um sé þess eðlis að hún verði tæplega veitt nema samhliða félagslegri ráðgjöf. Þá segir „... í sumum tilvikum getur ráðgjöfin jafnvel vegið þyngra, þegar til lengri tíma er litið, en hin eiginlega aðstoð sem mælt er fyrir um, t.d. fjárhagsaðstoð.“ Hins vegar segir þar að ljóst sé að hið flókna nútímapjóðfélag kalli á aðgang fólks að ráðgjöf um almenn félagsleg réttindi og leiðbeiningar og ráðgjöf í einkamálum. Það eigi ekki síst við um samskipti fólks við opinbera aðila og aðstoð til þess að leita réttar síns. Þetta sjónarmið endurspeglast í viðtölunum, félagsráðgjöf er þar miðlæg og nauðsynleg að mati viðmælenda til að koma í veg fyrir *sjálfvirka afgreiðslu*. Flestir töldu að töluvert vantaði upp á að þessum þætti þjónustunnar væru gerð nægjanleg skil. Það er ef til vill lýsandi fyrir viðhorf til þjónustunnar að upplýsingar um fjölda og menntun starfsmanna í félagsþjónustu sveitarfélaga eru ekki tiltækar hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti, Hagstofu Íslands eða Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Ábyrgð og hlutverk ráðuneytis, sveitarfélaga og starfsmanna er mikil þegar laga þarf stjórnslu sveitarfélaga að nýrri löggjöf. Hlutverk félags- og

tryggingamálaráðuneytisins er að hafa eftirlit og veita leiðbeiningar um framkvæmd laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt siðareglum opinberrar stjórnslu er megináherslan yfirleitt lögð á þá frumskyldu opinberra starfsmanna að starfa almenningi til heilla. Starfsmaðurinn hefur þær skyldur að ákvarðanir sem hann tekur séu í samræmi við lög. Ábyrgðar- og hæfnisskyldur siðareglna félagsráðgjafa kveða á um að þeir beri ábyrgð á eigin hæfni og þeim störfum sem þeir inna af hendi í samræmi við viðeigandi lög (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.; Vilhjálmur Árnason og fl., 2010, 133).

Beitler (2003) bendir á að forsenda árangursríks breytingarferlis sé að þátttakendur séu meðvitaðir um leiðarljós stofnunar og með hvaða aðferðum eigi að ná markmiðunum. Líkt og fram kom í rannsókn breska endurskoðunarfyrtækisins *Audit Commission/Social Services Inspectorate (SSD)* sem náði til verkefnastjóra félagsþjónustunnar, þá bera svör viðmælenda í þessari rannsókn þess merki að stefna yfirvalda hafi ekki verið nægjanlega skýr (Ahrenfelt, 1995; Coulsheed og Mullender, 2001). Opinberir starfsmenn á Íslandi vilja vita hvers sé vænst af þeim, þeir gera kröfu um stuðning og þátttöku í verkefnum og vilja hafa áhrif. Að því leyti eru niðurstöður rannsóknarinnar hliðstæðar því sem fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar, *Náðist árangur?* (Ómar H. Kristmundsson, 2003; Steinunn Hrafnadóttir, 2004).

Viðmælendur töldu að frumkvæði hafi skort af hálfu ráðuneytis, sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga við innleiðingu laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í þessu endurspeglast ef til vill sú tilviljun sem ráðið hefur þróun stjórnslu Íslands borið saman við hin Norðurlöndin. Stjórnvöld hafa getað lagað stjórnslukerfið og einstakar stofnanir þess að eigin þörfum og aðstæðum hverju sinni. Þetta hefur leitt til þess að ábyrgð og stjórnslustaða er oft óljós, samræmi hefur skort sem getur skapað réttaróvissu og ómarkvissa stjórnun (Gunnar Helgi Kristinsson, 1999). Stefnu- og aðgerðaleysi stjórnvalda við slíkar aðstæður getur leitt til stefnureks, það er þegar framkvæmd og ákvæði laga og reglna fara ekki saman (Winter, 2003a og b).

Rannsóknarniðurstöður benda til þess að þróunin hafi verið hægfara og markvissar aðgerðir til að breyta fyrirkomulagi þjónustunnar hafi skort. Markvissari stefna stjórnvalda og bæjaryfirvalda samfara lagasetningunni hefði hugsanlega dregið úr álagi á starfsmenn, stuðlað að markvissari innleiðingu, auknu réttaröryggi og betri þjónustu. Margar spurn-



ingar vakna í þessu sambandi, má þar nefnda hvert er viðhorf kjörinna fulltrúa og/eða bæjar- og sveitarstjóra til breytinganna. Skorti að þeirra mati á markvissa stjórnun? Einnig væri áhugavert að kanna viðhorf þeirra sem notið hafa þjónustunnar, færðu lögin þeim aukið réttaröryggi og bættu þjónustu? Ákveðin fag- og starfsþróun virðist hafa átt sér stað meðal starfsmanna félagsþjónustunnar með tilkomu laganna, í því ljósi er mikilvægt að kanna hvernig stuðla megi að frekari þróun félagsráðgjafar í félagsþjónustu sveitarfélaga á Íslandi.

### Heimildir

- Ahrenfelt, B. (1995). Förändring som tillstånd. Att leda förändrings- och utvecklingsarbete i företag och organisation. Lund: Studentlitteratur.
- Allison, G. T. (1997). Public and private management. Are they fundamentally alike in all unimportant respects? Í J. M. Shafritz, J. M. Hyde, C. Albert (Ritstj.) *Classics of public administration*, (bls. 383–400). Philadelphia: Forth Worth.
- Beitler, M. A. (2003). *Strategic organizational change*. Greensboro, NC: Practitioners Press International (PPI).
- Bergmark, Å. (1995). *Prioriteringar i socialtjänsten. Rättsvisa och ekonomi*. (Rapport nr. 73). Stockholm: Stockholms Universitet, institutionen för socialt arbete-Socialhögskolan.
- Bemark, Å. og Lundström, T. (2000). Metoder i socialt arbete – vad är det? Í A. Meeuwisse, S. Sunesson og H. Svärd (Ritstj.) *Socialt arbete. En grundbok*, (bls. 74–89). Falköping: Författarna och Natur och Kultur.
- Bolman, L. G. og Deal, T. E. (1997). *Nya perspektiv på organisation och ledarskap*. Lund: Studentlitteratur.
- Chambon, A., Irving, A. og Epstein, L. (ritstj.) (1999). *Reading Foucault for social work*. New York: Columbia University Press.
- Coulshed, V. og Mullender, A. (2001). *Management in social work*. Basingstoke, Hampshire og New York: Palgrave. Houndmills.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Síðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 24.04.2008 af <http://felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>.
- Foreman, P. B. (2006). The Theory of Case studies. Í M. David (Ritstj.) *Case Study Research, 1*, (143–163). Sage. London.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (1999). *Úr digrum sjóði. Fjárlagagerð á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2007). *Íslenska stjórnkerfið*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hollander, A. (2000). Juridik och socialt arbete. Í A. Meeuwisse, S. Sunesson og H. Svärd (Ritstj.), *Socialt arbete. En grundbok* (bls. 108–122). Natur och Kultur.
- Høilund, P. (2002). *Socialrettsfilosofi. Rettslære for socialt arbejde*. København: Forfatteren og Gyldendalske Boghandel, Nordisk Forlag A/S.
- Høilund, P. og Juul, S. (2005). *Anerkendelse og dømmekraft i socialt arbejde*. København: Høfundarnir og Hans Reizels Forlag.
- Høilund, P. (2006). *Socialrettfærdighed. Udkast til en retslære for socialt arbejde*. København: Ø: Jurist og Økonomforbundets Forlag.
- Krogstrup, H. K. (2006). *Evalueringens Modeller*. Århus: Forfatteren og Academica.
- Levin, I. (2004). *Hva er socialt arbeid?* Osló: Universitetsforlaget. AS.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga* nr. 40/1991 með áorðnum breytingum nr. 31/1994, nr. 130/1995, 34/1997 og 65/2006.
- Meeuwisse, A. og Svärd, H. (2000). Vad är socialt arbete? Í A. Meeuwisse, S. Sunesson, og H. Svärd (Ritstj.) *Socialt arbete. En grundbok*, (bls. 23–46). Falköping: Författarna og Natur och Kultur.
- Mintzberg, H. (1993). *Structure in fives. Designing Effective Organizations*. London: Prentice-Hall international (UK) Limited.
- Morgan, G. (1997). *Images of organization*. California: Sage Publication.
- Neuman, W. L. (2003). *Social Research Methods. Qualitative and Quantitative Approaches*. Boston: Allyn and Bacon.
- Ómar H. Kristmundsson. (2003). *Reinventing Government, A Case Study of Public Management Reform*. Reykjavík: University of Iceland Press.
- Rainey, H. G. (2003). *Understanding and Managing Public Organizations*. San Francisco: Jossey-Bass Inc., Publishers.
- Ring, P. S. og Perry, J. L. (1985). Strategic Management in Public and Private Organizations. Implications of Distinctive Context and Constraints. *Academy of Management Review, 10*, (2), 276–286.
- Ruben, A. og Babbie, E. (1997). *Research methods for Social Work*. Pacific Grove. CA: Brooks/Cole Publishing Company.
- Sigrún Júlíusdóttir, Gísli Árni Eggertsson og Guðrún Reykdal. (2004). Gæðamat í félagsvísindum – sjónarhorn félagsráðgjafar. Í Júlíus K. Björnsson (Ritstj.) *Sálfræðiritið-Tímarit Sálfræðingafélags Íslands 9*, 111–125.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagsráðgjöf í Heilbrigðisþjónustu – Eitt sérfræðisvið. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (Ritstj.) *Heilbrigði og heildarsýn. Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu*, (bls. 33–48). Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir. (2006). „Straumar, stjórnleysi og stefnurek : hvað er til ráða?“ *Stjórnmál og stjórnsýsla –veftímarit*, <http://stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/eg2006v/sigurbjorg.pdf>.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2004). *The Mosaic of Gender. The working environment of Icelandic social service managers*. Reykjavík: University of Iceland Press.
- Stjórnsýslulög* nr. 37/1993 með áorðnum breytingum nr. 36/1999, nr. 83/2000, nr. 49/2002, nr. 51/2003 og nr. 76/2003.
- Unnur V. Ingólfssdóttir. (2008). *Félagsþjónusta á Íslandi á tímum breytinga. Tilviksathugun á áhrifum lagabreytinga á störf og starfsumhverfi starfsmanna félagsþjónustu*

- sveitarfélaga árin 1991–2005. Óbirt meistaraþrófsritgerð í félagsráðgjöf. Háskóli Íslands. Félagsvísindadeild.
- Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir (2010). Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (Ritstj.) *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna og tengdir atburðir*. Bindi 8. Viðauki 1. Rannsóknarnefnd Alþingis samkvæmt lögum nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna og tengdra atburða.
- Winter, S. (2003a). Implementation. Í Peters, G.B. og Pierre, J. (Ritstj.) *Handbook of Public Administration*, (bls. 205–211). London: Sage Publications.
- Winter, S. (2003b). Implementation Perspectives: Status an Reconsideration. Í G. B. Implementation Perspectives: Status an Reconsideration. Í G. B. Peters og J. Pierre (Ritstj.) *Handbook of Public Administration*, (bls. 212–222). London: Sage Publications.
- Þingskjal 574. (1990–1991). *Frumvarp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga*. (Sótt 23.02.2006 af <http://www.althingi.is/altext/113/s/0574.html>).





# Rannsókn um viðbrögð fagfólks við kynbundnu ofbeldi

Anni G. Haugen, félagsráðgjafi MA,  
lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands



## Útdráttur

Könnuð voru viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar í níu sveitarfélögum þegar konur sem búa við kynbundið ofbeldi leita eftir aðstoð og hvaða úrræði þeim og börnum þeirra eru boðin. Niðurstöður benda til þess að innan félagsþjónustu er lítil áhersla lögð á að tala við börn sem búa við ofbeldi og þeim er ekki boðin markviss þjónusta. Víða er óljóst í hvaða tilvikum málum er vísað frá félagsþjónustu til barnaverndar. Við könnun mála hjá barnavernd er yfirleitt ekki spurt um ofbeldi og börnum er boðinn almennur stuðningur, en engin sérstök úrræði hafa verið til fyrir þennan hóp. Höfundur leggur áherslu á að vinna þurfi skipulega að því að finna börn sem búa við ofbeldi. Nauðsynlegt er að skýra hvenær barnavernd eigi að fjalla um þessi mál og byggja þarf upp þjónustu við börn og mæður. Þörf er á að kanna hlutverk fedra frekar og á hvern hátt þeir geta tekið þátt í að tryggja velferð barna sinna.

**Lykilorð:** ofbeldi á heimilum, barnavernd, félagsleg þjónusta.

## Abstract

A survey was done on how social services and child protection in nine municipalities respond when women living with violence in their homes seek help and what kind of assistance they and their children are offered. According to the findings there is little emphasis on talking to these children within the social services and they are not offered any systematic help. It is unclear under what circumstances social services refer a case to child protection. During assessment child protection rarely asks about violence and the child is offered general but no specific support. The author emphasizes the necessity of a systematic routine to find children who live with violence in the home. It is important to clarify when a case should be referred from social services to child protection, and to build special services for the children and their mothers. Further research is needed on how fathers can contribute to the welfare of their children.

**Key words:** violence in homes, child protection, social service.

## Inngangur

Sagt hefur verið að ofbeldi gegn konum sé lýðræðislegasti glæpurinn sem til er þar sem allar konur eru jafnar, óháð stétt, kynþætti og trúarbrögðum. Ísland

er engin undantekning og á liðnum áratugum hefur reglulega átt sér stað umræða um kynbundið ofbeldi, oftast að tilstuðlan kvennahreyfinga. Árið 1982 hóf fyrsta Kvennaathvarfið starfsemi sína, og sama ár gerðu Hildigunnur Ólafsdóttir, Þorgerður Benediksdóttir og Sigrún Júlíusdóttir (1982) fyrstu íslensku rannsóknina á heimilisofbeldi, en fyrsta heildstæða rannsóknin var gerð á vegum dómismálaráðuneytisins árið 1997 (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997). Ísland hefur staðfest alþjóðasamninga er varða mismunun gegn konum og ofbeldi, svo sem *Samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum* og *Yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um afnám ofbeldis gagnvart konum* (Sigríður Svana Helgadóttir, 2009).

Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar var samþykkt árið 2006 og markaði opinbera stefnu til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi og kynferðislegu ofbeldi gegn konum og börnum (Félagsmálaráðuneytið, e.d.). Einn liður í henni var rannsókn á ofbeldi karla gegn konum. Félags- og tryggingamálaráðuneytið leitaði til Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd um að framkvæma rannsóknirnar sem skiptust í sex hluta, símakönnun til að fá yfirlit yfir tíðni ofbeldis og rannsóknir hjá félagsþjónustu, barnavernd, grunnskólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu og félagasamtökum um hvernig konum sem orðið hafa fyrir ofbeldi er mætt og hvaða þjónusta þeim er veitt.

Hér verður fjallað um hluta af einni rannsókninni, þ.e. á hvern hátt fagfólk innan félagsþjónustu og barnaverndar tekur á móti konum sem búa við kynbundið ofbeldi og sjónum beint sérstaklega að börnum þeirra. Rannsóknina má lesa í heild sinni á <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkygningar/nr/4532>.

## Börn sem alast upp við ofbeldi

Gera má ráð fyrir að fullkomið yfirlit yfir tíðni kynbundins ofbeldis muni aldrei verða þekkt. Fyrir því eru margar ástæður enda er hér um flókið og margþætt fyrirbæri að ræða sem snertir tilfinningar eins og

skömm, sekt, hræðslu og ást. Fyrir konuna og barnið er það að opna umræðuna um ofbeldið og leita aðstoðar stór ákvörðun og líklegt að löng saga liggi að baki þegar það er gert (Nicholas, Povey, Walker and Kershaw, 2005).

Símakönnunin, sem gerð var til að fá yfirlit yfir umfang kynbundins ofbeldis hér á landi, leiddi í ljós að 42% kvennanna sem rætt var við sögðust hafa orðið fyrir ofbeldi, þeim verið hótað eða þær orðið fyrir kynferðislegri sneringu sem leiddi til vanlíðunar frá því þær urðu 16 ára. Í þeim tilvikum sem börn voru á heimilinu töldu mæðurnar að 25% þeirra hefðu orðið vitni að ofbeldinu (Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2009). Árið 2008 dvöldu 130 konur í Kvennaathvarfinu með 77 börn. Að sögn mæðranna höfðu 70% þessara barna verið beitt ofbeldi, 70% þeirra höfðu verið beitt andlegu ofbeldi, tæp 30% líkamlegu ofbeldi og 11% kynferðislegu ofbeldi (Kvennaathvarf, e.d). Víða í erlendum rannsóknum kemur fram að foreldrar trúir því að börn þeirra viti ekki af ofbeldinu því að það fari fram þegar börnin eru sofnuð eða ekki heima (Gorin, 2004; Ingólfur V. Gíslason, 2008). Þá eru vísbendingar um að það geti verið erfitt fyrir foreldra að horfast í augu við þau áhrif sem ofbeldið getur haft á börnin fyrr en því er lokið (Stanley, Miller, Foster, og Thomson, 2010). Þegar börnin eru spurð kemur hins vegar í ljós að þau skynja andrúmsloftið, þau heyra rifrildi og ofbeldishljóð, þau sjá ummerkin og áverkana og verða stundum sjálf fyrir líkamlegu ofbeldi. Ýmsar rannsóknir benda til þess að þegar erfiðleikar steðja að í fjölskyldum er oft lítið rætt við börnin um það sem er að gerast og því er takmörkuð vitneskja til um hugsanir þeirra og líðan (Anni G. Haugen, 2007; Sandbæk, 1999; Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2007). Sama á við um opinbera aðila eins og félagsþjónustu og barnavernd, en nokkur breyting hefur þó orðið á því á undanfórnum árum hjá þeim síðarnefndu og árið 2008 ræddu starfsmenn við 68% barna við könnun mála hjá barnaverndarnefndum (Halla Björk Marteinsdóttir, 2010). Í rannsókn, sem Guðrún Kristinsdóttir og samstarfskonur hennar hafa unnið um þekkingu barna á ofbeldi eru börnin sjálf spurð. Þar kemur fram að 25% þeirra þekktu einhvern sem orðið hafði fyrir ofbeldi heima hjá sér og svör 6,5% þessara barna bentu til þess að þau vísuðu í eigin reynslu. Þekkingu sína um ofbeldi höfðu börnin sjaldan frá foreldrum. (Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir og Steinunn Gestsdóttir, 2007). Á fyrstu sex mánuðum ársins 2009 bárust barna-

verndarnefndum 134 tilkynningar vegna barna sem mögulega bjuggu við ofbeldi, en það voru 3% af öllum tilkynningum sem bárust á þeim tíma (Barnaverndarstofa, 2009). Á Bretlandi hefur fjöldi mála sem vísað er til barnaverndar þar sem börnin verða vitni að ofbeldi á heimili fjölgað mikið. Barnaverndin hefur hins vegar ekki verið í stakk búin til að sinna þessum málum, þau verða ekki forgangsmál, í langflestum tilvikum eru þau ekki könnuð og njög fá meðferðar- og stuðningsúræði eru til fyrir börnin. Því hafa vaknað spurningar um hvort tilkynning til barnaverndar sé ætíð rétta leiðin og nauðsyn þess að virkja fleiri aðila til að styðja þessi börn (Stanley og fél. 2010). Áströlsk rannsókn sýndi einnig að þessi mál voru ekki litin jafn alvarlegum augum og önnur ofbeldismál innan barnaverndar (Irvin og Waugh, 2007).

Á síðustu árum hefur rannsóknum um stöðu og líðan barna sem búa við ofbeldi fjölgað (Överlien, 2007). Þær sýna m.a. hve alvarlegar afleiðingar það getur haft fyrir börn að alast upp í skugga ofbeldis, hvort heldur sem þau verða sjálf fyrir beinu líkamlegu ofbeldi eða verða vitni að því. Bent hefur verið á að hætta er á því að þessi börn þrói með sér vandamál sem tengjast tilfinningalegum og sálfélagslegum þáttum, hegðunarvandamálum og félagslegri og hugrænni færni (Holt, Buckley og Whelan, 2008; Lang og Stover, 2008; Miller-Perrin og Perrin, 2007; Stanley og fél. 2010). Afleiðingarnar eru því ekki eingöngu skammvinnar heldur hafa þær áhrif á allt þroskaferli barnsins (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005; Ingólfur V. Gíslason, 2008; Spilsbury, Shoshana, Drotar, Creeden, Flannery og Friedman, 2008). Ein ástæða þess að konur sem búa við ofbeldi veigra sér við að leita til félagsmála- eða barnaverndaryfirvalda er hræðsla við að missa börn sín (Stanley og fél. 2010). Jafnframt hafa ýmsar rannsóknir leitt í ljós að fagfólk innan félagsþjónustu og barnaverndar vinnur fyrst og fremst með mæðrunum sem fá ákveðna viðurkenningu á því að vera kúgaðar og beittar ofbeldi af sambylís/eiginmanni en er síðan alfarið ætlað að tryggja vernd barna sinna, sjá um þau og jafnvel vera tengiliður á milli þeirra og feðranna (Guðrún Kristinsdóttir, 1991; Scourfield, 2003; Stanley og fél. 2010). Um leið eru karlarnir skilgreindir sem ofbeldismenn, fá litla athygli fagfólks innan félagsþjónustu og barnaverndar og afskrifaðir sem feður með ákveðnar skyldur gagnvart börnum sínum (Featherstone and Peckover, 2007; Scourfield, 2003).

## Aðferð

Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd óskaði eftir því við höfund að kanna hver viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar eru þegar konur sem búa við ofbeldi á heimilum óska eftir aðstoð eða er vísað þangað og hver úrræðin eru. Leitað var til yfirmanna félags- og velferðarþjónustu svo og barnaverndar í níu sveitarfélögum og óskað eftir þátttöku þeirra eða annarra fagmanna innan stofnunarinnar í rannsókninni. Sveitarfélögin eru ólík svo og skipulag þjónustunnar. Á einum stað eru barnaverndarmálin unnin á sérstakri skrifstofu, á tveimur stöðum er barnaverndin sérstök deild innan félagsþjónustunnar og á sex stöðum vinna starfsmenn jöfnum höndum með mál er tengjast félagslegri aðstoð og barnavernd. Spurningarnar sem leitað var svara við voru:

- Hvernig berast mál sem tengjast ofbeldi á heimilum til barnaverndar og félagsþjónustu?
- Hvers konar þjónusta er börnum sem alast upp við ofbeldi veitt?
- Hver er þekking starfsmanna þessara stofnana á ofbeldi og afleiðingum þess?
- Á hvern hátt er hægt að bæta þjónustuna?

Rætt var við 16 fagmenn, 12 þeirra eru félagsráðgjafar en hinir hafa aðra háskólamenntun innan félagsvísinda og stjórnunar. Sex viðmælenda eru félagsmálastjórar, fimm eru millistjórnendur, fjórir vinna almenn félagsráðgjafarstörf á meðan einn er forstjóri ríkisstofnunar (Anni G. Haugen, 2009).

Í skýrslu um rannsóknina eru allir viðmælendur nafngreindir og markmiðið að fá yfirlit yfir þjónustu í ákveðnum sveitarfélögum. Það getur þó hafa haft áhrif á svörin sem fengust. Eingöngu var rætt um fyrirkomulag þjónustu og því voru síðfræðileg álitamál fá, ólíkt því sem verið hefði ef rætt hefði verið við notendur þjónustunnar.

## Niðurstöður

Á öllum þeim stöðum sem þátt tóku í rannsókninni koma upp mál sem tengjast ofbeldi gegn konum. Viðmælendur töldu umræðuna hafa aukist á síðustu árum og nefnt var að bókun *Myndin af þabba* um Thelmu Ásdísardóttur hefði haft mikil áhrif á þessa umræðu. Fólk láti nú frekar vita af ofbeldi og tilkynni til barnaverndarnefndar, og stundum er haft samband við félagsþjónustu þar sem fram koma áhyggjur af konum sem talið er að búi við ofbeldi á heimili. Flest málin virðast þó tengjast því að börn séu á

heimilinu og þau virtust stundum verða eins konar aðgöngumiði að aðstoð hjá félagsþjónustunni. „... það er oft ekki fyrr en konurnar verða hræddar um börnin sín sem að þær fá þennan kraft sem þarf til að rífa sig út úr þessum vítahring.“

Þegar konur sem búa við kynbundið ofbeldi leita aðstoðar hjá félagsþjónustu er það sjaldnast vegna ofbeldisins heldur er það vegna praktískra mála svo sem húsnæðis eða fjárhagsaðstoðar sem tengist því að flytja af heimilinu. Einnig kom það sjónarmið fram að konan leiti ekki eftir aðstoð eða tali ekki um ofbeldið fyrr en eftir að því er lokið eða hún farin úr sambandinu.

Ef í ljós kemur að um ofbeldi á heimili er að ræða er sérstaklega hugað að stöðu barnanna á heimilinu. Á flestum stöðum nefndu viðmælendur innan félagsþjónustu að leggja þyrfti mat á það hvort tilkynna ætti málin til barnaverndarnefndar og á nokkrum stöðum er þessum málum alltaf vísað þangað þannig að hægt sé að vinna þau á grundvelli barnaverndarlaga. Annars staðar virðast félagsráðgjafar félagsþjónustunnar spyrja móður um börnin og veita þann stuðning sem talinn er henta. Óljóst er hvort almennt sé rætt við þessi börn innan félagsþjónustunnar og einn viðmælenda nefndi að það væri ekki oft gert, „það er hlutur sem liggur einhvern veginn í hefðinni [að tala ekki við börn], en mér finnst alveg tímabært að reyna að breyta því“.

Mál sem berast barnaverndinni vegna ofbeldis á heimili eru unnin á sama hátt og önnur mál sem henni berast. Við könnun mála er oftast talað við börnin og á nokkrum stöðum er ávallt rætt við þau hafi þau orðið vitni að ofbeldinu, eða ef um endurtekin tilvik að ræða.

Hvorki félagsþjónustan né barnaverndin leita markvisst að því hvort um ofbeldi á heimili sé að ræða þegar mál berast. Hjá félagsþjónustunni er almennt ekki spurt um ofbeldi nema einhver vísbending sé um það eða að sagt er frá ofbeldinu þegar myndast hefur ákveðið traust milli konunnar og félagsráðgjafans. „... alveg eins og við spyrjum aldrei sérstaklega út í fötlun, við tökum á móti fólki og fólk gefur upp sína komuástaðu í viðtali.“ Einn viðmælendi nefndi þó að á hans vinnustað væru konur nær alltaf spurðar um ofbeldi þegar þær leita aðstoðar og að konurnar bregðast yfirlétt vel við þessari spurningu.

Við könnun mála hjá barnavernd svöruðu viðmælendur á tveimur stöðum því að ætíð væri spurt um ofbeldi við könnun mála. Á hinum stöðunum er spurt um ofbeldi ef einhver grunur eða vísbendingar



eru um ofbeldi. Ólíkar ástæður virðast liggja fyrir því að ekki er spurt beint um ofbeldi. Á einum stað var nefnt að „þetta [ofbeldi] er ekki svona eitt af því sem við erum sérstaklega að sigta eftir. En ef það vaknar einhver grunur eða vísbending þá förum við í saumana á því.“ Annar viðmælandi vísaði beint í barnaverndarlögin þegar hann lýsti vinnubrögðunum og því að könnunin afmarkist af tilkynningarefninu og eigi ekki að vera umfangsmeiri en þörf krefur. Þá var einnig nefnt að í miklu vinnuálagi gætu þetta verið erfðar spurningar. „Það þarf hjark og fagmennsku til að horfast í augu við vonda hluti sem eru að gerast á heimilum fólks. Starfsmenn hafa mikið að gera og það er léttast að komast í gegnum daginn án þess að vera að spyrja mikið óþægilegra spurninga – maður afgreiddir það sem maður fær...“

Nefnt var að gera þyrfti verklagsreglur um málaflökkinn sem myndu stuðla að því að málin færu í ákveðinn og markvissan farveg á sama hátt og mál sem tengjast kynferðislegu ofbeldi.

Viðmælendur innan félagsþjónustu sem rætt var við skrá ekki fjölda mála sem tengjast ofbeldi á heimili en hjá barnaverndarnefndum var farið að skrá þau sérstaklega árið 2009. Fram að þeim tíma voru þessi mál skráð samkvæmt greiningar- og skilgreiningarkerfi sem notað er og þá sem tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi, en í þeim flokki voru mál sem tengdust öðrum þáttum en ofbeldi á heimili. Starfsmenn hafa því takmarkaða yfirsýn yfir fjölda þessara mála. „Reyndar er það mín tilfinning að á Íslandi sé ekki mjög mikið um líkamlegt ofbeldi, ekki nærri eins mikið og kynferðislegt til dæmis, en hins vegar alveg örugglega í meira mæli en við fáum upplýsingar um...“

Í rannsókninni var sérstaklega spurt um mál sem tengjast konum í viðkvæmum hópum, þ.e. erlendum, fötluðum og öldruðum konum. Nefnd voru nokkur tilvik þar sem málum fatlaðra kvenna hafði verið vísað til félagsþjónustu vegna ofbeldis og þar sem félagsráðgjafarnir voru ósáttir við hve takmarkaða aðstoð hægt var að veita. Það virðist mismunandi eftir stöðum hvort konur af erlendum uppruna óska eftir aðstoð vegna ofbeldis eða ekki. Á nokkrum stöðum var nefnt að þær leituðu ekki til félagsþjónustunnar og það skýrt með því að þær óttuðust að aðstoð hennar kynni að hafa áhrif á möguleika þeirra til að dvelja áfram á landinu. Á öðrum stöðum var talið að erlendar konur leituðu í auknum mæli eftir aðstoð, mögulega vegna þess að tengslanet þeirra við ættingja og vini væri minna en íslenskra kvenna. Flestar þessara kvenna eiga börn. Hvorki félagsþjónustan né barna-

verndin spyrja sérstaklega um ofbeldi þegar konur úr þessum viðkvæmu hópum leita aðstoðar. Fram kom að oft væri áfengis- og fíkniefnaneysla tengd ofbeldismálum og að starfsmenn töldu sig þá vera meira vakandi fyrir mögulegu ofbeldi.

Langflestum málum sem tengjast kynbundnu ofbeldi er vísað til barnaverndarnefnda af lögreglu. Þau berast einnig frá heilsugæslu, nágrönnum og öðrum. Fram kom að tilkynningum frá heilsugæslu hefði fjölgað eftir að komið var á markvissu samstarfi á einum stað og það sama hefði gerst eftir að lögregla tók upp ákveðnar vinnureglur í þessum málaflökki árið 2005. Þar sem reglulegt samstarf er á milli þjónustuaðila virðast tilkynningar berast oftar og var til dæmis nefnt að eftir að formlegt samstarf hófst við sjúkrahús á einum stað berist nú alltaf tilkynningar þegar kona leitar aðstoðar vegna ofbeldis á slysadeild, jafnvel þó að barn hennar sé ekki með áverka og hafi ekki verið á heimilinu þegar ofbeldið átti sér stað.

Yfirleitt er börnum, sem búíð hafa við ofbeldi, ekki boðið upp á nein sértæk úrræði. Það sem fyrst er hugað að er hvort barnið sé í öruggum aðstæðum og ef svo er ekki þá er reynt að aðstoða móður við að tryggja það. Tveir viðmælendur nefndu möguleika á því að vísa ofbeldismanni af heimili eða óska eftir nálgunarbanni þannig að barnið gæti dvalið áfram á heimili sínu. Allir viðmælendur nefndu mikilvægi Kvænnaathvarfsins og að móðir og barn væru styrkt til að dvelja þar ef þörf krefði. Einn viðmælenda velti því fyrir sér hvort fagfólk félagsþjónustunnar treysti ef til vill um of á þjónustu athvarfsins. Félagþjónustan getur boðið móður fjárhagsaðstoð og reynt að aðstoða hana við að komast í nýtt húsnæði. Dálítið mismunandi er eftir stöðum hvort móðurinni eru boðin viðtöl hjá félagsþjónustunni eða hún aðstoðuð við að komast í viðtöl hjá öðrum sérfræðingum. Barnaverndin nýtir þau úrræði sem nefnd eru í barnaverndarlögum svo sem persónulegan ráðgjafa og stuðningsviðtöl. Á einum stað var í undirbúningi að koma á hópastarfi fyrir börn sem búíð hafa við ofbeldi og tilboð fyrir þau um leik- og listmeðferð. Á minni stöðunum var það tekið fram að auðveldara væri að sérsmíða stuðningsúrræði í hverju einstöku tilviki og að kerfið væri sveigjanlegra og skjótvirkara en á höfuðborgarsvæðinu. Á þessum stöðum var einnig nefnt að skortur væri á fagfólki með þekkingu á ofbeldi sem gæti boðið börnum og mæðrum viðtöl og meðferð. Það væri bæði dýrt og oft erfitt að sækja þessa þjónustu til Reykjavíkur.





Almennt töldu viðmælendur að starfsmenn félagsþjónustu og barnaverndar hefðu góða þekkingu á ofbeldi, en þó væri þörf á frekari fræðslu, bæði fyrir þessa starfsmenn og fyrir samstarfsaðila svo og starfsmenn sem veita aðstoð á heimilum fólks eins og heimilishjálpar og heimahjúkrun. Áherslan í fræðslu ætti fyrst og fremst að miða að því að:

- auka meðvitund um tilvist ofbeldis,
- að fá betri þekkingu á afleiðingum þess fyrir börn að alast upp á heimili þar sem ofbeldi viðgengst,
- að auka þekkingu á þeirri aðstoð sem börnin þurfa að fá,
- að geta tekist betur á við mál úr ólíku menningarumhverfi.

Ein leið til að efla fræðslu var talin að hafa reglulega fundi með öllum þeim aðilum sem koma að málafnum barna sem búa við ofbeldi eins og til dæmis starfsmönnum skóla, heilsugæslu og lögreglu. Þar yrði rætt almennt um málaflokkinn, kynntar rannsóknir um ofbeldi og fjallað um á hvern hátt hægt væri að mæta þessum börnum. Þá var einnig nefnt að gagnlegt gæti verið að fá fræðslu frá einhverjum sem búið hefur við ofbeldi og getur fjallað um reynslu sína. Margir viðmælendur óskuðu eftir fræðslu frá starfsmönnum Kvennaathvarfsins en einnig var nefnt að ef til vill þyrftu þeir einnig að fá aukinn stuðning og hann gæti fagfólk á þjónustumiðstöðvum veitt. Þá var nefnt að bjóða ætti upp á námskeið í Háskóla Íslands um ofbeldi.

Nokkrir viðmælendur lögðu áherslu á fræðslu og umræðu um skömmina sem oft er svo ríkjandi hjá konum sem verða fyrir ofbeldi á heimili. „Ofbeldinu fylgir oft svo mikil skömm, þannig að það þarf að opna þessa umræðu svo konurnar þori að stíga fram.“

Þær tillögur sem fram komu til úrbóta í málaflokknum og snúa að börnum voru:

- Skráning þarf að vera þannig að fjöldi barna verði sýnilegur og auðveldara verði að byggja upp þjónustu.
- Útbúa þarf verklagsreglur fyrir barnaverndarstarfsmenn í málaflokknum.
- Gera þarf átak til að kenna börnum að nota 112 og biðja um hjálpar vegna ofbeldis.
- Starfsmenn Kvennaathvarfs haldi námskeið fyrir barnaverndarstarfsmenn um kynbundið ofbeldi og afleiðingar þess.

- Nýta þarf Barnahús í málum sem tengjast ofbeldi á heimilum.
- Koma á ráðgefandi teymi sérfræðinga þar sem barnaverndarstarfsmenn geta leitað aðstoðar.

## Umræða

Í þessari rannsókn var aðeins rætt við lítinn hluta þess fagfólks sem vinnur hjá félagsþjónustu og barnavernd. Því verður að líta á niðurstöðurnar sem dæmi um viðhorf, skoðun og hugmyndir þeirra sem rætt var við og vafasamt að alhæfa út frá þeim. Engu að síður er leitast við að varpa skýrara ljósi á þennan málaflokk og fá mynd af því á hvern hátt félagsþjónusta og barnavernd styðja konur sem búa eða hafa búið við ofbeldi og börn þeirra.

Allir viðmælendur voru uppteknir af stöðu barnanna þegar verið er að vinna að máli sem tengist kynbundnu ofbeldi en nálgun þeirra virðist vera með ýmsu móti. Konurnar virðast leita til félagsþjónustunnar vegna praktískra mála, svo sem aðstoðar vegna húsnæðis eða fjárhagsvanda og eru þá oft að undirbúa að flytja frá ofbeldismanninum. Kvennaathvarfið og aðrir opinberir aðilar benda konum einnig á að leita eftir þessari þjónustu. Víðast hvar er unnt að bjóða konunum viðtöl, annaðhvort innan eða utan stofnunarinnar en hvorki virðist vera lögð áhersla á að ræða við börn kvennanna né að veita þeim markvissan stuðning, þrátt fyrir að börnin séu eins konar aðgöngumiði að þjónustu. Engin skýring kom fram á því hvers vegna svo lítil áhersla er lögð á að tala við börnin en nefnt var að lítil hefð væri fyrir því að ræða við börn innan félagsþjónustu en tímabært væri að breyta því. Þessi niðurstaða er í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna að bæði foreldrar og opinberir aðilar veita börnum takmarkaðar upplýsingar um erfiða hluti innan fjölskyldunnar eins og skilnað og barnaverndarafskipti. Þrátt fyrir það má ætla að þessi börn hafi lítinn aðgang að stuðningi annars staðar en hjá fjölskyldu sinni. Vísendingar eru til dæmis um að starfsmenn skóla hafi litla möguleika á að sinna þeim (Guðrún Helga Sederholm, 2009).

Skyldur félagsþjónustunnar gagnvart börnum eru miklar og þær eru m.a. áréttaðar í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Vera má að fagfólk félagsþjónustu telji að barnaverndin eigi frekar að ræða við börnin og veita þeim stuðning en það hvort málum er vísað frá félagsþjónustu til barnaverndar virðist hins vegar fremur óljóst og þessi rannsókn svarar ekki hvað það er sem veldur því.

Flest þessara mála berast barnaverndinni frá lögreglu. Barnaverndin hefur skýrt umboð og ber skylda til að sinna málefnum barna sem búa við óviðunandi aðstæður. Fylgt er málsmeðferðarreglum barnaverndarlaganna, m.a. við að meta þörf barns fyrir stuðning og við könnun mála er í flestum tilvikum rætt við barnið. Hjá viðmælendum innan barnaverndar var þó sjaldnast regla að spyrja um ofbeldi, nokkuð sem auðveldlega getur leitt til þess að það uppgötvast ekki og að ekki er unnið með það eða afleiðingar þess. Ástæðurnar sem nefndar voru fyrir þessu voru að samkvæmt barnaverndarlögum eigi könnun mála ekki að vera umfangsmeiri en þörf krefur og að lögð sé áhersla á meðalhófsreglu. Í 22. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 segir að markmið könnunar sé að afla nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður og hagi barns, meðal annars um aðbúnað þess á heimili, tengsl við foreldra og fleira. Liður í því er að ganga úr skugga um hvort barn búi við ofbeldi og jafnframt er þá opnað á möguleika fyrir barn og foreldri að ræða ofbeldið sem svo oft er þagað um og litað af skömm. Þetta skiptir sérstaklega miklu máli þegar um er að ræða viðkvæma hópa kvenna svo sem erlendar konur, fatlaðar konur og konur sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða og sem oft hafa lítið tengslanet kringum sig og börnin.

Af niðurstöðum rannsóknarinnar má draga þá ályktun að bæði barnavernd og félagsþjónusta þurfi að vera markvissari í vinnu sinni við að aðstoða þau börn sem búa við eða hafa búið við ofbeldi. Þá er þörf á að skýra betur hvort öll mál af þessum toga eigi að vinna sem barnaverndarmál, hvort og þá hvernig félagsþjónustan sinnir þeim og í hvaða tilvikum eigi að vísa þeim til barnaverndar. Í þeirri umræðu er nauðsynlegt að skoða reynsluna frá Bretlandi og hvort barnaverndin sé í stakk búin til að taka við þessum aukna málafjölda. Einnig þarf að skýra hvernig félagsþjónustan ætlar að styðja þessi börn ef málum þeirra er ekki vísað til barnaverndar og hvort rétt sé að efla þátt frjálsra félagasamtaka í málaflokknum.

Ein leið til að vinna að því að aðstoða fleiri börn sem búa við þennan vanda er að koma á kembileit innan barnaverndar eins og komið hefur verið á víða erlendis (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Forsendan fyrir slíkri leit er að komið verði á sérstöku verklagi sem unnið er eftir og að viðeigandi úrræði séu til staðar. Mæðurnar þurfa aðstoð í anda valdeflingar og meta þarf þörf þeirra fyrir hjálp til að sinna þörfum barnsins. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort eða á hvern hátt unnið er með feðrunum en mikilvægt er að

skoða tengsl barnsins við ofbeldismanninn og hvernig hann kemur að því að styðja barnið og tryggja velferð þess.

Hér getur reynt á samstarf margra aðila í umhverfi barnsins og reglulegir samstarfsfundir og fræðsla um málaflokkinn er nauðsynleg um leið og hlutverk einstakra stofnana og fagmanna er skýrt, og tryggt er að trúnaður um málefni barnsins sé í heiðri hafður. Félagsráðgjafar bæði innan félagsþjónustu og barnaverndar eru í lykilstöðu til að þróa þessi verkefni og veita þeim forystu.

Það er gleðilegt að sjá að ákveðin hreyfing er á þessum málaflokkum, Barnaverndarstofa er að undirbúa sérstakt meðferðarúrræði fyrir börn sem búa við ofbeldi og á einhverjum stöðum er að hefjast kembileit. Akureyrarbær hefur samþykkt sérstaka aðgerðaráætlun gegn kynbundnu ofbeldi, þar sem sjónum er einnig beint að börnum og gera má ráð fyrir að fleiri sveitarfélög fylgi á eftir.

### Heimildir

- Anni G. Haugen. (2007). Samvinna í barnavernd. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 231–240). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Anni G. Haugen. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. *Barnaverndarlög nr. 80/2002*.
- Barnaverndarstofa. (2009). *Samanburður á barnaverndarmálum á fyrstu sex mánuðum árána 2008 og 2009*. Sótt 4. janúar 2010 á <http://www.bvs.is/files/file791.pdf>.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (1997). *Skýrsla um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.
- Featherstone, B. og Peckover, S. (2007) Letting them get away with it: fathers, domestic violence and child welfare, *Critical Social Policy* 27, pp181–202.
- Félagsmálaráðuneytið. (e.d.). *Ríkisstjórnin undirbýr aðgerðir gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi*. Sótt 5. janúar 2010 á <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkygningar/nr/2093>.
- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2005). *Risk factors for repeated child maltreatment in Iceland*. Reykjavík: University of Iceland Press.
- Gorin, S. (2004). *Understanding what children say about living with domestic violence, parental misuse or parental health problem*. Sótt 1. júní 2010 á <http://www.jrf.org.uk/sites/files/jrf/514.pdf>.
- Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir og Steinunn Gestsdóttir. (2007). *Það er ljótt að meíða. Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum: Helstu niðurstöður könnunar*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.



- Guðrún Kristinsdóttir. (1991). *Child Welfare and Professionalization*. Umeå Social Work Studies 15. University of Umeå, Sweden.
- Guðrún Helga Sederholm. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð skólustjóra 10 grunnskóla*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Halla Björk Marteinsdóttir (ritstj.). (2010). *Ársskýrsla 2008 og 2009*. Reykjavík: Barnaverndarstofa. Sótt 27. maí 2010 á <http://www.bvs.is/files/file853.pdf>.
- Holt, S., Buckley, H. og Whelan, S. (2008) The impact of exposure to domestic violence on children and young people: a review of the literature, *Child Abuse and Neglect* 32, pp797–819.
- Hildigunnur Ólafsdóttir, Sigrún Júlíusdóttir og Þorgerður Benediktsdóttir. (1982). Ofbeldi í íslenskum fjölskyldum. *Gæðvernd* 17, 7–31.
- Ingólfur v. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum Orsakir Afleiðingar Úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Irwin, J. og Waugh, F. (2007) Domestic violence: a priority in child protection in New South Wales, Australia?, *Child Abuse Review* 16, pp311–322.
- Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Sótt 5. janúar 2010 á [http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Samantekt\\_um\\_rannsokn\\_a\\_ofbeldi\\_gegn\\_konum.pdf](http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/09FrettatengtFEL09/Samantekt_um_rannsokn_a_ofbeldi_gegn_konum.pdf).
- Kvennaathvarfið. (e.d.). *Ársskýrsla 2008*. Sótt 5. janúar 2010 á <http://www.kvennaathvarf.is/utgafa/Arsskyrslur/>.
- Lang, J.M. og Stover C. S. (2008). Symptom Patterns Among Youth Exposed to Intimate Partner Violence. *Journal of Family Violence* 23, pp 619-629.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991*.
- Miller-Perrin, C.L. og Perrin, R.D.(2007). *Child maltreatment: An introduction*. London: Sage Publications.
- Nicholas, S., Povey, D., Walker, A. og Kershaw, C. (2005) Crime in England and Wales 2004/2005, *Home Office Statistical Bulletin* 11/05. London: Home Office
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992*
- Sandbæk, M. (1999). Children with problems: Focusing on everyday life. *Children & Society*, 13, 106–118.
- Scourfield, J. (2003). *Gender and Child Protection*. New York: Palgrave Macmillan.
- Sigríður Svana Helgadóttir. (2009). *Kynbundið ofbeldi: Ástand, lög og aðgerðir á Norðurlöndum*. Akureyri: Jafnréttisstofa.
- Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2007). Sýn ungmenna á foreldratengsl, stuðning og röskun í kjölfar skilnaðar. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 251–262). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Spilsbury, J.C., Shoshana, K., Drotar D., Creedon, R., Flannery, D.J. og Friedman, S. (2008). Profiles of behavioral problems in children who witness domestic violence. *Violence and Victims*, 23(1), 3–18.
- Stanley, N., Miller, P., Foster, H.R., og Thomson, G. (2010). *Children and families experiencing domestic violence: Police and children's social services' responses*. Sótt 24. maí 2010 á [www.nspcc.org.uk/inform](http://www.nspcc.org.uk/inform).
- Överlien, C. (2007). Barn som upplever pappas våld mot mamma – vad säger forskningen? *Nordisk sosialt arbeid*, 27(4), 238–250.

# Nýragjöf – reynsla lifandi gjafa

Anna Dóra Sigurðardóttir, MA

félagsráðgjafi á skilunardeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss



## Útdráttur

Greinin fjallar um eiginlega rannsókn á sjö lifandi nýragjöfum sem er hluti af meistaranámi. Leiðbeinandi var doktor Sigrún Júlíusdóttir, prófessor. Markmið rannsóknarinnar var að dýpka skilning á ástæðum og ákvörðunarferli lifandi nýragjafa ásamt því að skoða upplifun þeirra af þjónustu og stuðningi heilbrigðisstarfsfólks á ferlinu. Einnig var könnuð upplifun gjafanna af því að hafa gefið nýra. Niðurstöður gefa vísbendingar um að nýragjöf frá nákomnum sé góður kostur, fyrir gjafa, þega og fjölskyldu. Margt bendir til, og niðurstöður hér styðja það, að nýragjöf frá maka sjúklings sé æskileg – að því gefnu að um sterk og ástrík hjónabönd sé að ræða.

**Lykilorð:** Lifandi gjafar, lífsgjöf, ákvörðunarferli, ástæður, siðferðisleg málefni.

This article focuses on live kidney donation. It describes a qualitative study in which seven donors, aged 36–67 were interviewed, one to three years after donation. The aim of the study was to learn about and to explore the experience of the donors, their motives, the decision-making process, the support of the health care staff in the evaluation process and the donor's quality of life after donation.

The main results indicate that the key motives were a desire to improve the recipient's health and loyalty toward the recipient and/or the original family. For the spouses, the donation had also improved their own lives. Most of the donors made their decision immediately. The decision-making process and the waiting time before the surgery could be emotionally difficult for various reasons.

**Key words:** Living-kidney donors, gift of life, decision-making process, motives, ethical issues.

## Inngangur

Rannsókninni sem hér verður lýst var ætlað að vera innlegg í fræðilega umræðu um nýragjafir frá lifandi gjöfum ásamt því að styrkja stöðu félagsráðgjafa í íslenska ígræðsluteyminu. Fyrst og fremst var hún þó hugsuð til að dýpka skilning á ástæðum og ákvörðunarferli lifandi nýragjafa, ásamt því að skoða upplifun þeirra af þjónustu og stuðningi heilbrigðisstarfsfólksins á ferlinu og því að hafa gefið nýra. Á Íslandi hafa ekki verið gerðar rannsóknir á þessum þáttum áður (Anna Dóra Sigurðardóttir, 2009). Þess ber þó að geta að danskur hjúkrunarfræðingur lauk

nýlega doktorsritgerð um nýrnaígræðslur og ræddi hún meðal annars við nokkra íslenska þega og gjafa (Fröjk, 2006). Erlendis, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, hefur reynsla lifandi gjafa af nýragjöf hins vegar verið nokkuð rannsökuð og til þess jafnvel verið hvatt af stjórnvöldum. Árið 2004 undirritaði George Bush, þáverandi Bandaríkjaforseti, til dæmis lög um sérstakar fjárveitingar til ýmissa þátta tengdum líffæragjöfum, þar á meðal til rannsókna (Warren, 2004). Í fræðilegri umfjöllun um rannsóknir á reynslu lifandi gjafa er hér því fyrst og fremst stuðst við erlent efni.

Nýrnabilun á lokastigi er vaxandi vandamál á Vesturlöndum sem meðal annars er hægt að mæta með ígræðslu nýrna úr látnum og lifandi gjöfum. Vegna skorts á líffærum frá látnum gjöfum hefur ígræðslum á nýrum frá lifandi gjöfum fjölgað á undanförunum áratugum. Fyrsta árangursríka nýrnaígræðslan fór fram í Bandaríkjunum árið 1954 þegar nýra var flutt milli eineggja tvíbura (Harrison og Bennett, 1977) en með tilkomu ónæmisbælandi lyfja urðu til möguleikar á að flytja nýru milli óskyldra einstaklinga (Margrét Birna Andrésdóttir og Runólfur Pálsson, 2000). Auknir möguleikar á nýrnaígræðslu hafa hins vegar gert allt ferlið flóknara hvað snertir félags- og siðferðislega þætti, þar sem gjafi getur í dag verið bæði líffræðilega og tilfinningalega óskyldur þeganum.

Árið 2003 var byrjað að framkvæma ígræðslur nýrna frá lifandi gjöfum á Íslandi en þær hafa verið 65–70% allra nýrnaígræðslna í íslenska sjúklinga síðustu tvo áratugi. Hlutfall lifandi íslenskra gjafa er með því allra hæsta sem þekkest á Vesturlöndum (Runólfur Pálsson, 2009). Íslenskur læknir, búsettur í Bandaríkjunum, framkvæmir aðgerðirnar í samstarfi við íslenska skurð- og lyflækna en aðrar fagstéttir koma einnig að málinum, þar á meðal félagsráðgjafi.



## Fræðilegt bakland

### *Hlutverk félagsráðgjafa í ígræðsluteymi*

Félagsráðgjafi er yfirleitt talinn nauðsynlegur starfskraftur í ígræðsluteymi þó hlutverk hans sé nokkuð mismunandi eftir sjúkrahúsum. Dæmi eru um að félagsráðgjafar hafi þróað og sjái um *sálfélagslegt mat* sem á sumum sjúkrahúsum er viðbót við læknisfræðilegt mat á gjafa (Stern, Zelikovsky, Green, Kaplan, 2006). Mat á gjafa felur í sér ákveðið ferli sem snýst í grunninn um læknisfræðilegt mat en tilgangur þess er að tryggja líkamlegt öryggi gjafans og draga úr neikvæðum áhrifum þess að gefa nýra. Sálfélagslegt mat í tengslum við nýragjöf frá lifandi gjafa getur haft bæði þann tilgang að auðvelda ígræðsluteyminu eða lækni að meta mögulega gjafa og jafnframt mögulegum gjöfum að taka ákvörðun sína (Kahn og Matas, 2002). Dæmigert sálfélagslegt mat felur í sér: Mat á hæfileikum mögulegs gjafa til að gefa *upplýst samþykki*; *ástæðum* hans fyrir nýragjöfnni; *tengslum* gjafa og þega; *tilfinningum* og *hegðun* sem geti haft áhrif á nýragjöfina og loks á því hvort *fjárhags-* og *félagslegt* stuðningskerfi mögulegs gjafa sé fullnægjandi (Stern, Zelikovsky, Green og Kaplan, 2006).

Hlutverk félagsráðgjafa íslenska ígræðsluteymisins hefur verið í mótun undanfarnin ár. Í dag fá allir sem þjóða sig fram til að gefa nýra, viðtal við félagsráðgjafa, eftir að læknisfræðilegar rannsóknir hafa leitt í ljós möguleikann á að gefa. Hann ber ábyrgð á að kanna félags- og fjárhagslega stöðu viðkomandi og veita upplýsingar um þá aðstoð sem til boða stendur í tengslum við nýragjöfina. Fjárhagsaðstoð til að mæta launatapi lifandi íslenskra nýragjafa var ótrygg þar til 1. janúar 2010. Þá tóku gildi lög um réttindi þeirra til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar á meðan þeir geta hvorki stundað vinnu né nám vegna líffæragjafa (Lög um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar nr. 40/2009).

Félagsráðgjafi ræðir einnig við væntanlegan gjafa um ákvörðunina um að gefa nýra og ástæður fyrir gjöf. Þá kannar hann þörf gjafa og annarra fjölskyldumeðlima fyrir stuðning og fræðslu í tengslum við nýragjöfina og miðlar þeirri þjónustu.

### *Ákvörðunarferli lifandi nýragjafa*

Einn mikilvægasti þátturinn í því ferli sem fer af stað þegar fjölskyldumeðlimur þarf á nýju nýra að halda er ákvörðunarferlið innan fjölskyldunnar. Rannsóknir Fellner og Marshall og Simmons o.fl. á ákvörðunarferli lifandi nýragjafa sýndu að ákvörðun meirihluta þeirra byggðist síður en svo á grunni hins upplýsta

samþykkis. Þannig virtist meirihluti gjafanna taka ákvörðun um að vilja gefa nýra um leið og hann frétti af þörf þega fyrir nýra. Upplýsinga var ekki leitað áður en ákvörðunin var tekin og hún var aldrei endurskoðuð (Fellner og Marshall, 1968; Simmons, Marine og Simmons, 2002). Umhugsunarferli gjafanna fólst fyrst og fremst í því að meta hvort þeir hefðu meiri skyldur við þegana en við núverandi fjölskyldu sína (Simmons o.fl., 2002). Í rannsóknnum hefur einnig komið fram að minnihluti gjafa frestaði að taka ákvörðun en samþykkti að gangast undir frumrannsóknir og láta kanna hvort þeir gætu gefið nýra. Við jákvæða niðurstöðu á því, en án þess að hafa enn ákveðið að gefa nýra, héldu þeir síðan áfram í rannsóknnum þar til allir í kringum þá – væntanlegur þegi, heilbrigðisstarfsfólk og aðrir fjölskyldumeðlimir – gerðu ráð fyrir að þeir vildu gefa nýra. Sjálfir upplifðu gjafarnir ýmist að hafa ekki tekið þá ákvörðun eða að hafa tekið hana á síðustu stundu þegar engir aðrir möguleikar virtust vera fyrir hendi (Fellner og Marshall, 1968; Simmons o.fl., 2002).

Skýringa á því að tekin er skjót og umhugsunarlítill ákvörðun um jafn mikilvægt málefni, má meðal annars leita í rannsóknnum á *ástæðum* gjafa fyrir nýragjöfnni. Þar koma fram ýmsar ástæður svo sem endurgjald greiða og hræðsla við að fá samviskubit ef nýra yrði ekki gefið (Yi, 2003). Þá hefur sjálfsvinningur vegna bættrar heilsu þegans, utanáðkomandi þrýstingur, aukið sjálfsmat og trúarlegar ástæður einnig komið fram sem ástæða fyrir gjöf (Lennerling, Forsberg og Nyberg, 2003; Lennerling, Forsberg, Mayer og Nyberg, 2004; Simmons o.fl., 2002;). Algengust er hins vegar ástæðan að hjarga lífi nákomins ættingja eða bæta lífsskilyrði hans (Brown, Lou Karley, Boudville, Bullas, Garg, Amit o.fl., 2008; Eggeling, 1999; Hilton og Starzomski, 1994; Pradel, Mullins og Bartlett, 2003; Simmons o.fl., 2002; Yi, 2003). Þá hefur tilfinningin um að vera að uppfylla mikilvæga siðferðilega skyldu gagnvart fjölskyldunni einnig komið fram sem algeng ástæða (Lennerling o.fl., 2003; Simmons o.fl., 2002; Yi, 2003) og vilji til að halda fjölskyldunni „heilli“ og samstilltri (Yi, 2003). Hjá foreldrum og systkinum hefur ennfremur komið fram að gefið er vegna ástar á viðkomandi þega en hugtakið ást eða það að láta sig djúpt varða, tengist hugtökum eins og *siðferðileg skylda* og *óeingingirni* (altruism) (Brown o.fl., 2008; Lennerling o.fl., 2003; Lennerling o.fl., 2004).

*Tengsl í fjölskyldum – hollustubönd*

Meginástæður gjafa koma ekki á óvart en í gegnum tíðina hefur fjölskyldum borið skylda til að „sjá fyrir sínum“; fyrr á öldum fyrst og fremst fjárhagslega (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1988; Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Í nýlegri skilgreiningu á fjölskyldunni kemur meðal annars fram að fjölskyldumeðlimir séu skuldbundnir hverjir öðrum í „siðferðilegri, gagnkvæmri hollustu“ (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Kennning Ungverjans Boszormenyi-Nagy um hulin hollustubönd í fjölskyldum lýtur að því hvernig skyldur innan fjölskyldunnar myndast og viðhaldast. Að hans mati liggur hugtakið „loyalty“ sem þýða má sem *tryggð* eða *hollusta* til grundvallar dýpri tengslamyndun innan fjölskyldna. Hann líkir hollustu- og tryggðaböndum við ósýnilega en sterka þræði sem haldi saman flókinni „tengslahegðun“ innan fjölskyldna. Ætli einstaklingurinn sér að vera tryggur hópfélagi þurfi hann að hafa tileinkað sér gildi og væntingar hópsins og gert þau að sínum. Hann þurfi jafnframt sjálfur að telja sig færna að standa undir þeim. Um sé að ræða eins konar kvöð til að reynast öðrum vel sem þýðir í verki að einstaklingurinn er af eigin vilja tilbúinn til að ganga gegn eða fórna eigin hagsmunum fyrir aðra í fjölskyldunni. Jafnframt býst hann líka við því sama af öðrum sér tengdum. Þessi viðhorf festast síðan í sessi og flytjast áfram í vitund einstaklinga og í fjölskyldusögunni.

Samkvæmt kenningunni getur tryggð eða hollusta fjölskyldumeðlima við hvern annan orðið of mikil og breyst í hlýðni eða kvöð fremur en tryggð. Við það skapist ójöfnuður þar sem sumir séu knúnir til að leggja meira á sig í þágu annarra en þeir fá endurgoldið. Framlag þeirra verði í staðinn eins konar fórn og skapi vanlíðan sem geti haft heftandi áhrif á einstaklinginn (Boszormenyi-Nagy og Spark, 1973; Sigrún Júlíusdóttir, 1997).

*Nýragjöf frá maka*

Í rannsókn Lennerling o.fl. (2003) kom sjálfsávinn-ingur vegna bættrar heilsu þegans fram sem ástæða og þá eingöngu hjá gjöfum sem gefið höfðu maka sínum. Í annarri og umfangsmeiri rannsókn þeirra frá 2004 kom þessi sama ástæða fram hjá mökum og reyndar einnig hjá foreldrum sem gáfu börnum sínum nýra (Lennerling o.fl., 2003; Lennerling o.fl., 2004).

Nýragjöf frá maka varð að veruleika með tilkomu ónæmisbælandi lyfja. Einn og sér getur möguleikinn á nýragjöf frá maka skapað siðferðilega togstreitu. Maki í veikari stöðu getur verið undir þrýstingi til

að gefa og „fórna“ sér fyrir fjölskylduna hvað þetta snertir (Watanabe og Hiraga, 2002). Þá hefur verið bent á að makinn (oftast eiginkonan) eigi betra með en sjúklingurinn sjálfur að segja frá þörf hans fyrir nýra. Ef maki hefur ekki sjálfur áhuga á að gefa nýra missir sjúklingurinn þennan „talsmann“ þar sem maki sem getur mögulega gefið nýra, en vill það ekki, er í verri aðstöðu til að ætlast til nýragjafar frá öðrum (Simmons o.fl., 2002).

Á móti þessu kemur að stuðningsmenn þess að makar gefi nýra, bæði frá Bandaríkjunum, Japan og Sviss, hafa greint frá bættum fjölskyldusamskiptum, þar á meðal styrkingu hjónabandsins, endurreisn kynhlutverka, bættu kynlífi og betri tilfinningalegum tengslum við börnin (Mazaris og Papalois, 2006).

**Aðferð**

Í rannsókninni sem hér verður lýst var notuð eigindleg rannsóknaraðferð en hún byggir á kenningum hugsmíðahyggju (constructivism) um að veruleikinn sé félagslega skapaður. Undir sjónarhorn hugsmíðahyggjunnar falla einnig kenningar um táknbundin samskipti (symbolic interaction) sem fela í sér að hlutir eða fyrirbæri hafi ekki merkingu í sjálfu sér heldur sé þeim gefin merking í gegnum félagsleg samskipti einstaklinga. Markmið eigindlegra rannsókna er því ekki að leiða í ljós „sannleika“ heldur fremur að birta reynslu einstaklinga af ákveðnum atburðum og því hvaða merkingu atburðurinn hefur fyrir þá (Bogdan og Biklen, 2007). Hin eigindlega aðferð var valin hér þar sem markmið rannsókanda var að kanna persónulega reynslu lifandi einstaklinga af ýmsum þáttum tengdum nýragjöf ásamt upplifun þeirra af því að hafa gefið nýra. Helstu takmarkanir rannsóknarinnar, eðli málsins samkvæmt, eru að um fáa þátttakendur er að ræða auk þess sem þeir segja frá atburði sem liðinn er fyrir þó nokkru.

Undirbúningur rannsóknarinnar fólst meðal annars í því að senda tilkynningu um rannsóknina til Persónuverndar og fá leyfi fyrir rannsókninni hjá siðanefnd Landspítalans. Einnig var sótt um leyfi yfirlæknis nýrnalækninga á Landspítalanum fyrir aðgengi að gjöfunum.

Tekin voru viðtöl við sjö einstaklinga, þrjá karla og fjórar konur, á tímabilinu nóvember 2006 til febrúar 2007. Frá nýragjöfni voru liðin eitt til þrjú ár. Tveir gjafar gáfu maka sínum nýra, einn gaf foreldri og fjórir gáfu systkini. Fjórir gjafanna sem gáfu foreldri eða systkini voru giftir eða í sambúð. Við nýragjöfina var yngsti gjafinn 36 ára og elsti 67 ára. Fimm nýra-

þegar af sjö (þar af báðir sem fengu nýra frá maka sínum) voru í skilun (meðferð við nýrnabiluninni) þegar nýraígræðslan fór fram.

Val á þessum þátttakendum fór fram eftir ábendingum frá nýrnalæknum. Sambandi við þá var komið á í gegnum þann nýrnalækni sem hverju sinni hafði haft yfirumsjón með ígræðslunni og kannaði hann vilja gjafa til þátttöku í rannsókninni. Jákvætt svar fékkst strax frá öllum sem beðnir voru um þátttöku. Rannsakandi hafði samband við þátttakendur til að ákveða stað og stund viðtals og mættu þeir allir. Í upphafi viðtals fékk gjafi afhent og las yfir kynningarbréf um rannsóknina og skrifaði undir upplýst samþykki. Rannsakandi bauð upp á að hafa samband við þátttakendur eftir viðtölin til að kanna hvort erfiðar tilfinningar hefðu rifjast upp. Í kynningarbréfinu til þátttakenda kom fram að þeim stæði til boða stuðningsviðtal undir þeim kringumstæðum.

Trúnaður gagnvart þátttakendum var tryggður með því að breyta nöfnum þeirra auk þess sem persónugreinanlegum gögnum var eytt að lokinni rannsókn.

Gagnaöflun fólst í u.þ.b. klukkustundarviðtali við hvern þátttakanda og fóru þau öll fram á Landspítalanum. Notaður var hálfstaðlaður spurningalisti sem breyttist lítilllega (lengdist) milli viðtala. Lögð var megináhersla á að fá fram upplifun gjafanna sjálfra af ástæðum fyrir gjöf, ákvörðunarferlinu, undirbúningi og eftirfylgd ásamt reynslu þeirra af því að hafa gefið nýra. Öll viðtölin voru hljóðrituð og síðan afrituð orðrétt.

Gagnagreining fór fram með því að lesa gögnin ítrekað yfir. Þannig birtust þemun eitt af öðru en þau helstu voru óeigingirni og hollusta, samúð og traust, togstreita og kvíði, sátt og þakklæti.

## Niðurstöður

Rannsóknarspurningarnar snérust um ástæður fyrir nýragjöfinni, reynslu gjafa af ákvörðunarferli, reynslu af undirbúningsferli og eftirfylgd og loks upplifun þeirra af því að hafa gefið nýra. Niðurstöðum rannsóknarinnar var skipt í fjóra hluta í samræmi við rannsóknarspurningarnar.

### Ástæður fyrir gjöf

Meginástæður allra gjafanna fyrir nýragjöfinni voru að bæta lífsskilyrði þeganna og hollusta við þega og/eða upprunafjölskyldu. Flestir töldu sjálfa sig vera hentugasta gjafann, bæði útfrá félagslegu sjónarhorni (töldu sig vera í bestu aðstöðunni miðað við aðra í

fjölskyldunni) og líffræðilegu. Hið síðarnefnda átti þó ekki við í einu tilviki þar sem gjafi var einn eftir sem mögulegur gjafi.

Af sjö gjöfum voru þrír beðnir um að íhuga nýragjöf en fjórir buðu sig fram án þess að vera beðnir. Athyglisvert er að í öllum tilvikum þeirra gjafa sem gáfu foreldri og systkinum (alls fimm) voru aðrir fjölskyldumeðlimir viðstaddir þegar þeir fréttu af þörf þegans fyrir nýra. Í sumum tilvikum var jafnvel þeginn sjálfur viðstaddur. Oftast var það einnig náinn fjölskyldumeðlimur sem sagði gjafanum frá þörfinni. Viðbrögð gjafanna við þörf þeganna fyrir nýra sýndu ef til vill fyrst og fremst þá hollustu sem þeir finna fyrir gagnvart þegunum en einnig gagnvart fjölskyldunni. Allir áttu þeir greinilega sameiginlegt að telja það í verkahring fjölskyldunnar að uppfylla þörf þegans fyrir nýra. Hollusta þeirra birtist í samanburðinum sem þeir gerðu á sínum aðstæðum og annarra í fjölskyldunni sem leiddi til þeirrar niðurstöðu hjá flestum að það væri þeirra sjálfra fremur en hinna að gefa nýra.

### Ákvörðunarferlið

Hvað ákvörðunarferlið snerti sögðust allir gjafarnir nema tveir hafa verið tilbúnir til að gefa um leið og þeir heyrðu af þörf þega fyrir nýra og vissu að það væri möguleiki að þeir gætu gefið. Tveir tóku sér lengri umhugsunarfrest, annar af því hann taldi sig ekki henta af líkamlegum ástæðum og hinn vegna togstreitu við maka sinn. Flestir gjafanna töldust hafa tekið ákvörðun um að vilja gefa nýra áður en þeir fengu nákvæmar upplýsingar hjá lækni um hvað í því fælist. Þá upplifðu flestir að ekki hefði farið fram mikil umræða innan fjölskyldunnar um nýragjöfina.

Langflestir gjafanna lýstu fjölskyldum sínum sem samrýmdum, og sem hægt væri að reida sig á ef erfiðleikar kæmu upp. Því virtust góð og nán tengsl, annað hvort milli gjafa og þega eða þá gjafa og upprunafjölskyldu, hafa haft áhrif á að gjafinn bauð sig fram til að gefa nýra.

Skóðað var hvað virtist auðvelda þeim að taka ákvörðun og hvað gerði þeim erfitt fyrir. Þáttur sem virtist auðvelda ákvörðunartökuna var ef til vill fyrst og fremst mikill vilji til að gefa nýra. Þá voru viðbrögð nánustu ættingja í flestum tilvikum mjög jákvæð. Að sama skapi gátu neikvæð viðbrögð einnig skapað togstreitu og kom það sérstaklega fram hjá þeim gjöfum sem áttu maka. Kvíði makanna fyrir því að nýragjöfin ætti eftir að skaða gjafann var meginástæða togstreit-

unnar. Ákvörðunin þarfnadist því umræðu í þessum tilvikum, þar til sátt náðist um nýragjöfina.

Gjafarnir voru spurdir út í áhrif fjárhagslegrar stöðu í tengslum við nýragjöfina þar sem ekki var um neina sérstaka fjárhagsaðstoð til lifandi gjafa að ræða á þessum tíma til að mæta vinnutapi. Flestir voru í fastri vinnu og fengu greidd laun frá vinnuveitanda á meðan þeir voru að ná sér eftir aðgerðina. Hjá tveimur kom fram að um tekjutap hefði verið að ræða sem vitað var fyrirfram og hafði það ekki áhrif á ákvörðunina um að gefa nýra.

### *Reynsla af undirbúningsferli og stuðningi heilbrigðisstarfsfólks*

Reynsla gjafanna af undirbúningsferlinu og stuðningi heilbrigðisstarfsfólks var í heildina góð sem lýsti sér í því að þeir styrktust í ákvörðun sinni um að gefa nýra. Fram komu ábendingar um þætti sem mætti bæta, til að styrkja þjónustuna enn frekar, en þeir voru: Að hraða ætti rannsóknarferli eins og hægt væri þar sem óvissa um möguleika á nýragjöf væri mjög erfið og á meðan gæti væntanlegum þega líka versnað; maka nýragjafa ætti að standa til boða formleg fræðsla um nýragjöf, á spítalanum; að fræðsluefni mætti bæta; að bjóða mætti upp á að hitta aðra gjafa í ákvörðunarferlinu; að undantekningalaust ætti að veita sérstök stuðningsviðtöl ef eitthvað óvænt kæmi upp í undirbúningsferlinu og jafnvel mætti viðtal við stuðningsaðila vera fastur liður í ferlinu; og að eftirfylgd mætti vera markvissari (gjafi ætti að eiga fastan tíma í skoðun árlega en ætti ekki að þurfa að panta hann sjálfur).

Fram kom að langflestum gjöfunum hafði oft verið gefinn kostur á að hætta við nýragjöfina sem flestir upplifðu sem mjög jákvætt. Með því fannst þeim hugsað um sinn hag ekki síður en þegans.

Líðan gjafanna á undirbúningsferlinu einkenndist nokkuð af kvíða. Hjá sumum, einkum mökunum, stafaði hann af óvissunni um hvort þeir mættu gefa nýrað, af læknisfræðilegum ástæðum. Einnig var tilhugsunin um aðgerðina kvíðavaldandi, sérstaklega hjá einum gjafa sem lýsti kvíðaköstum á biðtímanum fyrir aðgerð. Nokkuð mismunandi var hvort gjöfunum fannst þeir fá næga aðstoð vegna kvíðans.

### *Reynsla af nýragjöf*

Hvað varðar upplifun gjafanna af því að hafa gefið nýra var hún í heildina mjög góð. Langflestir náðu vinnuþreki innan átta vikna frá uppskurði þó hjá einum gjafa tæki batinn mun lengri tíma. Hjá öllum

kom fram sátt við að hafa gefið sem gera má ráð fyrir að stafaði af því að allar aðgerðirnar heppnuðust vel. Þá kom einnig fram að þegarnir hefðu ekki litid á nýragjöfina sem sjálfsagða og að þakklæti þeirra og stórfjölskyldunnar eftir gjöf var mikið. Margir gjafanna upplifðu einnig sjálfir þakklæti yfir að hafa með nýragjöfinni fengið tækifæri til að bæta líf þega. Allir gjafarnir nema þeir sem gáfu maka sínum upplifðu að tengslin við þega væru nánari eftir nýragjöfina. Hjá gjöfunum sem gáfu maka sínum kom hins vegar mjög skýrt fram að eftir ígræðsluna hefði sameiginlegt líf þeirra tekið stakkaskiptum til hins betra. Með nýragjöfinni hefði þeim hindrunum sem nýrnasjúkdómurinn hefði valdið verið rutt úr vegi. Tveir gjafanna töldu sig finna mun á nýrnastarfseminni eftir nýragjöfina sem fólst í meiri viðkvæmni gagnvart áfengis- og saltneyslu.

Breytt sjálfsmynd eftir nýragjöf var mismunandi – einkum voru það gjafarnir sem gáfu maka sínum sem ekki töldu sig finna fyrir neinum sérstökum tilfinningum eftir nýragjöfina. Flestum hinna gjafanna fannst hins vegar að þeir hefðu látið verulega gott af sér leiða og fundu fyrir ákveðnu stolti yfir að hafa gefið nýra.

### **Umræða**

Þó ígræðsla nýrna hafi í upphafi verið umdeild, ekki síst innan læknastéttarinnar, þar sem hún þótti stangast á við starfseið lækna, „umfram allt, skaðið ekki“ (Harrison og Bennett, 1977) er í dag víðtæk sátt um að hún sé æskilegasta meðferðin við nýrnabilun á lokastigi. Rannsóknir á heilsufari þeirra sem gefið hafa nýra, sem og sjálfsmynd þeirra, hafa ítrekað sýnt að hvort tveggja er betra en hjá samanburðarhópum (Davis og Delmonico, 2005; Gutmann og Land, 1999; Johnson, Anderson, Jacobs, Suh, Humar, Suhr, o.fl., 1999; Olson og Bogetti-Dumlaog, 2001).

### *Upplifun af nýragjöf*

Rannsóknin sem hér er lýst styður það að nýragjöf frá lifandi, nákomnum gjafa sé æskilegur kostur en í heildina er reynsla gjafanna jákvæð. Fram kom hjá sumum þeirra að tíminn sem fór í undirbúningsrannsóknirnar og síðan dvöl á spítalanum eftir aðgerð kallaði fram góðar minningar. Athygli vekur að jafnvel þó tveir gjafanna telji sig finna fyrir mun á nýrnastarfseminni eftir gjöf og að hjá einum hafi bataferlið verið mun lengra en búist var við, virðist það ekki hafa áhrif á sátt þeirra. Ætla má að þar séu nokkrir þættir áhrifavaldandi. Þar má fyrst nefna að allar



ígræðslurnar heppnuðust vel en rannsóknir hafa sýnt að þegar líkami þegans hafnar nýranu er upplifun gjafans af gjöfinni neikvæð (Eisendrath, 1969; Simmons o.fl., 2002). Þá kom fram að enginn þeganna hafði álitnið gjöfina sjálfsgæða. Bæði þeir og upprunafjölskyldurnar létu í ljós mikið þakklæti yfir gjöfinni en rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess (Simmons o.fl., 2002). Hjá flestum gjöfunum kom fram bætt sjálfsmýnd eða að minnsta kosti góð tilfinning gagnvart því að hafa látið gott af sér leiða. Loks töldu allir gjafarnir, nema þeir sem gáfu maka sínum nýra, að tengslin milli þeirra og þega væru nánari. Aðrar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á nánari tengsl eftir nýragjöf (Clemens o.fl., 2006; Simmons o.fl., 2002).

### Nýragjöf frá maka

Rannsóknin hér styður einnig að makar geti verið heppilegustu lifandi gjafarnir – ef um sterk og ástrík hjónabönd er að ræða. Nýru frá mökum reynast hafa góðan lifunartíma (Terasaki o.fl., 1997) auk þess sem aðrar fjölskyldur þurfa ekki að blandast í málið, til dæmis systkini í hjónabandi sem ef til vill hefðu ekki stuðning frá sínum maka til að gefa. Í rannsókninni hér kom einmitt fram að togstreita myndaðist á milli giftra gjafa og maka þeirra sem höfðu áhyggjur af velferð þeirra. Við nýragjöf frá maka losni þeginn (og hugsanlega maki hans) einnig við mögulegt samvisku-bit yfir að hafa þegið nýrað. Loks hefur því verið haldið fram að nýragjöf frá maka styrki hjónabandið. Strax eftir ígræðsluna heyri bæði hjónin hvernig best sé að fara með sig eftir það sem á undan er gengið og undirstriki það sameiginlegt líf þeirra áfram (Watanabe og Hiraga, 2002). Rannsóknin hér styður þetta álit.

### Hollusta og kvöð

Kenning Boszormenyi-Nagy um hollustubönd innan fjölskyldna lýsir að mörgu leyti einkar vel því sem virðist eiga sér stað hjá fjölskyldum sem standa frammi fyrir því að einn meðlimur hennar þarf á nýju nýra að halda. Innbyrðis hollusta fjölskyldumeðlima veldur þeirri „sjálfviljugu kvöð“ að einn er tilbúinn til að færa þá „fórni“ að gefa nýra til að annar geti öðlast betra líf. Jafnframt felur kenningin í sér mikilvægi þess að fjölskyldumeðlimir séu ekki knúnir til að leggja þetta á sig hafi tilfinningin fyrir hollustu ekki verið vakin. Í sumum rannsóknum um upplifun lifandi gjafa af nýragjöf kemur fram lítill hópur sem er óánægður og sér jafnvel eftir að hafa gefið nýra. Í rannsókn Johnson o.fl. kom fram að af 871 gjafa sáu 4% eftir að hafa gefið nýra og önnur 4%

upplifðu nýragjöfina sem afar streituvaldandi. Eins og Johnson o.fl. (1999) benda á geta andstæðingar nýraígræðslu lagt áherslu á að þetta sé allt of mikill fjöldi. Aðrir gætu talið þetta lítinn hluta miðað við hina sem voru ánægðir með reynslu sína af því að hafa gefið. Í rannsóknum hefur einnig komið fram að hluti gjafanna fór í upphafs rannsóknir en frestaði því að taka ákvörðun þar til allir voru farnir að reikna með því að þeir myndu gefa (Fellner og Marshall, 1968; Simmons o.fl., 2002). Í rannsókninni hér frestaði einn gjafi ákvörðun sinni þar sem hann taldi sig ekki í nægilega góðu líkamlegu ástandi til að gefa nýra. Að lokum varð hann einn eftir af stórum systkinahópi sem mögulegur gjafi. Þó hann teldi sig sáttan við að hafa gefið nýrað undirstrika framangreindar rannsóknarniðurstöður mikilvægi þess að fram fari sálfélagslegt mat til að tryggja að gjafar gangi alla leið af fúsum og frjálsum vilja.

### Stuðningur og þjónusta heilbrigðisstarfsfólks

Þó gjafarnir væru á heildina litnið ánægðir með þjónustu og stuðning heilbrigðisstarfsfólks í ferlinu komu fram ábendingar um þætti sem mætti bæta. Að sumum þeirra hefur verið hugað betur í seinni tíð, þar á meðal af félagsráðgjafa. Þar má nefna að maka mögulegs nýragjafa (og öðrum nánnum aðstandendum ef ástæða þykir til) er nú, á markvissari hátt en áður, boðin fræðsla á spítalanum um nýragjöf sem og stuðningur félagsráðgjafa og sálfræðings. Einnig er verið að vinna að gerð fræðslubæklings fyrir lifandi gjafa. Loks má nefna að Félag nýrnasjúkra hefur haft milligöngu um að bjóða mögulegum gjöfum að hitta gjafa í ákvörðunarferlinu.

### Áhrif menningarbundinna þátta

Áður er getið um að hlutfall lifandi íslenskra gjafa sé með því allra hæsta sem þekktist á Vesturlöndum. Í því sambandi má velta fyrir sér áhrifum menningarbundinna þátta. Í rannsókn Lennerling o.fl. (2004) um ástæður 154 sænskra og norskra gjafa fyrir nýragjöf kom síðferðileg skylda fram sem ástæða, ýmist sem mjög sterk ástæða (í Noregi) eða mjög veik (í Svíþjóð). Höfundar skýra þennan mun með því að landfræðilegar aðstæður séu mun harðari í Noregi og þar sé meira um litla bæi þar sem íbúarnir séu mjög háðir hverjir öðrum. Einnig hafi efnahagslegar aðstæður verið erfiðari í Noregi á fyrri tímum og Noregur en ekki Svíþjóð hafi lent í seinni heimsstyrjöldinni. Því hefur gjarnan verið haldið fram að áhrif fjölskyldunnar séu sterk á Íslandi, m.a. hvað snertir kvæðir og

íhlutun. Í samræmi við niðurstöður Lennerling o.fl. gæti það, og þá um leið hátt hlutfall lifandi gjafa á Íslandi, stafað af því að þjóðin er fámenn og býr í harðbýlu landi þar sem reynir meðal annars á samstöðu fjölskyldunnar til að komast af. Þá má einnig segja að í sögu íslensku þjóðarinnar birtist krafan um sjálfstæði einstaklingsins og forsjá fjölskyldunnar fremur en hins opinbera (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1988; Sigrún Júlíusdóttir, 1997; 2001).

Rannsóknin sem hér hefur verið kynnt er ein sú fyrsta sem unnin er á Íslandi um félags- og tilfinningalega hlið nýragjafa frá lifandi gjöfum. Með henni hefur skapast grundvöllur til frekari rannsókna, en einnig þekking sem nú þegar hefur eftt vinnu félagsráðgjafa í íslenska ígræðsluteyminu.

### Heimildir

- Anna Dóra Sigurðardóttir. (2009). *Sér gefur gjöf sem gefur: rannsókn um nýragjöflifandi gjafa*. Óbirt meistaritgerð í félagsráðgjöf. Háskóli Íslands. Félagsráðgjafardeild.
- Bogdan, R.C. og Biklen, S.K. (2007). *Qualitative Research for Education: An Introduction to Theories and Methods*. (5. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Boszormenyi-Nagy, I., og Spark, G.M. (1973). *Invisible Loyalties: Reciprocity in Intergenerational Family Therapy*. London: Harper og Row.
- Brown, B., Lou Karley, J., Boudville, M., Bullas, N., Garg, R., Amit, X. o.fl. (2008). Experience of Living Kidney Donors. *Health and Social Work*, 33(2), 93–100.
- Clemens, K.K., Thiessen-Philbrook, H., Parikh, C.R., Yang, R.C., Karley, M.L., Boudville, G.V., o.fl. (2006). Psychosocial Health of Living Kidney Donors: A Systematic Review. *American Journal of Transplantation*, 6, 2965–2977.
- Davis, C.L. og Delmonico F.L. (2005). Living-Donor Kidney Transplantation: A Review of the Current Practices for the Live Donor. *Journal of American Society of Nephrology*, 16, 2098–2110.
- Eggeling, C. (1999). Psychosocial consequences of transplantation for the counsellor and the donor. *British Journal of Renal Medicine*, 4, 21–25.
- Eisendrath, R.M. (1969). The Role of Grief and Fear in the Death of Kidney Transplant Patients. *American Journal of Psychiatry*, 126(3), 381–387.
- Fellner, C.H. og Marshall, J.R. (1968). Twelve Kidney Donors. *JAMA* 206(12), 2703–2707.
- Fröjk, M. (2006). *Heltenes Bro. At give og at modtage en nyre fra levende donor*. Albertslund: Schultz Grafisk A/S.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1988). *Family and Household in Iceland 1801–1930*. Uppsala Universitet, Uppsöllum, Svíþjóð.
- Gutmann, T., og Land, W. (1999). Ethics regarding living-donor organ transplantation. *Langenbeck's Archives of Surgery*, 384, 515–522.
- Harrison, J.H. og Bennett, A.H., (1977). The Familial Living Donor in Renal Transplantation. *The Journal of Urology*, 118, 166–168.
- Hilton, B.A. og Starzomski, R.C. (1994). Family decision making about living related kidney donation. *Anna Journal*, 21(6), 346–355.
- Johnson, E.M., Anderson, J.K., Jacobs C., Suh, G., Humar, A., Suhr, B.D. o.fl. (1999). Long-term follow-up of living kidney donors: Quality of life after donation. *Transplantation*, 67(5), 717–721.
- Kahn, J., og Matas, A.J. (2002). What's special about the ethics of living donors? Replay to Ross et al. *Transplantation*, 74(3), 421–422.
- Lennerling, A., Forsberg, A., Meyer, K. og Nyberg, G. (2004). Motives for becoming a living kidney donor. *Nephrology Dialysis Transplantation*, 19, 1600–1605.
- Lennerling, A., Forsberg, A. og Nyberg, G. (2003). Becoming a living kidney donor. *Transplantation*, 76, 1243–1247.
- Lög um réttindi lifandi líffaragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar* nr. 40/2009.
- Margrét Birna Andrésdóttir og Runólfur Pálsson. (2000). Nýrnaígræðsla. *Læknablaðið*, 86, 571–576.
- Mazaris, E. og Papalois, V.E. (2006). Ethical Issues in Living Donor Kidney Transplantation. *Experimental and Clinical Transplantation*, 2, 485–497.
- Olson, W. og Bogetti-Dumlao, A. (2001). Living donors' perception of their quality of health after donation. *Progress in Transplantation*, 11 (2), 108–115.
- Pradel, F.G., Mullins, C.D. og Bartlett, S.T. (2003). Exploring donors' and recipients' attitudes about living donor kidney transplantation. *Progress in Transplantation*, 13(3), 203–210.
- Runólfur Pálsson. (2009). Unnið að auknum lífsgæðum. *Félag nýrnasjúkra. Alþjóðlegi nýrnadagurinn*, 10–11.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1997). Fjölskyldulíf: Tryggðabönd, kvaðir og réttlæti. Erindi um fjölskyldudyg(g)ðir og hlutverk fjölskyldustefnu. Í Jón Á. Kalmansson, Magnús D. Baldursson og Sigríður Þorgeirsdóttir (Ritstj.) *Fjölskyldan og réttlætið* (bls. 171–191). Siðfræðistofnun og höfundar efnis.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldahörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Simmons, R.G., Marine, S.K. og Simmons, R.L. (2002). (2. útgáfa). *Gift of Life: The effect of organ transplantation on individual, family, and societal dynamics*. Transaction Publishers: New Brunswick, New Jersey.
- Sterner, K., Zelikovsky, N., Green, C. og Kaplan, B. (2006). Psychological evaluation of candidates for living related kidney donation. *Pediatric Nephrology*, 21, 1357–1363.
- Terasaki, P.I., Cecka, M., Gjertson, W.D. og Cho, Y.W. (1997). Spousal and Other Living Renal Donor Transplants. *Clinical Transplants*, 269–284.
- Watanabe T. og Hiraga S. (2002). Influence on Family Psychodynamics on Spousal Kidney Transplantation. *Transplantation Proceedings*, 34, 1145–1147.
- Warren, J. (2004). President Bush signs “Organ Donation and Recovery Improvement Act” into law; 14 year void ended. *Transplant News*, 16. apríl.
- Yi, M. (2003). Decision-Making Process for Living Kidney Donors. *Journal of Nursing Scholarship*, 35, 61–66.

# Endurreisn samfélags – hópavinna í félagsráðgjöf

Guðný Björk Eydal og Hervör Alma Árnadóttir



**Guðný Björk Eydal,**  
félagsráðgjafi  
prófessor við félags-  
ráðgjafardeild Háskóla  
Íslands



**Hervör Alma Árnadóttir,**  
félagsráðgjafi MA,  
lektor við félagsráð-  
gjafardeild Háskóla  
Íslands

Félagsráðgjafar eru í lykilllutverki við endurreisn samfélags í kjölfar efnahagshruns. Í námi sínu hafa þeir meðal annars hlotið sérhæfingu við að skipuleggja og leiða hópavinnu. Sú starfsaðferð hefur skilað góðum árangri í breytingavinnu með einstaklingum og samfélögum á tímamótum. Hópavinna á sér langa sögu í félagsráðgjöf sem hægt er að draga lærdóm af. Um leið og fræðileg þekking á hópastarfi hefur vaxið eru gerðar auknar kröfur um fagmennsku og færni til að greina og nýta hlutverkasamspil í hópum. Æskileg hæfni félagsráðgjafa sem stýra hópavinnu er að hluta til hin sama og við einstaklingsvinnu: þekking á meðferðarkenningum, virk hlustun, umorðun, samhygð, og endurgjöf eða ígrundun.

**Lykilorð:** Hópavinna, fagmennska, endurreisn samfélags

Markmið þessarar greinar er að minna á gildi og mikilvægi hópavinnu í félagsráðgjöf. Samfélag okkar stendur á tímamótum, við erum minnt á gömul gildi og spurt er hvort áhersla á hraða og einstaklingshyggju hafi orðið á kostnað samvinnu og samhygðar. Reynsla af hópastarfi hefur sýnt að kraftur hópa getur nýst vel við aðstæður líkt og þær sem við stöndum frammi fyrir í dag.

Hópavinna er ein af megin starfsaðferðum félagsráðgjafar og sagan kennir okkur að þegar kreppir að í samfélögum þá hafa vinsældir hennar aukist (Farley,

Smith og Boyle, 2006; Nanna Sigurðardóttir, 1991). Ástæður vinsælda hópavinnu á slíkum tímum má meðal annars rekja til þess að stórir hópar fólks þurfa að takast á við félagslegan vanda sem hefur lítið með eiginleika eða aðstæður einstaklinga að gera, en eiga sér fremur rætur í því þjóðfélagsástandi sem ríkir. Þegar margir einstaklingar verða fyrir sömu reynslu getur hópavinna átt vel við (Gladding, 2008). Dæmi um slíkt eru viðbrögð í kjölfar áfalla eftir árásirnar í New York 11. september árið 2000. Fagfólk opnaði móttökur fyrir einstaklinga, en þær voru lítið sóttar. Félagsráðgjafar áttuðu sig á því að íbúar borgarinnar vildu takast á við áfallið sameiginlega og lögðu í kjölfarið áherslu á samfélagsvinnu og hópavinnu, t.d. með starfshópum sem unnu saman úr áfallinu (Padgett, 2002). Þannig er mikilvægt að félagsráðgjafar nýti þau tækifæri sem felast í faglegru hópavinnu bæði í vinnu með fólki sem þarf að takast á við áföll og félagsleg vandamál en ekki síður til að leggja af mörkum til endurreisnar samfélags á tímamótum.

Við byrjum á að líta um öxl og rifja stuttlega upp sögu tveggja frumkvöðla í félagsráðgjöf og hópavinnu, þeirra Jane Addams og Gertrude Wilson. Þá ræðum við um megin einkenni faglegrar hópavinnu og að lokum hvernig hún getur nýst félagsráðgjöfum í starfi.

*Frumkvöðlar:*

## Mótun starfsaðferða og hugmyndafræði

Miklar samfélagsbreytingar áttu sér stað á fyrstu áratugum síðustu aldar en á því umrótstímabili var lagður grunnur að meginstarfsaðferðum félagsráðgjafar. Á upphafsárunum var tekist á um hvort vinna ætti með einstaklingum eða með áherslu á samfélagið. Ákveðin sátt hefur orðið um að samþætta þurfi vinnu með samfélögum og einstaklingum út frá ólíkum þörfum á hverjum tíma (Lupton og Nixon, 1999; Netting, Kettner og McMurtry, 2010; Sigrún Júlíusdóttir, 2006; Steinunn Hrafnadóttir og Elísabet Karlsdóttir, 2009). Einn helsti talsmaður þess að huga þyrfti að hlutverki samfélagsins og þess félagslega var



Jane Addams (1860-1935). Addams heimsótti hverfamíðstöðina *Toynbee Hall* í London og sótti þangað fyrirmynd að hverfamíðstöðinni *Hull House* sem hún stofnaði árið 1889 í Chicago ásamt samstarfskonu sinni, Ellen Gates Starr. Öll starfsemi *Hull House* (Addams, 1994) hafði það markmið að bæta aðstæður og líf heimamanna. *Hull House* hverfamíðstöðin stóð í miðju fátæktarhverfi og var nokkurskonar fræðslufélags- og menningarmiðstöð. Addams lagði áherslu á að orsakir félagslegra vandamála væri fremur að finna í umhverfinu en hjá einstaklingum og að til þess að skilja aðstæður skjólstæðinga væri nauðsynlegt að deila kjörum með þeim, og því hjuggu starfsmenn í hverfamíðstöðinni. Addams lagði áherslu á valdeflingu einstaklinga og bestu leiðirnar til þess taldi hún felast í hóp- og samfélagsvinnu (Lasch, 1965).

Áhrif Addams á bandarískt samfélag voru mikil. Á það hefur t.d. verið bent að flestar breytingar á velferðarþjónustu í Bandaríkjunum á tímabilinu 1895-1930 hafi orðið fyrir hennar atbeina eða áhrif. Sem dæmi má nefna löggjöf um vinnumarkað, átta tíma vinnudag, ellilífeyri og atvinnuleysisbætur, aðgerðir gegn vændi, ríkisrekna skóla, leikvelli og unglingadómstóla auk húsnæðislöggjafar (Lasch, 1965). Addams vann einnig ötullaga að friðar- og kvennabaráttu og árið 1932 var hún sæmd friðarverðlaunum Nóbels (Addams, 1965). Addams skrifaði fjölda bóka t.d. *Democracy and Social Ethic* (1902) en þar skýrir hún grunninn að hugmyndum sínum um lýðræðis-samfélag (Seigfried, 2002).

Annar mikilvægur frumkvöðull á sviði hópavinnu er félagsráðgjafinn Gertrude Wilson (1895-1984). Á háskólaárum sínum varð hún fyrir áhrifum frá hugmyndafræðingnum John Dewey sem flestum er kunnur fyrir framlag sitt til uppeldismála og hugmynda um eflingu lýðræðis. Hann var einnig náinn vinur Jane Addams og heillaðist af hugmyndum um hlutverk hópa sem lið í lýðræðislegri hugmyndafræði. Wilson kenndi hópavinnu við félagsráðgjafardeild háskólans í Pittsburgh í USA frá árinu 1935 til 1951. Á þessum tíma var hópavinna ekki hátt skrifuð innan háskóla-samfélagsins. Hún var einkum notuð á geðdeildum og markmiðið var að spara tíma, sinna mörgum í einu. Þess vegna var Wilson gagnrýnd af samstarfsfólki sínu fyrir að sóa tíma sínum í að vinna að hópavinnu. Eftir Wilson liggja bækur um hópavinnu t.d. bókina *Social group work practice* sem hún skrifaði ásamt Gladys Ryland árið 1949 (Andrews, 2001). Vinna með hópa náði þannig smám saman að festa sig í sessi sem ein megin vinnuaðferð félagsráðgjafa (Reich, 1998).

### Hópavinna nær fræðilegri fótfestu

Á fimmta áratug síðustu aldar voru fræðimenn farnir að gefa hópavinnu aukinn gaum og fræðileg framþróun varð talsverð með frekari útfærslu á aðferðum og auknum rannsóknum. Félagsfræðingurinn Kurt Lewin setti fram hugmyndir um samspil einstaklinga og umhverfis út frá *Gestalt* hugmyndafræði og fjallaði um innri kraft (*dynamics*) hópa. Einnig setti hann fram þá kenningu að hópavinna væri áhrifaríkari en einstaklingsvinna þegar vinna ætti að breytingum á hugmyndum og hegðun fólks, en þekktastur er hann fyrir þá kenningu að hópur sé eitthvað annað og meira en þeir einstaklingar sem mynda hann. Fræðileg þekking jókst bæði á hlutverkum í hópum, ferlum í hópastarfi og jákvæðum og neikvæðum kröftum hópanna. Þannig óx hópavinnu fiskur um hrygg og oft er vitnað til sjöunda og áttunda áratugarins sem blómaskeiðs hópavinnu. Tímabilið einkenndist af byltingarkenndu umróti, gagnrýninni sýn á stofnanavinnu með áherslu á einstaklinga og sjúkdómsgreiningar og tilraunastarfsemi í vinnu með hópa. Á tíunda áratugnum urðu síðan talsverðar breytingar í kjölfar gagnrýni sem var sett fram á árangur og vinnuaðferðir hópavinnu fyrri tíma, meiri áhersla var lögð fagmennsku og faglegar kröfur fengu aukinn hljómgrunn (Gladding, 2008).

Á síðustu árum hafa fræðimenn aftur beint sjónum sínum að hópa- og teymisvinnu og endurmetið gildi þeirra aðferða. Þróunin hefur verið talsverð og hópastarf hefur aukist hjá stofnunum þar sem félagsráðgjafar starfa við margvísleg viðfangsefni, svo sem við meðferðastarf, í sjálfshjálparhópum og við þverfaglegt samstarf (Payne, 2000). Hópavinna hefur einnig náð fótfestu í starfi þjónustu- og framleiðslufyrirtækja og hefur verið nýtt til þess að stuðla að samstarfi starfsfólks í því skyni að auka ánægju í starfi en samtímis að auka framleiðni (Mohrman, Cohen og Mohrman, 1995; Netting, Kettner og McMurtry, 2010).

### Félagsráðgjöf og hópavinna

Einn mikilvægur þáttur í starfi félagsráðgjafa í samtímanum er að leiða hópavinnu með einstaklingum sem þurfa eða vilja breyta lífi sínu og lífsháttum. Margir hafa skilgreint hópavinnu, en mikið notuð skilgreining frá 1994 er ættuð frá Johnson og Johnson sem segja að við getum kallað það hóp „...þegar tveir eða fleiri eru saman komnir og eiga samskipti augliti til auglitis, tilheyra hópnum og hafa þann tilgang að ná árangri með sameiginlega samþykktum markmiðum“ (Corey, Corey og Corey, 2010).





Félagsráðgjafar hafa í námi sínu hlotið sérhæfingu til að skipuleggja og leiða hópavinnu. Æskileg hæfni félagsráðgjafa sem stjórnar hópavinnu er að hluta til hin sama og þegar einstaklingsvinna er unnin: þekking á meðferðarkenningum, virk hlustun, umorðun, samhygð, umhyggja og endurgjöf eða ígrundun. En þessu til viðbótar kemur til þjálfun og þekking á viðeigandi aðferðum í hópavinnu, sem snúa að því hvernig þarf að undirbúa og skipuleggja þarf hópstarfið í samræmi við þau markmið sem því eru sett hverju sinni. Slíkur undirbúningur skapar grunninn til að hægt sé að vinna með markmið og þarfir hvers og eins í huga þannig að hópurinn verði styrkur og stoð þeim sem taka þátt í starfinu. Að smala einstaklingum saman í hóp er ekki ávísun á það að hópavinna verði árangursrík eða að gagnkvæmur stuðningur muni eiga sér stað. Tryggja þarf að ákveðnar forsendur séu fyrir hendi og faglega sé að málum staðið. Með árangursríkri hópavinnu er verið að tala um umbreytingu á hegðun og ferlum þar sem þátttakendur fá tækifæri til að hafa áhrif og hvetja aðra þátttakendur til þess að stuðla að því að markmiði hópsins og markmiðum einstaklinganna verði náð (Corey, Corey og Corey, 2010; Gladding, 2008).

Hópavinna er öflugt ráðgjafar- og stuðningstæki ekki síst fyrir einstaklinga sem eru að ganga í gegnum breytingar svo sem atvinnumissi og þurfa að takast á við ytri og innri hindranir sem því getur fylgt. Ýmis líkön hafa verið sett fram til að skoða og greina hópavinnu. Í því líkani sem mikið er notað í dag er hópavinnu skipt í fjóra grunnþætti sem eru verk-efnahópar, lærdómshópar, ráðgjafa-/stuðningshópar og meðferðarhópar (Gladding, 2008). Hópavinna á misvel við, og huga þarf vel að því hvaða vinnuáferð hentar best hverju sinni.

Félagsráðgjafar vinna fyrst og fremst með hópa sem flokkast undir ráðgjafa/stuðningshópa og meðferðarhópa. Einkenni þeirra er að í þeim er oft verið að kljást við erfiðan vanda þátttakenda, s.s. félagslegan vanda tengdan samfélagsstöðu, persónulegan vanda á borð við kvíða eða þunglyndi og vanda sem tengist félagslegri einangrun eða vanmætti í félagsfærni. Markmiðin eru einstaklingsbundin, kraftar hópsins eru virkjaðir (*group dynamic*) og ferli hópsins notað til þess að styðja við hegðunar- og samskiptabreytingar til að innleiða nýja hæfni í daglegu lífi. Samskipti innan hópsins eru nýtt sem efniviður og þátttakendur læra hver af öðrum. Einstaklingarnir styðja hver annan með jákvæðu viðmóti og leitast við að þroska með sér persónulega- og tilfinningalega

hæfni til að takast á við aðstæður sínar, en mikilvægur hluti af þjálfun fagfólks í hópstarfi felst í að vinna einnig með og nýta á uppbyggilegan hátt ýmsa neikvæða þætti og ferli sem koma upp í hópstarfinu (Barnes, 2002; Gladding, 2008).

Hlutverk félagsráðgjafans í hópavinnu er margþætt. Undirbúningur starfsins er mikilvægur og þarf að huga að mörgum þáttum svo sem tegund hóps, fjölda leiðbeinenda, stað, stund, inntöku, dagskrá, áskorunum, tímalengd, fjölda og markhópi. Starfið þarf að fara fram í umhverfi sem tryggir öryggi þátttakenda sem best (Gladding 2008; Sigrún Júlíusdóttir, 2002). Leitast er við að skilja vanda hvers og eins og leita lausna. Félagsráðgjafinn styður þátttakendur við að skoða styrkleika sína og samfélagslegar hindranir til að ráða betur við vanda dagsins og hugsanlegan framtíðarvanda. Félagsráðgjafinn beinir athygli sinni að samskiptum innan hópsins og utan og ferli samskipta. Stutt er við meðvitaða hugsun, tilfinningu og hegðun sem svo er ígrunduð á ákveðinn hátt með það að markmiði að vinna með einstaklingnum að eigin markmiðum og hópnum að sameiginlegum markmiðum hans (Gladding, 2008; Payne, 2000).

#### Lokaorð:

#### Hópavinna í kjölfar efnahagsshruns

Verkefnin sem íslenskir félagsráðgjafar standa frammi fyrir í kjölfar efnahagskreppu eru ærin. Vandfundinn er sá vinnustaður sem ekki hefur í senn orðið fyrir niðurskurði á fjárveitingum og á sama tíma þurft að þjóna fleiri skjólstaðingum með flóknari vandamál. Á sama tíma þurfa starfsmenn velferðarkerfisins margir hverjir að takast á við eigin fjárhagsvanda í kjölfar efnahagskreppu, atvinnumissis maka eða vanda í eigin fjölskyldum. Á slíkum tímum er mikilvægara en nokkru sinni áður að sú þekking og þjálfun sem félagsráðgjafar hafa hlotið í námi og starfi nýtist sem allra best. Rannsóknir sem félagsráðgjafar hafa unnið á síðustu árum á árangri hópavinnu undir handleiðslu fagfólks hendlendis sýna að hún hefur skilað góðum árangri. Sem dæmi má nefna Hálandishópinn (Sigrún Júlíusdóttir, 2002), Kvennasmiðjuna (Kristín Lilja Diðriksdóttir, 2009), Grettistak (Erla Björk Sigurðardóttir, 2006), Systkinasmiðjuna (Hanna Ragnheiður Björnsdóttir, 2009) og hópavinnu með foreldrum barna með röskun á einhverfurófi (Guðrún Þorsteinsdóttir, 2010).

Þegar stórir hópar fólks takast á við sama vanda sem á rætur sínar að rekja til félagslegra aðstæðna er ljóst að hópavinna getur átt mjög vel við og í mörgum

tilvikum betur en einstaklingsvinna. Það er okkar trú að hópavinna undir handleiðslu fagfólks geti nýst mjög vel í vinnu með skjólstæðingum og ofangreind dæmi staðfesta það. Þá er einnig mikilvægt að horfa til hóphandleiðslu og hópavinnu sem möguleika til eflingar í starfi, ekki bara vegna þess að slíkar aðferðir geti komið í stað einstaklingshandleiðslu á tímum niðurskurðar heldur geta þær átt betur við þegar félagsráðgjafar eru, rétt eins og skjólstæðingar, að takast á við sameiginlegar hindranir. Við slíkar aðstæður getur verið nærandi að takast á við hindranir sem faghópur.

Hópavinna er ekki bara viðbragð við vandamálum. Félagsráðgjafar þurfa að huga að forvörnum og við verðum að vera vakandi fyrir því hvar þarf að styrkja ákveðna hópa til sjálfshjálpar og vinna að valdeflingu þeirra sem þurfa að mæta erfiðum aðstæðum. Hér koma samfélagsverkefni einnig sterklega til greina. Hætt er við að á álagstímum í velferðar- og heilbrigðisþjónustu mæti forvarnir afgangi, en í raun er aldrei mikilvægara en þá að huga að þeim svo hægt sé að forðast frekari skaða og aukin útgjöld.

Við teljum einnig að hópavinna sé sú vinnuaðferð sem eigi eftir að nýtast mjög vel við þá samræðu og vinnu sem þarf til að traust verði endurvakið á stofnunum samfélagsins. Siðareglur félagsráðgjafa eru skýrar. Félagsráðgjöfum ber að vera málsvarar skjólstæðinga sinna og þátttaka í enduruppbyggingu íslensks samfélags er því siðferðileg skylda okkar.

### Heimildaskrá

- Addams, J. (1994). *Twenty Years at Hull-House with Autobiographical Notes*. New York: Buccaneer Books.
- Addams, J. (1965). *Democracy and Social Ethics*. Chicago: University of Illinois Press.
- Andrews, J. (2001). Group work's place in social work: a historical analysis. *Journal of Sociology and Social Welfare*, 28(4), bls. 45-65. Aðgengilegt á: [http://www.findarticles.com/cf\\_0/m0CYZ/4\\_28/83530630/p1/article.jhtml](http://www.findarticles.com/cf_0/m0CYZ/4_28/83530630/p1/article.jhtml).
- Barnes, P. (2002). *Leadership with young people*. Dorset, UK: Russel House.
- Corey, M. S., Corey, G. og Corey, C. (2010). *Groups: Process and Practice*. Belmont: Brooks/Cole, Cengage Learning.
- Erla Björg Sigurðardóttir. (2006). *Endurhæfingarúræðið Grettistak. Matsrannsókn á endurhæfingu alkóhólista með langvarandi félagslegan vanda*. Óbirt meistararitgerð: Háskóli Íslands.
- Farley, O.M., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2006). *Introduction to Social Work*. Boston: Person Education.
- Gladding, S.T. (2008). *Groups: A Counselling Speciality*. New Jersey: Prentice-Hall.

- Guðrún Þorsteinsdóttir. (2010). *Hópastarf með foreldrum barna með röskun á einhverfurfi. Öll á sama báti? Óbirt meistararitgerð: Háskóli Íslands.*
- Hanna Ragnheiður Björnsdóttir. (2009). *Systkinasmíðjan: Mat þátttakenda*. Óbirt meistararitgerð: Háskóli Íslands.
- Kristín Lilja Diðriksdóttir. (2009). *Kvennasmiðjan: Rannsókn á endurhæfingu fyrir einstæðar mæður með langvarandi félagslegan vanda*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd.
- Lasch, G. (1965). *The Social Thought of Jane Addams*. Indianapolis, USA: The Bobbs-Merrill Company.
- Lupton, C og Nixon, P. (1999). *Empowering practice? A critical appraisal of the family group conference*. Bristol: The policy press.
- Mohrman, S.A, Cohen, S.G. og Mohrman, A.M. (1995). *Designing team based organizations. New form for knowledge work*. San Fransisco: Jossey Bass.
- Nanna K. Sigurðardóttir. (1991). Félagsráðgjafarstarfið. Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa. *Afmálsrit*, 8-18.
- Netting, F.E., Kettner, P.M. og McMurtry, S.L. (2010). *Social work. Macro practice*. Boston: Pearson.
- Padget, D. (2002). Social work research on disasters in the aftermath of the September 11 tragedy: Reflections from New York City. *Social Work Research*, 26, 185-192.
- Payne, M. (2000). *Teamwork in Multiprofessional Care*. New York: Palgrave.
- Reich, M. (1998) The Sociopolitical context and social work method 1890-1950. *The Social Service Review*. Sótt 21. apríl 2010 af <http://www.journals.uchicago.edu/doi/abs/10.1086/515748>.
- Seigfried, C.H. (ritstj.). (2002). *Democracy and Social Ethics*. Chicago: University of Illinois Press.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu – eitt fræðasvið. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstj.), *Heilbrigði og heildarsýn, félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu*, bls. 33-47. Reykjavík: Háskóli Íslands og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2002). *Ævintýri á fjöllum, rannsókn á reynslu unglínga af starfi með Hálandishópnum á tíma-bilinu 1989-2000*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Steinunn Hrafnisdóttir og Elísabet Karlsdóttir. (2009). Community work in Iceland. Í G.S. Hutchinson, (ritstj.). *Community Work in The Nordic Countries- New Trends*, bls. 64-74. Oslo: Universitetsforlaget.

# Samstarfs- og þróunarverkefni við öldrunardeild LSH

*Halldór Sig. Guðmundsson og Steinunn K. Jónsdóttir*



**Halldór Sig. Guðmundsson,**  
félagsráðgjafi MA,  
lektor við félags-  
ráðgjafardeild HÍ



**Steinunn K. Jónsdóttir,**  
MA,  
félagsráðgjafi við  
öldrunarlækningadeild  
Landspítala, Landakoti

Í greininni er lýst þróunar- og gæðaverkefni félagsráðgjafa við öldrunarlækningadeild LSH Landakoti, um innleiðingu og notkun á stöðluðu matstæki í þjónustumati aldraðra. Samstarfsaðilar að undirbúningi verkefnisins eru félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og ASEBA á Íslandi. Áætlað er að verkefnið verði umfangsmeira og fleiri stofnanir og sveitarfélög verði þátttakendur. Þróunarverkefnið er unnið á árinu 2010 og er tvíþætt, þ.e. 1) fræðsla, þjálfun og handleiðsla starfsfólks, og 2) mat á gagnsemi af notkun matstækjanna í þjónustu við aldraða.

## Aðdragandi

Árin 2005–2006 var unnið að þýðingu, forprófun og útgáfu matslista ASEBA 60–90+ ára. Verkefnið var unnið í samstarfi við aðila innan öldrunarþjónustu á Akureyri, Ísafirði og Dalvík og með fjárstuðningi Framkvæmdasjóðs aldraðra. Starfsfólki sem tók þátt í forprófun þótti þessi aðferð tímabær nálgun við gerð þjónustumats og áætlana fyrir eldra fólk og áhugavert væri að mælitækið byggði á upplýsingum frá notendum sjálfum og nánnum aðilum. Niðurstöður forprófunar leiddu meðal annars í ljós áhuga starfsfólks öldrunarþjónustunnar á að nýta sér matslistana í störfum sínum.

Við skorun matslista ASEBA 60–90+ er unnið með upplýsingar um aðlögunarfærni einstaklings þ.e. tengsl og samskipti við vini, við maka og einnig

styrkleika viðkomandi sem og erfiðleika. Svör eru flokkuð í safnþætti sem innihalda vísbendingar eða lýsingu á erfiðleikum og styrkleikum einstaklingsins. Niðurstöður birtast sem línurit og stöplarit sem koma að góðum notum við mat á stöðu einstaklings og sérstaklega við miðlun upplýsinga, t.d. við samráð við notandann og fjölskyldu hans eða aðra faghópa (Halldór Sig. Guðmundsson, 2006; Halldór Sig. Guðmundsson og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 2009).

## Tilgangur og þörf

Á Landakoti fer fram endurhæfing og meðferð í kjölfar heilsufarsáfalla og langvinnra sjúkdóma. Áhersla er lögð á þverfaglega teymisvinnu við greiningu, meðferð, endurhæfingu og gerð þjónustuáætlana. Miklu skiptir að vinnubrögð séu markviss frá fyrsta innlagnardegi. Greining félagsráðgjafa á sjálfsbjargargetu, og gerð þjónustumats byggir á viðtölum við sjúklinga og upplýsingasöfnun frá aðstandendum og fagfólki. Með notkun matslistanna gefst tækifæri til að innleiða með formlegri hætti sjálfsmat og mat aðstandenda í greiningarvinnuna.

Tilgangurinn með verkefninu er að nota staðlaða matslista við upplýsingaöflun, þjónustumat og skipulagningu þjónustu samhliða öðrum matsaðferðum sem þegar eru notaðar. Jafnframt verði matslistarnir notaðir til reglubundins endurmats á þjónustu- eða vistunarþörf. Þannig verði innleidd upplýst og gagnreynd öldrunarþjónusta (*informed and evidence based elderly care*) sem miði að því að greina hvaða þætti í aðstæðum og líðan eldra fólks þurfi að styrkja eða mæta með sérstakri þjónustu.

Verkefninu er ætlað að innleiða notkun gagnreynds mælitækis í þjónustuáætlun fyrir 60 ára og eldri á öldrunarlækningadeild LSH Landakoti. Lögð er áhersla á að nýta mælitæki sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar, hefur ekki í för mér sér mikinn kostnað, er einfalt í innleiðingu og notkun og hefur augljósan ávinning fyrir sjúklinga og fjölskyldur þeirra. Auk þess er markmiðið að vinnubrögð verði

markviss og hagkvæm, bæði innan sjúkráðsins og einnig eftir útskrift með markvissari aðstoð í heima-húsi.

### Fræðsla, þjálfun og handleiðsla

Framkvæmd þróunarverkefnisins felst í fræðslu og námskeiðum sem veita þjálfun til að starfsfólkið geti lagt matslistana fyrir, unnið úr niðurstöðum og nýtt þær í starfi sínu. Í kjölfar þjálfunar er starfsfólki veitt regluleg handleiðsla í tengslum við notkun matstækisins, bæði við mat og endurmat á þjónustuþörfum einstaklinga sem nota eða sækja um úrræði félagslegrar þjónustu eða öldrunarþjónustunnar. Notkun matstækisins er innleidd í samstarfi við starfsfólk eða tengiliði.

Væntanlegur ávinningur er að starfsfólk þjálfist í notkun staðlaðra matsaðferða við mat á þjónustu við eldra fólk. Þannig verði til reynsla af notkun staðlaðs matstækis í þjónustu- og gæðamati. Verkefnið getur leitt til þess að vinnulag við þarfagreiningu, endurmat og skipulagningu þjónustunnar verði samræmt enn frekar. Þá kann slíkt vinnulag að leiða til samnýtingar á upplýsingum og gögnum.

### Mat á gagnsemi

Í öðrum hluta verkefnisins er gert ráð fyrir að í kjölfar innleiðingar og reglubundinnar notkunar matstækjanna, fari fram mat á verkefninu og notagildi mælitækisins. Í því felst að tekin verði saman lýsing á verkefninu, framkvæmd þess og lagt mat á nokkra þætti m.a. hvort matstækin og matsaðferðir séu hentugar. Skoðað verður hvort og hvar í starfsemi stofnunar sé meiri eða minni gagnsemi af notkuninni, hvort vísendingar um þarfir einstaklinga leiði til endurmats á þjónustu og hver reynsla notenda, aðstandenda og starfsmanna eru af matsaðferðunum í verkefninu.

Ávinningur af verkefninu felst í að styrkja notendamiðaða aðferð við mat, þjónustu og gæðaúttektir innan öldrunarþjónustunnar. Fyrirsjáanlegt er að slíkt vinnulag þarf að styrkja í framtíðinni enda eru vaxandi kröfur um slíkt. Þróunarverkefnið hefur því bæði hagnýta og fræðilega hlið um leið og áhersla er á virka þátttöku eldra fólks og aðstandenda þeirra.

### Heimildir:

- Halldór Sig. Guðmundsson. (2006). *Sjálfsmat eldri borgara. Greinargerð til heilbrigðisráðuneytis vegna styrks úr Framkvæmdasjóði aldraðra*. Dalvík: Höfundur.
- Halldór Sig. Guðmundsson og Sigurveig H. Sigurðardóttir. (2009). Mat á þjónustuþörf aldraðra – þátttaka þeirra og aðstandenda. Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.). *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.



## Frá félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Félagsráðgjafardeild vex nu ört fiskur um hrygg. Aukin aðsókn er að náminu, bæði í grunn- og framhaldsnám. Kennsluárið 2009-2010 stunduðu 413 nemendur nám við deildina. Í júní sótti 151 nemandi um innritun í BA nám og 57 í framhaldsnám. Þann 12. júní sl. útskrifaðist fyrsti hópurinn með MA próf til starfsréttinda, 14 nýir félagsráðgjafar. Þá útskrifuðust 4 nemendur með rannsóknatengt MA próf, 1 með diploma í öldrunarfræðum og 46 með BA próf í félagsráðgjöf. Í febrúar útskrifaðist fyrsti hópur nemenda úr diplómanámi í barnavernd. Fimm nemendur eru innritaðir í doktorsnám við deildina, en tveir erlendir doktorsnemar voru gistinemar sl. kennsluár. Fjölmargir erlendir gestir hafa heimsótt deildina, haldið fyrirlestra og stýrt málstofum með kennurum.

Tveir nýir lektorar hafa bæst við fastalið kennara við deildina, þær Hrefna Ólafsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, og verða því alls níu (8,2 stöðugildi) fastir kennarar en að auki kenna við deildina aðjunktir, stunda- og starfsþjálfunarkennarar. Félagsgjafardeild og RBF standa fyrir reglulegum málstofum sem eru öllum opnar. Upplýsingar um þær og annað starf deildarinnar má finna á heimasíðu HÍ [www.hi.is](http://www.hi.is).



# Félagsráðgjöf á alþjóðavettvangi

Frá Rögnu Björgu Guðbrandsdóttur, félagsráðgjafa, MSW

*Haustið 2008 flutti Ragna ásamt fjölskyldu sinni til Managua höfuðborgar Níkaragva í Mið-Ameríku þar sem hún starfaði að góðgerðamálum. Eftir ársdvöl flutti fjölskyldan til Kampala, höfuðborgar Úganda í Afríku, þar sem Ragna vann við félagsráðgjöf. Bæði löndin flokkast undir alþjóðlegar skilgreiningar á þróunarríkjum.*

## Níkaragva

Níkaragva er fallett land þar sem allt grær og blómstrar sem kemst í snertingu við jarðveg. Fólksfjöldi er um 5,5 milljónir og búa um 2 milljónir í höfuðborginni Managua. Kynbundið ofbeldi gegn konum og börnum er viðvarandi og víðtækur vandi í Níkaragva og úrræði eru afar fá. Vald eiginmanna er ekki dregið í efa og litar það viðhorf til heimilisofbeldis og misnotkunar á börnum. Fóstureyðingar eru bannaðar og er Níkaragva með eina ströngustu fóstureyðingarlöggjöfina í heiminum. Bannið er mjög heftandi fyrir konur þar sem engar undanþágur eru veittar og eru bæði konur og lækmar sem koma að ólöglegum fóstureyðingum lögsoptt. Bannið nær líka til stúlkubarna sem sætt hafa kynferðislegu ofbeldi og verða barnshafandi í kjölfarið.

Ragna starfaði með Damas Diplomatica sem eru samtök kvenna sem vinna að góðgerðamálum fyrir ýmsa hópa samfélagsins sem standa höllum fæti. Samtökin reka þrjár samfélagsmiðstöðvar fyrir börn á skólaaldri og fá þau eina heita máltíð á dag. Einnig eru skipulögð ýmis lýðheilsuverkefni fyrir börnin eins fræðsla um hreinlæti, næringu og lúsaleit. Þau fá einnig augnmælingu og gleraugu ef þörf er á. Samtökin taka þátt í uppbyggingu á atvinnuskapandi starfsemi eins og kór- og skrautmunagerð úr endurunnum dagblöðum og tímaritum. Um 20 fjölskyldur á fátækustu svæðum Níkaragva hafa af þessu verkefni framfærslu.



Ragna, aftast t.v., í gleraugnaafhendingu í Úganda.

Félagsráðgjöf er ungt fag í Níkaragva og verkefni ærin. Þeir félagsráðgjafar sem Ragna hitti á meðan dvöl hennar stóð unnu hörðum höndum við að afla fjármagns fyrir verkefni til stuðnings konum og börnum. Hið pólitíska landslag er ekki hliðhollt kvennasamtökum eða því starfi sem þau standa fyrir þar sem barist er fyrir réttindum og auknum lífsgæðum kvenna og barna, að sögn Rögnu og stendur það starfinu fyrir þrifum

## Úganda

Úganda er fallett land með um 30 milljónir íbúa, þar af aðeins um 2 milljónir í Kampala sem er höfuðborgin. Félagsleg vandamál í Úganda eru yfirþyrmandi á vestrænan mælikvarða og er alnæmisvandinn stærstur. Mesta athygli og fjármagn frjálsra félagsamtaka (NGO) fer í þá baráttu.

Mikið virðist vera gert bæði til að hjálpa þeim sem eru veikir, auk þess sem forvarnir eru mjög sýnilegar. Úganda hefur þótt vera gott dæmi um árangur í baráttunni við alnæmi en talið er að hlutfall alnæmismitaðra hafi farið úr 15% árið 1991 í 5,4% í dag.

Barnavernd eða félagsþjónusta eins og við þekkjum á Íslandi er ekki til staðar í Úganda. Athyglisvert er að sú þjónusta sem er í boði er nánast öll á vegum



**Allt grær í Úganda.**

legu vandamál sem eru til staðar og að skráning og eftirlit sé fullnægjandi þannig að illa statt fólk verði ekki fórnarlömb spillingar og græðgi.

Ragna ákvað að nýta þekkingu sína og reynslu sem félagsráðgjafi og valdi að starfa fyrir samtök sem nefnast Kawempe Home Care. Þau reka heilsugæslu fyrir HIV greinda, krabbameins- og berklasjúklinga. Heilsugæslan er í einu af fátækustu hverfum Kampala og þörfin því mikil. Þarna er boðið upp á sjúkdómsgreiningu og prófanir á HIV smiti, lyfjagjöf, ráðgjöf og fræðslu fyrir HIV jákvæða, auk aðhlynningar fyrir veika. Þar vinna jafnframt 25 sjálfboðaliðar, sem eru skjólstæðingar í bata. Sá hópur sér um heimsóknir og eftirlit með skjólstæðingum, þeir meta félagslegar þarfir, auk þess að veita stuðning og ráðgjöf varðandi mataræði og lyfjagjöf. Eitt af hlutverkum Rögnu er að styðja þennan hóp með fræðslu og stuðningsviðtölum auk þess að þróa betri leiðir til skráningar og mats á félagslegum þörfum skjólstæðinga. Félagslegur stuðningur fékk alveg nýja merkingu hjá Rögnu þegar hún fór og afhenti litla grísi til skjólstæðinga með það að markmiði að efla félagslega stöðu þeirra. Hópvinna með ung börn sem eru HIV jákvæð og koma einn dag í viku á heilsugæsluna til að fá stuðning og jákvæða upplifun, er einnig hluti af starfi hennar. Ragna sér fram á tíma mikilla anna og áskorana í þessu verkefni. Það á eftir að dýpka enn frekar þá reynslu sem hún er að öðlast í Úganda.

*Valgerður Halldórsdóttir bjó til birtingar.*

frjálsra félagsamtaka eða þriðja geirans eins og við þekkjum hann. Um þessar mundir er Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, að leggja áherslu á uppbyggingu barnaverndar í landinu og vinnu með stjórnvöldum að úrbótum á þessu sviði. Í dag er einungis hægt að tilkynna um illan aðbúnað og misnotkun barna til lögreglu og hefur hún sérstaka deild sem sér um þau mál. Ef þurfa þykir er börnum komið fyrir á heimilum fyrir munaðarlaus börn. Munaðarleysingjaheimili og samtök sem reka slík heimili eru fjölmörg í Úganda. Í samtali við félagsráðgjafa, sem starfar hjá kristilegum samtökum „Watoto Children’s Villages“ kom fram að mikið vantaði upp á skráningu, eftirlit og leyfisveitingu fyrir starfsemi af þessu tagi. Opinberar stofnir sem eiga að sjá um þennan málaflokk skortir fjármagn. Á sama tíma heyrast sögur af mansali, fórnunum og stuldi á börnum þar sem fólk misnotar traust illa staddra foreldra og barna. Eitthvað er um að óprúttir aðilar kynna sig sem samtök sem vinna að málefnum barna en eru í reynd skipulögð glæpasamtök sem ræna börnum og selja. Mikilvægt er að styðja stjórnvöld í þeirri vinnu sem er framundan, þ.e. að öðlast yfirsýn yfir þau félags-





# Stöndum barnavaktina

*eftir Olgu Björt Þórðardóttur blaðamann*



Velferðarvakt Félagsmála- og tryggingaráðuneytisins var stofnuð í febrúar 2009. Hlutverk hennar er að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu. Jafnframt er henni ætlað að leggja

fram tillögur að aðgerðum við stjórnvöld sem sjá um framkvæmd þeirra. Vaktina skipar breiður hópur fólks sem hægt er að kynna sér á heimasíðu ráðuneytisins. Formaður Velferðarvaktarinnar er Lára Björnsdóttir félagsráðgjafi. Ýmsir undirhópar hafa verið skipaðir og er einn þeirra svonefndur barnahópur sem ætlað er að fylgjast sérstaklega með stöðu barna.

En hvernig mun skýrslan um viðbrögð þeirra sem falið er að gæta hagsmuna barna á Íslandi á krepputímum líta út í framtíðinni? Skýrsla Rannsóknarnefndar um hrun fjármálakerfisins hefur meðal annars staðfest að full ástæða hafi verið fyrir okkur að hlusta, læra, ígrunda og ekki síst að bregðast við þegar merki fóru að berast um að ekki væri allt með felldu í fjármálakerfi landsins. Það er ekki nokkur vafi á að hægt hefði verið að koma í veg fyrir margt af því sem misfórst hefðu menn sinnt þeim merkjum sem sáust, kreppan orðið minni og afleiðingarnar viðráðanlegri. Á það sama ekki við þegar kemur að málefnum barna? Hvað getum við lært af öðrum sem hafa farið í gegnum svipaðar aðstæður, til að mynda Finnunum og Færeyingum.

Barnarannsóknir hafa leitt í ljós að tekjur foreldra gefa ekki endilega upplýsingar um lífskjör barna. Það getur átt við þegar útgjöld foreldra eru meiri en tekjur, til dæmis vegna veikinda, skulda, neyslu og þess háttar. Það er ekki einungis mannúðlegt að þetta sálfélagslega netið í kringum börn og unglinga á krepputímum, heldur ódýrara en að gera það ekki, þegar horft er til lengri tíma. Margir eru meðvitaðir um þessa staðreynd og hafa mörg sveitarfélög sett á laggirnar vinnuhópa til að fylgjast með stöðu fjölskyldna í sínu umdæmi, svo sem viðbragðs- og sam-

hæfingarteymi Reykjavíkurborgar *Börnin í borginni*. Í Árborg er kappkostað að niðurskurður á árinu komi ekki niður á fjárveitingum til barnaverndar og félagslegrar ráðgjafar. Fjölmargar stofnanir og samtök fylgjast sömuleiðis náið með þróun mála og hafa sumar þeirra þegar gripið til ráðstafana.

Blaðamaður leitaði til Árna Páls Árnasonar félags- og tryggingamálaráðherra, Braga Guðbrandssonar forstjóra Barnaverndarstofu og Valgerðar Halldórsdóttur formanns barnahóps Velferðarvaktarinnar og spurði þau álitis um málefni barna á krepputímum.

*Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra*

## Hvað blasir við í málefnum barna á tímum efnahagskreppu og hvað þarf að gera?



Mikilvægasta skrefið er að þetta samfélagsnetið. Það sem blasir við er að börn í erfiðri stöðu eru lakara sett en áður. Meðaltalsmælingar rannsókna gefa ekki alveg rétta mynd, því þau börn sem eiga traust bakland og fá gott

atlati standa betur nú en fyrir kreppu. Barnaverndartilkynningum hefur fjölgað undanfarin ár, en sú þróun hófst fyrir kreppu. Ástæður eru ýmsar, m.a. gerum við okkur betur grein fyrir réttindum barna. Við erum meira vakandi sem samfélag og umræða um málefni barna er góð. Það sem við óttumst alltaf er að í stað hættumerkja förum við sjá tjón, og velferðartjón í kjölfar svona kreppu kemur fram á löngum tíma.

### Matargjafir félagasamtaka

Matargjafir þriðja geirans eru að mínu mati ekki skynsamleg leið til að veita fólki neyðaraðstoð. Það er niðurlægjandi að ætla fólki að standa í biðröð eftir

mat. Það eru sveitarfélögin sem eiga að axla þessa ábyrgð og sjá um framfærslu í þeim tilvikum þegar fólk nær ekki endum saman. Við þurfum að finna leiðir til að gera sveitarfélögunum kleift að sinna þessu verkefni af myndarskap.

Hins vegar er þriðji geirinn ómetanlegur liðstyrkur og hann getur sérstaklega stutt við sálfélagslega netið fyrir fjölskyldur sem eru í hættu að lenda í fátækt og félagslegri einangrun. Verkefni hans gætu verið að sinna ráðgjöf, veita jafningjafraeðslu og styðja með fjölbættum hætti við þær fjölskyldur sem eru í mestri hættu – fjölskyldur einstæðra foreldra, lágtekjufólks og innflytjenda, svo dæmi séu nefnd. Við sjáum árangurinn af starfi Sjórnarhóls, sem veitir ráðgjöf og stuðning fjölskyldum langveikra og fatlaðra barna. Með sama hætti er hægt að benda á Rauða krossinn á Akranesi, sem hefur sinnt svipuðu hlutverki við fjölskyldur af erlendum uppruna. Á þessum grunni þarf að byggja betur.

Það sem okkur ber að gera er að tryggja að viðeigandi úrræði séu fyrir hendi. Við þurfum að styðja við foreldra í foreldrahlutverkinu. Þar skipta miklu góð, fjölbreytt foreldrafærninámskeið sem henta ólíkum foreldrahópum, s.s. námskeið fyrir seinfæra foreldra sem reyndar er þegar farið af stað þeim að kostnaðarlausu. Jafnframt þurfum við að halda áfram að styðja við foreldra á heimilum.

### Breytingar á hlutverki sveitarfélaga

Sveitarfélög eru í æ ríkara mæli veitendur þjónustu, því getur foreldri lent í þeirri aðstöðu að það eru óljós skil á milli hlutverks sveitarfélagsins að veita því þjónustu, og svo að veita því ráð og úrskurðar um réttindi þess. Hver á að ráðleggja foreldrum í vanda? Er kannski eðlilegt að greiða fyrir því að þriðji geirinn taki í ríkari mæli að sér ráðgjafarhlutverk? Er endilega rétt að sá sem veitir þjónustu á vegum sveitarfélaganna sé best til þess fallinn að veita ráð um þjónustuúrræði? Reynslan af Sjórnarhóli bendir þvert á móti til þess að „millistykki“ sem felist í hlutlausri ráðgjöf á vegum frjálsra félagasamtaka geti hjálpað mjög.

Fólk verður að geta leitað þangað sem það getur treyst til að leiða sig áfram að réttum úrræðum og farsælli niðurstöðu. Víða á Norðurlöndunum er aukið frumkvæði og þátttaka þriðja geirans í að veita fólki sálfélagslega aðstoð og við foreldrahlutverkið. Í Danmörku hefur Mæðrahjálpin – sem er runnin af sömu rót og Mæðrastyksnefnd hér heima – tekist á hendur síaukið hlutverk í að leiðbeina ungu fólki og einstæðum foreldrum og veita jafningjafraeðslu, stuðning og aðstoð.

Verkefnið er nú að setja niður fyrir okkur nýtt verklag. Við þurfum að nýta betur kraftana og skipta betur með okkur verkum – sveitarfélög, þriðji geirinn og ríkið. Það er eðlilegt að ríkið komi að því að fjármagna ráðgjafarþjónustu og stuðningskerfi á vegum þriðja geirans, en á móti ætti slíkt fyrirkomulag að létta álagi af þeim sem veita þjónustu hins opinbera, eins og Sjórnarhóll hefur gert.

### Stjórnborð barnamála

Við vitum að börn eru í viðkvæmri stöðu í kreppunni og verða það áfram í kjölfar hennar. Mikilvægt er að endurmeta hvernig við bregðumst við þeim teiknum sem við sjáum og komum til með að sjá um neikvæðar afleiðingar kreppunnar á börn.

Velferðarvaktin dregur saman mikilvægar upplýsingar. Sjálfur er ég veikur fyrir þeirri hugmynd að setja til viðbótar á fót einhvers konar stjórnborð fulltrúa ráðuneyta og stofnana sem málin varða, til þess að grípa til aðgerða þegar á þarf að halda. Nýtt velferðarráðuneyti verður vonandi til þess að auðvelda okkur yfirsýn um aðstæður barna og möguleika til að bregðast við. Það er fáránlegt að Barnaverndarstofa, Greiningar- og ráðgjafarstöð, BUGL og Stuðlar heyri undir tvö ólík ráðuneyti.

Hvað með fjármagn til framkvæmda á tímum niðurskurðar?

Mikilvægasta verkefni okkar núna er að greina hvað við þurfum að gera. Það er hægt að grípa inn í þróun þótt ekki séu rúm fjárráð. Við breyttum til dæmis um daginn reglum um útreikninga lágmarksframfærslutryggingar Tryggingastofnunar, þannig að bætur vegna sjúkra- og lyfjakostnaðar dragast ekki frá henni. Þessi breyting kostaði ekki mikið, en skipti þá sem hún varðar mjög miklu. Um næstu áramót stefnum við á að taka í notkun nýtt barnatryggingakerfi, sem mun bæta verulega stöðu lágtekjufólks með börn, og nýtt húsnæðisbótakerfi í stað vaxta- og húsaleigubóta. Við getum sýnt ágætan árangur á mörgum sviðum. Lágmarksbætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hafa aldrei í sögunni verið hærri sem hlutfall af lágmarkslaunum. Lífskjarakönnun Hagstofunnar sýnir umtalsverða fækkun í hópi lífeyrisþega sem ekki ná endum saman frá árinu 2007. Þetta er mjög ásættanlegur árangur við núverandi aðstæður.

Barnaverndarstofa hefur náð að mæta aðhaldskröfum mjög vel án þess að skerða þjónustu, ljúka samningum og hagræða í úrræðum. Starfsfólk í velferðarkerfinu mætir aðstæðum í kjölfar niðurskurðar af mikilli yfirvegun og vinnur vel úr stöðunni.



Bragi Guðbrandsson forstjóri  
Barnaverndarstofu

## Hvaða úrbætur og aðgerðir eru brýnastar í dag?



Mikilvægast er að halda samfélagsvitundinni gangandi, með foreldra í lykilhlutverki. Kreppa eins og sú sem þjóðin glímir við núna hefur neikvæð áhrif á börn, líðan þeirra og uppeldisaðstæður, ekki einungis í efnahagslegum

skilningi. Finna þarf út fyrir hvaða atriðum börn eru næm og efla foreldrafærni með samfélagslegri umræðu um uppeldismál. Samhliða því er brýnt að finna út með hvaða hætti er hægt að styðja við foreldra sem eru að glíma við erfiðleika, svo sem ungar kynslóðir og foreldra barna sem búa við fötlun, frávik, geðræn vandamál á unglingsárum.

### Markviss stuðningur mikilvægur

Stuðningur þarf einnig að vera markvissari. Við höfum kerfi, Barnaverndaryfirvöld, sem halda utan um þekkingu og gögn um fjölskylduaðstæður barna. Það liggur víða fyrir hvaða heimili standa verst. Tilkyrningar hafa aukist, kannski vegna aukinnar „nágrannagæslu“ og vitneskju meðal starfsmanna hjá skólum og stofnunum.

Stofnanalausnir eru oft og tíðum takmarkaðar og tímabundnar. Þetta kallar einnig á samfélagsumræðu. Allir sem koma að uppeldi, svo sem íþróttafélög, eru meðvitaðir um gildi uppeldis sem börn þurfa á að halda og eru fljótari að grípa inn í þegar eitthvað kemur upp á.

### Uppeldishús til stuðnings foreldrum

Með stofnun Uppeldishúss, nokkurs konar þekkingarsetur í uppeldismálum, yrði möguleiki á að veita úrræði á þann hátt að styrkja foreldra og styðja í uppeldismálum og samhæfa aðgerðir; efla færni þeirra.

Nýr veruleiki er í gangi og margt nýtt í umhverfi barna. Jafnvel er talað um margmiðlunaruppeldi. Samskipti og samræða minnkar og félagsleg einangrun eykst. Meginreglur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna kveða á um hlutdeild barna í ákvörðunum og að þær séu teknar í samráði við börn.

Valgerður Halldórsdóttir formaður barnahóps  
Velferðarvaktarinnar og fulltrúi BHM.

## Hætta á lærðu áhuga- leysi meðal barna



Það er ánægjulegt að vita að almennt líði börnum á Íslandi betur nú en fyrir kreppu en sterkar vísbendingar eru um að börn og fjölskyldur sem glíma við vanda séu í meiri erfiðleikum en áður. Félagsráðgjafar segja mörg

mál mun þyngri og oft flóknari en áður og finna fyrir mikilli reiði og þyrtingu meðal skjólstaðinga. Andrúmsloft á heimilum er því oft þrúgandi fyrir börn, sem sjálf hafa miklar áhyggjur af foreldrum sínum. Hætta er á að þau tileinki sér lært áhugaleysi gagnvart mörgum hlutum, vitandi að ekki þýðir mikið að reyna að fá peninga fyrir tómsundum, íþróttum, fötum, bíóferðum eða afmælisgjöfum fyrir vini og skólafélaga. Þar af leiðandi mæta þau ekki á slíkar uppkomur og hætta er á að þau einangrist félagslega.

### Langtímaafleiðingar kreppu

Slæm fjárhagsstaða foreldra getur jafnframt bitnað á heilsu barnanna, tómsundum og öðrum nauðsynlegum stuðningi. Afleiðingar kreppu og fátæktar eru nokkuð þekktar og engin ástæða er til að bíða eftir að merki berist til að bregðast við – sem reyndar eru farin að sjást. Þó svo að kreppa sé tímabundið ástand þarf nú ekki mikla glöggskyggni til að átta sig á hvaða langtímaafleiðingar hún geti haft fyrir börn, sé ekki brugðist við og forgangsráðað.

Það er því mikilvægt að þeir sem koma að mál-efnum barna séu meðvitaðir um þennan hóp og stilli saman strengi sína. Efla þarf alla fjölskylduráðgjöf og gera hana aðgengilega sem víðast, t.d. í skólum, á heilsugæslustöðvum og hjá félagasamtökum. Fólk vill hafa val um hvert það leitar. Mörg stéttarfélög geta líka staðið sig betur og styrkt félagsmenn sína meira til að sækja sér þjónustu sérfræðinga. Engin ástæða er til að þau sitji uppi með feita sjóði sem eru eign félagsmanna og krefjist kostnaðarþátttöku af þeirra hálfu í styrkjum sem þau veita t.d. vegna viðtala við félagsráðgjafa eða aðra sérfræðinga. Stundum er nóg fyrir fólk að fá eitt til tvö viðtöl til að finna út úr sínum málum og fá þau viðtöl greidd að fullu, í stað niðurgreiðslna í tíu skipti með kröfu um kostnaðarþátttöku þeirra á móti, sem margir hverjir hafa ekki ráð á.



Ljósmynd: Andri Már Helgason

### Samhæfingarmiðstöð

Valgerður bendir á að þjóðfélagið þurfi samstillt átak ráðuneyta, sveitarfélaga og félagasamtaka og að fólk tali saman í stað þess að hver og einn passi upp á „sitt“ á kostnað heildarsýnar og hagsmuna barna. Barnahópur velferðarvaktarinnar hefur lagt til að opnuð verði einskona samhæfingarmiðstöð í málefnum barna sem þessir aðilar koma að – og henni verði ætlað að starfa í kreppunni. Margir aðilar eru að gera góða hluti en til að fjármagn og mannaflí nýtist sem best megum við stilla betur saman strengi, sérhæfa okkur meira og vísa hvert á annað eftir því sem við á. Samkeppni er ekki nauðsyn heldur er samvinna nauðsynleg.

### SKILABOÐ FRÁ RANNSÓKNUM

**Barsky, A.E. (2009). The legal and ethical context for knowing and using the latest child welfare research. *Child Welfare*, vol 88, no 2: 69-92.**

Málaferlum og skaðabótamálum gagnvart velferðarþjónustunni fer fjölgandi. Gagnreyndar aðferðir eru ekki aðeins leið til aukins árangurs í þjónustu við börn og fjölskyldur, heldur líka til að bregðast við ásökunum um vanrækslu í starfi. Greinin fjallar um lagalega og siðferðilega áhættu sem í því felst að nýta sér ekki nýjar rannsóknarniðurstöður um hvað virkar. Í lokaorðum eru tilmæli til stofnana og starfsmanna sem vilja viðhalda gæðum í starfi, út frá lagalegum og siðferðilegum sjónarmiðum.

## Samfélagsvinna

Gunn Strand Hutchinson (ED), (2009)  
*Community work in the Nordic countries –  
New trends.*

Oslo: Universitetsforlaget.  
ISBN: 9788215015088

### Bókarumfjöllun



Samfélagsvinna á Norðurlöndum er til umfjöllunar í bókinni *Community work in the Nordic countries – New trends* og er hún afrakstur samtaka félagsráðgjafaskóla á Norðurlöndum, NASSW og NSHK.

Ritstjóri og einn höfundar bókarnnar er Gunn Strand Hutchinson. Aðrir höfundar, sem allir eru kennarar í félagsráðgjöf eru Paivi Turunen, Steinunn Hrafnisdóttir, Elísabet Karlsdóttir, Gordon Vincenti, Irene Roivainen, Alf Ronnby, Mary Alice Ökland, Kjell Henriksbö og Karna Lindén.

Í inngangskafli bókarnnar eftir Gunn Strand Hutchinson kemur fram að samfélagsvinna hafi verið hluti af félagsráðgjafavinnu á Norðurlöndunum frá því í lok sjötta áratugs síðustu aldar. Samfélagið hafi hinsvegar tekið stakkaskiptum á þeim tíma sem liðinn er og kalli það á nýjar áherslur í samfélagsvinnu. Fjallað er um rannsóknir á sviðinu og nýleg dæmi.

Í bókinni er jafnframt rætt um hið tvöfalda hlutverk félagsráðgjafa, þar sem honum er stillt upp á milli skjólstaðinga og yfirvalda. Greint er frá „bottom-up“ og „top-down“ aðferðum og hlutverki þeirra í samfélagsvinnu.

Umfjöllun er um mikilvægi þess að félagsráðgjafar eigi samráð við þá einstaklinga sem þeir vinna með, þegar ákvarðanir eru teknar er þá varða sem lið í valdeflingu þeirra.

Gordon Vincenti ræðir um hlutverk félagsráðgjafa í nærsamfélaginu og hvernig þeim sem beita aðferðarfræði samfélagsvinnu hefur tekist að stuðla að breytingum hjá hópum, samtökum og í nærsamfélaginu til hins betra.

Félagsráðgjafarnir Steinunn Hrafnisdóttir og Elísabet Karlsdóttir fjalla um samfélagsvinnu á Íslandi sem eigi rætur að rekja til félags- og sjálfboda-liðasamtaka.

Samfélagsvinna er vel þekkt hér á landi og hófst kennsla í samfélagsvinnu í félagsráðgjöf á Íslandi árið

1981. Aðferðin hefur þó verið lítið rannsökuð til þessa eða um hana skrifað.

Hugtakið samfélagsvinna er lítið notað í opinberum skjölum og finnst það ekki í íslenskum lögum. Skilgreint er hvað felst í hugtakinu samfélagsvinna og sagt auk þess frá nokkrum íslenskum dæmum.

Vísað er í heimasíður sem tengjast efni bókarinnar. Bókin er gagnleg fyrir þá sem vilja vinna samfélagsvinnu.

*Ella Kristín Karlsdóttir félagsráðgjafi, MA*

### MA TIL STARFSRÉTTINDA 2010

## Systkinasmiðjan. Mat þátttakenda

**Nemandi:** Hanna Ragnheiður Björnsdóttir  
**Leiðbeinandi:** Chien Tai Shill

### Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hver árangur Systkinasmiðjunnar er í að mæta markmiðum sínum og upplifun þátttakenda af þátttöku í Systkinasmiðjunni. Um er að ræða frumrannsókn á starfsemi Systkinasmiðjunnar. Rannsóknin var meginleg og voru þátttakendur 59 systkini fólks með fötlun á aldrinum 10-18 ára sem tekið hafa þátt í byrjendanám-skeiði og að minnsta kosti einu framhaldsnám-skeiði Systkinasmiðjunnar. Þátttakendur svör-uðu rafrænum spurningalista sem var þróaður sérstaklega fyrir þessa rannsókn. Tölfræðileg úrvinnsla var lýsandi. Í heildina lýsir stór meirihluti þátttakenda yfir ánægju með námskeið Systkinasmiðjunnar (86%), telja að hún hjálpi systkinum fólks með sérþarfir (86%) og meirihluti þátttakenda mælir með Systkinasmiðjunni (85%). Niðurstöður um hvort Systkinasmiðjan mæti markmiðum sínum eru mismunandi og vísbendingar um að hluta markmiðanna er verið að ná en skoða þurfi önnur nánar. Um þriðjungur til helmingur þátttakenda telur að þeir hafi lært eitthvað um sérþarfir systkinis, um leiðir til að takast á við erfiðar aðstæður og fengið tækifæri til að tjá sig um líðan. Niðurstöður úr þessari rannsókn eru sambærilegar við niðurstöður erlendra rannsókna, nema hvað markmiðum virðist náð betur í þeim erlendu.



## Foreldraorlof á Íslandi

Gudný Björk Eydal and Ingólfur Gíslason (eds.) 2008  
*Equal rights to earn and care – parental leave in Iceland*

Publisher: Félags- og tryggingaráðuneytið.

ISBN-10: 9979984740 / ISBN-13: 9789979984740

### Book review



This book presents findings from the work of six researchers, all looking at the Icelandic law on parental leave that was introduced in 2000. The joint focus of the six chapters is the changes in the wake of this law, and the discussion of what changes in parental leave entitlements mean with regards to gender relations, care, fertility and the labour market.

Considering the attention the change in the parental leave legislation in year 2000 has received, this book was most likely sought after by researchers and politicians alike. As the authors state in the introduction, the law succeeded in bringing fathers into the family sphere to an unparalleled degree through allowing fathers independent rights to parental leave. Changes in gender relations as a consequence of the parental leave legislation is the common theme of this book, however it also discusses the changes in parental leave benefits within a broader family policy context.

The first chapter guides us through the historical background of family policy in Iceland. Furthermore it describes the details of the law when it was introduced as well as the changes that have been made to it later. The second chapter looks at fertility trends in Iceland and compares these to trends in other European countries. The author finds that the introduction of the law on parental leave might have changed a downward trend in fertility in Iceland. The third chapter discusses the perception of the fathers leave in Iceland, and the way parents take their leave; showing high up-take numbers and a general positive attitude towards the introduction of the law. This chapter also includes the perspective of employers. The fourth chapter looks especially on fathers and describes how the father's leave has become a taken-for-granted part of the care for the child in the first year. The fifth chapter explores care patterns of children born in 1997 and in 2003, thus comparing division of care before and after the introduction of the new parental leave ben-

efits. The numbers in these surveys show that parents divide the care more equally in the latter group, and this is understood in connection to the policy changes that were made. In the concluding chapter the different threads and perspectives in the book are gathered and thoroughly discussed.

The book is an important and interesting contribution to the discussion of parental leave legislation and serves as an example on how family policy directs the opportunities parents have when deciding on care arrangements. A lot of attention was given to the ground breaking changes made in Iceland, and the results described in this book give the reader insight to the process involved. At the same time the book raises many questions for further research. One example is the puzzle concerning how Iceland has managed to keep fertility rates relatively high through times of low parental leave and day care benefits, and a high rate of female employment. Also chapters three and five arrive at different conclusions concerning men's socio-economic status and up-take of parental leave. These different findings unveil a complexity of questions that needs to be explored further.

In the concluding chapter it is said that the authors do not imply anything about the nature of the causal relationship between gender equality and parents' practices around parental leave. Still such causality might very well be read into the individual chapters. One reason for this is that the chapters mainly presents numbers and figures, and leave little room for a broader discussion about the reason for these findings. Especially missed (except in chapter four) is the qualitative perspective adding more meat to the quantitative bones.

As the editors write in the introduction of the book, the main recipients of the book are researchers, politicians, NGOs, labour market organisations and policy makers. I believe it also would be possible to include parts of the book in study programs on welfare state policy or in family and gender studies. However it must be kept in mind that this book reflects on a field that is constantly changing, and that it is written before the financial recession Iceland now is facing. Still this book is a very good starting point for further discussion on whether changes in policy lead to social changes, and if so, in what way.

*Gunhild R. Farstad PhD student,  
NOVA/REASSESS/Háskóla Íslands*



*Fagtímarit um rannsóknir, umræðu og framkvæmd.*

## Evidence & Policy

*Evidence & Policy. A journal of research, debate and practice*

### Tímaritskynning



Evidence & Policy er breskt fagtímarit á sviði félagsvísinda sem er áhugavert fyrir félagsráðgjafa að kynna sér. Það er fyrsta ritrýnda tímaritið með það að markmiði að skoða faglega og á gagnrýnan hátt tengslin milli rannsóknarniðurstaðna og hvernig þær geta nýst eða eru notaðar við vinnu að stefnumótun, á starfsvettvangi sem og af öðrum rannsakerndum eða fræðimönnum.

Athyglinni er beint að alþjóðarannsóknnum sem og innan einstakra fræðigreina sem nýtast í opinberri þjónustu, við mat á rannsóknarniðurstöðum og þróun opinberrar þjónustu. Fagsvið tímaritsins nær frá félagslegri þjónustu til menntakerfisins og frá heilbrigðisþjónustu til réttarkerfisins. Auk hefðbundinna fræðigreina tekur tímaritið til birtingar málefni sem ber hæst í umræðunni á hverjum tíma, hagnýtar greinar frá fagfólki á vettvangi og greinar um mikilvægar heimildir og úrræði.

*Ritstjórar eru Annette Boaz, Division of Health and Social Care Research, King's College í London og David Gough, Institute of Education hjá Lundúnarháskóla. Auk þeirra kemur fjöldi fræðimanna víðsvegar úr heiminum að útgáfunni eins og Sandra Nutley prófessor við Edinborgarháskóla sem er mörgum félagsráðgjöfum hér á landi að góðu kunnug.*

Útdrættir úr tímaritinu eru birtir á alþjóðavettvangi eins og International Bibliography of Social Sciences (IBSS), CSA (Sociological abstracts; British Humanities Index), Social Care Online, Elsevier bibliographic databases (including Scopus; Geobase; Compendex; EMBASE; EMNursing and Mosby yearbooks), Centre for Policy on Ageing, International Political Science Abstracts, Zetoc (through the British Library).

Tímaritið kemur út fjórum sinnum á ári og er gefið út af The Policy Press við háskólann í Bristol. Það er einnig hægt að fá það rafrænt á netinu. Að öllu jöfnu er hvert hefti byggt á ákveðnu þema. Í nóvember 2009 eru greinar úr stjórn málafræði, stjórn-

sýslufræði (social policy) og félagsráðgjöf þar sem fjallað er um þá áskorun að nýta rannsóknarniðurstöður út frá fræðilegu og hagnýtu sjónarmiði. Í allra nýjasta heftinu (nr 2, maí, 2010) er þemað afrakstur að tveggja ára evrópsku þróunarverkefni um þetta efni. Þar er m.a. að finna grein frá Íslandi. Nánari upplýsingar um tímaritið og þ.á.m þessa grein er að finna á <http://www.ingentaconnect.com/content/tpp/ep/2010/00000006/00000002>.

*Jóhanna Rósa Arnardóttir*

*Fagtímarit um skólafélagsráðgjöf*

## School Social Work Journal

### Tímaritskynning



Tímaritið *School Social Work Journal* er gefið út af samtökum skólafélagsráðgjafa í Illinois fylki í USA. Ritstjóri er Sandra Kopels, prófessor við háskólann í Illinois / Urban Campaign. Í fagræði sitja 20 einstaklingar úr ýmsum áttum m.a. skólafélagsráðgjafar, háskólakennarar, aðilar frá félagasamtökum og úr eftirlaunahópi.

Í ritstjórnarpistli fjallar ritstjórinn um megináherslur í hverri grein fyrir sig sem birtist í viðkomandi hefti. Tímaritið skiptist í annars vegar ritrýndar greinar og hinsvegar bókakynningar. Ritstjórinn sendir aðsendar greinar til fjögurra ritrýna sem eru valdir úr fagræði tímaritsins og tekur ritrýnin tvo mánuði. Síðan tekur ritstjórn ákvörðun varðandi birtingu greina.


Tímaritið er gefið út í mars og september ár hvert af Lyceum Books Inc. International Standard Number: 0161-5653, blaðið er 106 blaðsíður.

*Guðrún Helga Sederholm sérfræðingur á sviði skóla – og fræðslufélagsráðgjafar*

## Fósturbörn

Kjersti Ericsson (2009). *Samfunnets stebarn*.  
Oslo: Universitetsforlaget ISBN: 9788215014074

### Bókarumfjöllun



Fósturbörn eru stjúpborn samfélagsins og hefur hið opinbera í aldraðir ráðstafað börnum, ýmist til einstaklinga eða á stofnanir. Kjersti Ericsson er sálfræðingur og prófessor í afbrotufræði. Ég kynntist bókum hennar fyrst árið 1974 þegar ein af hennar fyrstu bókum, *Den tvetydige omsorgen*, kom út. Þar fjallaði hún um þróun aðstoðar við geðsjúka.

Rannsóknir hennar og bækur sem síðan hafa birst fjalla allar um hópa sem eru á jaðrinum og hafa á einn eða annan hátt orðið utangátta í samfélaginu. Sjónarhorn hennar er gagnrýnið, hún spyr spurninga og tekur fáu sem gefnu. Þetta hefur einkennt allan hennar feril hvort sem hún hefur verið að skrifa um mál efni geðsjúkra, unglinga eða konur og er líka áberandi í ljóðum hennar.

Bókin sem hér um ræðir, fjallar um börn sem vistuð eru utan heimilis. Hún kallar þessi börn stjúpborn samfélagsins og bendir á að hér er ekki um nýlegt fyrirbæri að ræða heldur hefur hið opinbera í aldraðir ráðstafað börnum, ýmist til einstaklinga eða á stofnanir. Hún sækir efniviðinn bæði í eigin rannsóknir og annarra, m.a. í rannsóknarskýrslur sem gerðar hafa verið á aðstæðum barna í umsjá barnaverndaryfirvalda í Noregi.

Tekin eru dæmi af mörgum hópum barna á ólíkum tímum, allt frá börnunum sem fóru í krossferð til landsins helga árið 1212 og til meðferðar hins opinbera á hælisleitandi börnum í dag. Hún sýnir fram á hvernig börn hafa stundum verið notuð í ákveðnum pólitískum tilgangi, þar sem markmiðið hefur verið að ná taumhaldi á ákveðnum þjóðfélagsþópum eins og töturum og sömum. Markmiðin með vistun barna utan heimilis hafa verið margvísleg en oftast en ekki átti vistunin að stuðla að því að gera barnið að gagnlegum þjóðfélagsþegn innan þess ramma sem samfélagið setur. Vistunin átti að bjarga börnum frá glapstígum, stúlkunum frá lauslæti en strákunum frá afbrotum. Ég vil sérstaklega nefna einn hóp barna sem nefndur er, þ.e. hirðingjabörnin. Í bókinni er þetta hugtak notað yfir þau börn sem barnaverndarkerfið vistar aftur og aftur á ólíkum

stöðum. Í barnaverndarstarfi er lögð áhersla á þörf barna fyrir stöðugleika, en hinar síendurteknu vistunarir verða eingöngu til þess að barnið býr við enn meiri óstöðugleika.

Af því sem að framan segir má ætla að bókin sé fyrst og fremst að lýsa neikvæðum hliðum vistana barna. Svo er þó ekki. Lögð er áhersla á að ekki sé unnt að horfa á söguna með augum dagsins í dag eða skella skuldinni á einstaka starfsmenn. Hins vegar er bent á að það hefur oft mikil áhrif á okkur að lesa um hvernig farið var með börn fyrr á tímum og við hugsum sem svo að það sé nú gott hvað allt er orðið miklu betra núna. En er það þannig? Kjersti Ericsson bendir á að sömu hugmyndir, sömu hugsanir og samskonar aðgerðir birtast aftur og aftur í breyttum myndum og með öðrum nöfnum.

Það er einmitt þess vegna sem þessi bók á erindi við okkur hér á Íslandi. Nærtækt er að leiða hugann að Breiðavíkurskýrslunni, hugmyndum og aðgerðum stjórnvalda gagnvart ungum stúlkum á stríðsárunum og umræðum í bæjarstjórn Reykjavíkur um aldamótin 1900 um nauðsyn þess að vernda borgarbúa fyrir hópum barna sem söfnuðust saman á götunum. Og á sama hátt og Norðmenn þurfum við að spyrja okkur hvernig við tökum á móti hælisleitandi börnum og á hvern hátt við getum hindrað að börn hér verði eins konar hirðingjar.

*Samfunnets stebarn* er mikilvægt innlegg í umræðu um réttindi og stöðu barna, ekki bara í Noregi heldur líka á Íslandi.

*Anni Haugen félagsráðgjafi, lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands*

## Fag- og landshlutadeildir

Virgni félagsmanna FÍ hefur verið góð undanfarin ár. Þakka má að miklu leyti þá virkni stofnun landshlutadeilda á Akureyri og Suðurnesjum og fagdeilda félagsins sem eru á sviði fræðslu- og skólafélagsráðgjafar, öldrunarþjónustu, barnaverndar, áfengis- og vímuefnaráðgjafar og fagdeild sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa. Á heimasíðu félagsins má sjá upplýsingar um þá aðila sem eru með eigin rekstur sem og upplýsingar um fag- og landshlutadeildir.

## Fagþróun í félagsráðgjöf

Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Guðmundsson, (2009).  
*Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd/  
Háskólaþrent ehf.*

ISBN: 978-9979-70-711-0

### Bókarumfjöllun



*Fagþróun í félagsráðgjöf* er safn áður birtra greina um fagþróun og rannsóknir í félagsráðgjöf. Sú fyrsta sem birtist um efnið á íslensku er, eftir því sem vitað er, greinin *Félagsráðgjöf: rannsóknir og fagþróun*, 1989. Þessi grein var endurbirt í 25 ára *Afmælisriti Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa* (nú FÍ, Félagsráðgjafafélag Íslands). Greinarnar sem hér birtast spanna því liðlega 20 ára tímabil, safnað hefur verið saman víðtæku efni frá mörgum höfundum um fræðapróun innan fagsins. Efnið er valið út frá eftirfarandi viðmiðum: ritað af íslenskum fræðimönnum á sviði félagsráðgjafar; hafi verið birt á vettvangi fræðilegrar umfjöllunar og uppfylli kröfur í samræmi við það; sé tengt beint við félagsráðgjöf og snerti samþættingu rannsókna, fræðavæðingar og fagþróunar.

Megin markmiðið með útgáfunni er í fyrsta lagi að miðla þekkingu og gefa yfirsýn yfir þá framvindu og umræðu sem átt hefur sinn þátt í að greinin er nú jafn vel stödd í þessum efnunum og raun ber vitni, í öðru lagi að gera þróunina sýnilega fyrir nemendur, í þriðja lagi að efnið sé aðgengilegt á einum stað, og síðast en ekki síst að leggja grunn að yfirliti sem að gagni geti komið við síðari greiningu og umfjöllun fræðimanna á þróun fagsins.

Megin markmiðið með útgáfunni er í fyrsta lagi að miðla þekkingu og gefa yfirsýn yfir þá framvindu og umræðu sem átt hefur sinn þátt í að greinin er nú jafn vel stödd í þessum efnunum og raun ber vitni, í öðru lagi að gera þróunina sýnilega fyrir nemendur, í þriðja lagi að efnið sé aðgengilegt á einum stað, og síðast en ekki síst að leggja grunn að yfirliti sem að gagni geti komið við síðari greiningu og umfjöllun fræðimanna á þróun fagsins.

Greinasafnið er einkum ætlað nemendum í félagsráðgjöf bæði í grunn- og framhaldsnámi. Það á þó einnig erindi til annarra nemenda, félagsráðgjafa og annars fagfólks í tengdum greinum. Nokkrar námsritgerðir hafa verið unnar um efnið og eru þær merktar með stjörnu í efnisyfirliti. Þær eru ekki birtar með í lesheftinu en eru aðgengilegar á *Þjóðarbókhlöðu*. Þess er vænst að með þessu fyrsta skrefi verði áhugi vakinn á því að halda til haga því sem ritað hefur verið um efnisflokkinn rannsóknir, aðferðir og fagþróun í félagsráðgjöf. Það efli vitund um vægi hans og verði faginu og fræðigreininu til framdráttar. Ábendingar um viðbótarefni eru vel þegnar þannig að hægt sé að fylla í og víkka út í næstu prentun.

Lesheftið er fánlegt í Bóksölu stúdenta.

## Heilabilun – Kennsluhefti

### Bokarkynning



Nýlega kom úr prentun kennsluhefti um heilabilun á vegum Bjarmalundar, ráðgjafarstofu um Alzheimer og öldrun. Það byggir á námsskrá sem hefur verið kennd félagsliðum undanfarin ár og fjallar um nánast allt sem snertir heilabilunarsjúkdóma. Má þar nefna upplýsingar um þá sjúkdóma sem heyrja undir heilabilun; tíðni, greiningu og einkenni. Fjallað er um samskipti við sjúklinga og aðstandendur, þjónustu í heimahúsum og á stofnunum, auk þess sem sérstakir kaflar eru um heilabilun hjá folki á miðjum aldri og um tengsl Down's heilkennis og Alzheimerssjúkdóms.

Kennsluheftið nýtist bæði fagfólki og aðstandendum. Hægt er að panta eintök hjá Bjarmalundi í gegnum heimasíðuna [www.bjarmalundur.is](http://www.bjarmalundur.is) eða í síma 895-9737. Starfsmenntasjóður styrkti útgáfuna.



### Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) var stofnuð árið 2006 með stofn- og rekstrarstyrk frá fjölmörgum samstarfsaðilum á vettvangi. Hún er hluti af félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og heyrir undir Félagsvísindastofnun. RBF er víðtækur vettvangur rannsókna á sviði félagsráðgjafar, einkum barna- og fjölskylduverndar. Stofnunin sinnir rannsóknum og þjónustuverkefnum sem snerta aðferðaþróun og stefnumótun auk þess að eiga samstarf við innlendar og erlendar rannsóknastofnanir og fræðimenn í félagsráðgjöf. Verkefni RBF eru af ýmsum toga þ.á.m. útgáfa ritraðar og bóka, málstofur, fyrirlestrar og ýmis rannsóknarverkefni. Dæmi um rannsóknarverkefni eru kynbundið ofbeldi, börn og skilnaðir, börn af erlendum uppruna, umönnun ungra barna í Reykjavík og afdrif barna sem dvöldu á meðferðarheimilum. Félagsráðgjafar sem áhuga hafa á rannsóknastarfi, ýmist til að eiga beint samstarf, fá ráðgjöf og ábendingar eða koma með hugmyndir geta snúið sér til RBF. Nánari upplýsingar um RBF má finna á heimasíðu stofnunarinnar, [www.rbf.is](http://www.rbf.is)



## Félagsráðgjöf, fjölskyldu- stefna og velferð barna í norrænu ljósi

Hannele Forsberg og Teppo Kröger, (2010).

*Social Work and Child Welfare Politics.  
Through Nordic lenses*

Policy Press, Bristol, 206 bls.

ISBN: 978-1-84742-406-8

### Bókarumfjöllun



Markmið bókarinnar er að leggja norrænt lóð á vogarskál alþjóðlegrar umræðu um fjölskyldu-  
stefnu og barnavernd. Áður hafa örfáar bækur og greinar verið skrifaðar á ensku um þetta efni út frá norrænum sjónarhóli og er þessi bók því mikilvægt framlag á alþjóðavettvangi. Bókin er gagnrýnin umræða um félagsráðgjöf og velferðarstefnu en

einnig eru þar dæmi um vinnuaðferðir félagsráðgjafa í þessum málaflokk. Höfundar varpa ljósi á mörg af þeim hugmyndafræðilegu álitafnum sem fram hafa komið á síðustu árum um félagsráðgjöf, fjölskyldur og barnavernd. Sem dæmi má nefna breytt valdatengsl fagfólks, foreldra og barna og þróun ólíkra fjölskylduforma. Á Norðurlöndum hefur sérstök áhersla verið lögð á réttindi barna, nýjar hugmyndir og sýn á bernskuna. Hefur þetta sums staðar leitt til nýrra vinnuaðferða í félagsráðgjöf. Á sama tíma hafa vaknað spurningar eins og, ættu félagsráðgjafar að leggja meiri áherslu á að vinna með börnum heldur en foreldrum, og hvernig jafnvægi eigi að vera á milli réttinda og verndar barnsins og foreldranna. Einnig hefur mikil áhersla verið lögð á forvarnir og stuðning í stað þess að aðskilja börn og foreldra. Jafnvel þegar börn eru vistuð utan heimilis er nú nær alltaf litið á það sem tíma-  
bundið úrræði og markmiðið að þau hafi sem nánust tengsl við foreldra sína. Bent er á að þessi tilhneig-  
ing hafi gert hlutverk félagsráðgjafa við eftirlit með fjölskyldum og vernd barna óljóst. Þá samrýmist það ekki ríkjandi hugmyndafræði að vista börn utan heimilis en það geti leitt til þess að börn, sem þurfa skjóta og beina íhlutun, til dæmis vegna ofbeldis í fjölskyldu, fái ekki þá þjónustu sem skyldi.

Í fyrsta kafla bókarinnar sem ritstjórar skrifa, er

gerð grein fyrir markmiðum hennar og helstu hugmyndafræði.

Í öðrum kafla sem Guðný Björk Eydal, prófessor og Teppo Kröger annar ritstjóri bókarinnar skrifa, er gerður samburður á fjölskyldulöggjöf og -stefnu Norðurlandanna fimm. Kaflinn er því mikilvægt yfirlit um hvað er líkt og ólíkt á þessi sviði í hinu norræna velferðarkerfi.

Í þriðja kafla er gerður samburður á barnavernd í fjórum Norðurlöndum. Ísland er ekki hluti af þessum niðurstöðum og er það miður.

Í kafla fjögur og fimm er fjallað um álitamál varðandi nýja hugmyndafræði og vinnuaðferðir í barnavernd. Kaflarnir eru skrifaðir út frá finnskum veruleika. Í fyrri kaflanum er fjallað um hugtakið „illfare“ og hvernig finna á jafnvægi milli þess að draga hina viðkvæmu línu á milli stuðnings og eftirlits. Í síðari kaflnum er gerð grein fyrir „fjölskylduvinnu“ sem vinnuaðferð við barnavernd. Hafa ber þó í huga að þetta er ekki „fjölskylduvinna“ í þeirri merkingu sem við þekkjum hér á landi. Sérstök áhersla er lögð á fjölskyldur og börn sem þurfa á mikilli íhlutun að halda.

Í kafla sex sem Sigrún Júlíusdóttir, prófessor, skrifar, er gagnrýnin umfjöllun um áskoranir fjölskyldu-  
félagsráðgjafar á 21. öldinni. Kaflinn er skrifaður út frá sögulegu og faglegu sjónarhorni. Ísland er notað sem dæmi, en í samhengi við reynsluna á hinum Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum. Bent er á mikilvægi þess að varðveita upprunalega hugmyndafræði fjölskyldufélagsráðgjafar í sálfélagslegri vinnu með fjölskyldum og börnum. Einnig er fjallað um að póstmó-  
dernísk hugsun og gildi með auknu lýðræði og breyttum hugmyndum um að vald hafi haft róttæk áhrif á félagsráðgjöf og breytt hlutverki hennar og stöðu.

Í kafla 7 eru á gagnrýninn hátt skoðaðar breytingar á hugmyndafræði í norskrari barnavernd. Í stuttu máli þá er það sú hugmyndafræði að börn eigi að hafa sjálfstæðan rétt, að fjölskyldan og nærsamfélagið eigi að hafa meiri áhrif við ákvarðanir í barnaverndarmálum og markmiðið um að þjónustan eigi að vera byggð á staðreyndri þekkingu (evidence based knowledge). Höfundar spyrja hvað gerist ef þessi atriði eru í mótsögn hvert við annað í barnaverndarmálum og hvaða áhrif það geti haft á barnið.

Í kafla 8 er fjallað um niðurstöður norskrar rannsóknar á því hvernig félagsráðgjafar og félagsþjónusta geti unnið á virkari hátt með fátækum börnum og fjölskyldum þeirra.

Í kafla 9 er greint frá niðurstöðum sænskrar rannsóknar um börn sem verða vitni að heimilisofbeldi,



mikilvægi þess að hlusta á raddir þeirra og hvaða aðferðir má nota til að skilja reynslu þeirra.

Í kafla 10 er síðan gerð grein fyrir finnskri rannsókn á vistun barna utan heimilis (residential care) sem á sér langa sögu en hefur að sama skapi ekki verið áberandi í umræðu, rannsóknum eða fagþróun. Miklar breytingar eru að verða á þessu formi í Finnlandi m.a. er verið að stofna einkarekin heimili, en lítið er vitað um þessi áhrif eða gæði íhlutunarinnar á börn og ungt fólk.

Lokakafla bókarinnar á Keith Pringle þar sem hann fjallar um framtíðaráskoranir í norrænni og alþjóðlegri fjölskyldustefnu og barnavernd.

Bók þessi er gagnlegt framtak sem spannar mjög vítt svið fjölskyldu- og barnaverndarmála í norrænu samhengi. Það má þó velta vöngum yfir því hvort bókin hefði mátt mynda sterkari heild til dæmis með annarri uppröðun kafla og fleiri af samanburðarrannsóknum. Hafa ber þó í huga að hver kafli stendur fyllilega fyrir sínu. Bókin á mikið erindi til þeirra sem vinna við fjölskyldu- og barnavernd, en einnig til þeirra sem vinna við stefnumótun, rannsóknir og kennslu á þessu sviði.

*Dr. Steinunn Hrafnadóttir,*  
dósent við Félagsráðgjafardeild.

#### MA TIL STARFSRÉTTINDA 2010

## Jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum eftir skilnað

**Nemandi: Sólveig Sigurðardóttir**  
**Leiðbeinandi: Sigrún Júlíusdóttir, prófessor**

### *Viðtalsrannsókn á reynslu tíu foreldra*

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að foreldrar barna sem búa við jafna búsetu líta mjög jákvæðum augum á fyrirkomulagið. Foreldrarnir eru í góðu sambandi og leggja mikla áherslu á að vinna í sameiningu að því að tryggja hagsmuni og velferð sameiginlegs barns. Samvistir foreldra og barna breytast eftir skilnað, sem má rekja til þess að foreldrarnir hafa afmarkaðri tíma með barni sínu. Jöfn búseta hefur hins vegar ekki áhrif á gæði tengsla foreldris og barns. Foreldrar verða eigingjarnari á sinn eigin tíma með barninu og hefur það áhrif á samvistir barnsins við aðra fjölskyldumeðlimi, og þá fyrst og fremst ömmu og afa beggja vegna. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu vísbendingar um ákveðna þætti sem þurfa að vera til staðar til þess að jöfn búseta barna hjá báðum foreldrum geti gengið vel. Þessi þættir eru: (i) *góð foreldrasamvinna sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti, (ii) sterk tengslamyndun barns við báða foreldra, sérstaklega þó við feður, (iii) jafnræði í hlutverkum foreldra fyrir og eftir skilnað, (iv) foreldrar búsettir nálægt hvort öðru og (v) góð aðlögunarhæfni barns.*

#### MA TIL STARFSRÉTTINDA 2010

## Upplifun af áfallaröskun og leiðir að bættri líðan

**Nemandi: Elísabet Þorgeirsdóttir**  
**Leiðbeinandi: Anni G. Haugen**

### Útdráttur

Eigindleg rannsókn þar sem rætt var við átta manneskjur sem hafa fengið áfallaröskun (PTSD) og unnið að því að losna við einkenni hennar. Markmið rannsóknarinnar er að bæta við og dýpka skilning félagsráðgjafa og annarra á einkennum áfallaröskunar og leiðum til bata.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru að áfallaröskun hefur valdið viðmælendum margs konar vanlíðan en með sérhæfðri meðferð eru sex nær alveg laus við einkenni en tvö hafa enn nokkur einkenni. Fjórir viðmælendur urðu fyrir áföllum í æsku og fengu ekki greiningu á áfallaröskun fyrr en áratugum síðar. Það bendir til þess að þekking á afleiðingum áfalla hafi ekki verið til staðar þegar áföllin urðu. Rannsóknin leiðir hins vegar í ljós að þeirri þekkingu fer fram en af sex viðmælendum sem fengu ekki greiningu fyrr en árum eða áratugum eftir fyrsta áfall fengu fjögur greiningu og aðstoð fljótlega eftir seinni áföll.

Meðferð við áfallaröskun krefst sérþekkingar og tekur tíma. Í ljós kom að meðferðartímabil viðmælenda var frá tveimur viðtölum upp í eitt og hálf ár. Algengast var að meðferð stæði yfir í tíu mánuði.

# Ávarp formanns FÍ

*Páll Ólafsson*



Á þessum tímum uppgjors við fortíðina, ringulreiðar í samfélaginu og vaxandi erfiðleika fyrir marga af okkar skjólstæðingum og okkar félagsmenn er vert að huga að því hvað við erum að gera í félaginu okkar og hvert við stefnum. Í framhaldi af gríðarlega

skemmtilegri stefnumótunarvinnu varðandi framtíð félagsins höfum við sem störfum fyrir ykkur stefnt að því að virkja þá auðlind sem býr í félaginu okkar. Við viljum styðja við bakið á ykkur og beintengja félagið okkar inni starf BHM og gera okkur gildandi í samfélagsumræðunni. Það er hlustað á félagsráðgjafa, reynsla okkar og þekking er dýrmæt, sérstaklega á þessum tímum óróa og erfiðleika. Það er einnig mikilvægt að við pössum uppá okkur sjálf og styðjum hvert annað á þessum undarlegu tímum. Eins og segir í síðareglum okkar er mikilvægt að félagsráðgjafar miðli þekkingu sinni sem víðast m.a. til annarra félagsráðgjafa. Síðareglur okkar hafa nú sem aldrei fyrr verið mikilvægari. Þær eru grunnur sem allt

okkar starf byggir á, nokkuð sem við þurfum að hafa í huga á hverjum degi núna þegar harðnar á dalnum hjá sveitarfélögum og ríki. Við þurfum að muna að félagsráðgjafar eiga að vinna gegn mannréttindabrotum hvar sem þau eiga sér stað og réttindi skjólstæðinga okkar eiga að vera mikilvægari heldur en fjárhagsstaða vinnuveitandans. Við erum umboðsmenn þeirra sem minna mega sín. En við þurfum einnig að hlúa að okkur, huga að vinnuálagi, fjölda mála og þyngd þeirra. Atvinnuumhverfið okkar má ekki vera þannig að við brennum upp, að okkar nýútskrifaða unga fólk hverfi á braut eftir skamma dvöl í faginu vegna þess að það gat ekki haldið þetta út, kannski vegna þess að það fékk ekki þann stuðning sem þurfti. Stjórn FÍ hefur farið ýmsar leiðir til að styðja ykkur, kærufélagsmenn. Við höfum reynt að virkja ykkur með því að finna þá samnefnara sem geta hjálpað ykkur að treysta böndin milli hvers annars og geta þannig stutt hvert annað. Fag- og landshlutadeildir félagsins eru ein leið til að finna þessa samnefnara. Þær eru eins og æðakerfi félagsins þar sem gróskumikið starf þessara deilda ber vitni um þann sprengikraft sem



Stjórn og starfsmenn FÍ 2010 – 2011



býr í okkar félagsmönnum og eru dæmi um hvernig við getum stutt hvert annað með því að miðla reynslu, hittast og fræðast af hvert öðru. Önnur leið til að finna samnefnara til að styðja við bakið á ykkur er valið á félagsráðgjafa ársins sem fer fram á alþjóðlegum degi félagsráðgjafar ár hvert. Það að við höfum tækifæri til að klappa hvert öðru á axlirnar, segja frá því af hverju við erum stolt hvert af öðru er frábær leið til hvatningar áfram til dáða í stóru sem smáu. Að fá hrós frá vinnufélögum er eitthvað sem öllum þykir gott og að vera tilnefndur til viðurkenningar er góð tilfinning fyrir alla. Að geta valið félagsráðgjafa ársins er tækifæri til að sýna þann mannauð sem er til innan okkar raða. Í þessu tölublaði er einmitt viðtal við einn slíkan fulltrúa okkar stéttar. Við í stjórn félagsins viljum hvetja ykkur til að taka þátt í því að hrósa hvert öðru, ekki bara einu sinni á ári heldur alltaf þegar við höfum tækifæri til. Það að vera dugleg að hrósa er ein leið til að viðhalda gæðum mannglegra samskipta. Ég vil einnig minnst á fólkið sem leggur á sig ómælda vinnu fyrir okkur í nefndum félagsins, vísinda-, kjara- og síðanefnd sem og í fagdeildum félagsins. Þetta starf má segja að sé hjartað í starfinu og vonumst við til að þessar nefndir dafni, þróist og eflist. Til dæmis hefur vakið athygli innan BHM hversu vel er vandað til verka hjá vísindanefnd við úthlutun árlegra vísindastyrkja, sem er einn af okkar föstu punktum í starfinu. Ef nefndirnar eru hjartað þá er starfsemi skrifstofunnar stoðkerfið, sem á að halda öllu þessu gangandi. Það er frábært að vinna með góðum framkvæmdastjóra og starfsmanni okkar. Vil ég hvetja ykkur til að nýta ykkur þetta starfsfólk ykkur til stuðnings og til upplýsinga, engar spurningar eru rangar og allar upplýsingar eru mikilvægar. Félagið hefur verið virkt innan BHM og í samfélaginu sem aldrei fyrr og viljum við að þið kæru félagsmenn opnið ykkur og koma sjónarmiðum ykkar á framfæri. Stjórnin hefur líka uppfyllt þörf ykkar fyrir að gera skemmtilega hluti saman. Árshátíðin, jólahlaðborðið, jónsmessugangan og félagsráðgjafadagurinn. Þessir föstu árlegu atburðir hafa í gegnum tíðina komið til móts við þörf okkar að geta hist og farið úr vinnuhlutverkinu og fengið að vera við sjálf með okkar félögum. Að viðhalda mannauðnum er eitt að því mikilvægasta sem þjóð gerir á erfiðum tímum. Við verðum að halda okkur við, hlúa að nemunum okkar og okkur sjálfum. Við erum mannauður sem ef einhverntíman hefur verið mikilvægur er það núna.

## MA TIL STARFSRÉTTINDA 2010

### Stig af stigi – áhrif á félagshæfni og vanda barna

**Nemandi: Katrín Árnadóttir**

**Leiðbeinandi: Halldór S. Guðmundsson**

#### Útdráttur

Á undanförunum áratugum hafa skólar tekið aukinn þátt í uppeldi og félagsmótun barna og unglinga. Til að takast á við ýmiskonar vanda og efla félagshæfni hafa verið þróuð margskonar úrræði. Eitt þeirra er Stig af stigi (*Second Step*) sem var innleitt í skóla hér á landi 2002. Það hefur að markmiði að efla félags- og tilfinningaþroska og stuðla að alhliða félagslegri færni. Tilgangur rannsóknarinnar var að meta hvort og hvaða áhrif Stig af stigi hafði á þá nemendur sem tóku þátt í tilraunakennslunni (2002) og kanna viðhorf kennara til efnisins.

Rannsóknin var meginlæg, byggði á árangursmati og lýsandi rannsóknarsniði. Hluti gagnaöflunar byggði á einhliðasniði, það er fyrirlieggjandi gögnum sem safnað var með SDQ matslistum (*The Strengths and Difficulties Questionnaire*) í tengslum við tilraunakennslu námsefnisins Stig af stigi. Kennarar og foreldrar barna úr fjórum skólum tóku þátt í matinu. Fjórtán kennarar svöruðu viðhorfskönnun sem fjallaði um notagildi og áhrif Stig af stigi.

Helstu niðurstöður voru að marktæk breyting varð á *heildarvanda* auk *hegðunar-* og *tilfinningavanda* í kjölfar íhlutunar að mati foreldra og kennara. Auk þess urðu marktækar breytingar á *félagshæfni* barnanna að mati kennara. Mat foreldra og kennara benti til að börnum sem féllu utan eðlilegra viðmiða SDQ varðandi *heildarvanda* fækkaði hlutfallslega í kjölfar tilraunakennslunnar. Niðurstöðurnar falla að ýmsu leyti í sömu átt og erlendar rannsóknir á árangri af notkun efnisins Stig af stigi.

Um Vísindasjóð:

# Rannsóknir og þróunarstörf eru mikilvæg

*Sveindís A. Jóhannsdóttir, formaður vísindanefndar*



Rannsóknir og þróunarstörf eru mikilvæg í verkfærakistu félagsráðgjafar. Velferð í víðum skilningi þarf að rannsaka og þróa áfram þá þjónustu sem félagsráðgjafar veita auk þess að skapa ný úrræði.

Árið 2009 voru 20 ár liðin frá því að Vísindasjóður félagsráðgjafa var stofnaður en markmið hans er að efla rannsóknir og þróunarverkefni meðal félagsmanna. Í tilefni tvítugsafmælis sjóðsins var ákveðið að veita Dr. Sigrúnu Júlíusdóttur sérstakan heiðursstyrk að upphæð kr. 500.000 fyrir rannsókn- og ritstörf á sviði félagsráðgjafar, en Sigrún fagnar 40 ára útskriftarafmæli á þessu ári.

Vísindasjóður hefur gegnt mikilvægu hlutverki í þróun fagsins og rannsóknum. Frá árinu 2005 hafa 36 umsóknir verið samþykktar og styrkir veittir fyrir rúmar 9 milljónir. Lista yfir úthlutaða styrki er að finna á heimasíðu félagsins og óhætt er að segja að þar er að finna fjölbreytileg og áhugaverð verkefni. Styrkþegar kynna helstu niðurstöður rannsókna sinna á árlegum úthlutunar- og kynningarfundum í september. Á sama tíma er nýjum styrkjum úthlutað.

Vísindanefnd hefur m.a. það hlutverk að viðhalda lifandi umræðu um rannsóknir innan félagsins og sjá um fræðslu til félagsmanna m.a. með námskeiðahaldi. Samkvæmt 8. gr. úthlutunarreglna sjóðsins skulu styrkþegar skrifa grein í Tímarit Félagsráðgjafa innan tveggja ára frá úthlutun. Í samstarfi við Vísindanefnd og ritstjórn bauð FÍ upp á námskeið í ritrýndum greinum haustönn 2009. Helga Sól Ólafsdóttir, félagsráðgjafi og doktorsnemi, hafði umsjón með námskeiðinu og voru félagsmenn sem sóttu námskeiðið ánægðir. Vonandi munu greinar frá þeim birtast hér í TF á næstunni.

Framlög í sjóðinn eru bundin í kjarasamningum. Vegna breytinga á kjarasamningi ríkisstarfsmanna árið 2008 var samþykkt á aðalfundi félagsins 2009 sólarlagsákvæði sem veitir ríkisstarfsmönnum rétt-

indi í sjóðinn til ársins 2011 en eftir það fellur réttur þeirra niður.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel úthlutunarreglur og þær skuldbindingar sem fylgja móttöku styrkja. Heppilegra getur verið að sækja um styrk á seinni stigum rannsókna til að geta staðið við þá kröfu að kynna helstu niðurstöður innan tveggja ára. Vísindanefnd er árlega með opinn fund í apríl fyrir þá félagsmenn sem hafa hug á að sækja um í sjóðinn. Þessi fundur hefur fest sig í sessi og er nú fastur liður í undirbúningi rannsókna sem sótt er um styrk fyrir.

Umsóknarfrestur er til 15. maí ár hvert. Á heimasíðu félagsins er að finna úthlutunarreglur og umsóknareyðublað auk fleiri upplýsinga um Vísindasjóðinn og nefndina.

## SKILABOÐ FRÁ RANNSÓKNUM

**Social Care Institute for Excellence. (2009). *A knowledge management and evidence-based practice for adult social care in the North West of England*. London: Social Care Institute for Excellence <http://www.scie.org.uk/publications/reports/report23b.pdf>.**

**Beverly, C. (2009). *A review of knowledge management and evidence-based practice activities and networks in adult social care in the North West of England*. London: Social Care Institute for Excellence <http://www.scie.org.uk/publications/reports/report23a.pdf>.**

Bæði þessi skjöl draga saman upplýsingar um þekkingarstjórnun (Knowledge management, KT) og gagnreyndar aðferðir (EBP) og samstarfsmálefni í þjónustu við fullorðna í norð-vestur Englandi. Fyrri skýrslan (23a) dregur fram hindranir gagnvart árangursríkri þekkingarstjórnun og gagnreyndum aðferðum, og gefur tilmæli um hvernig megi yfirvinna þær. Skýrsla 23b fjallar um aðferðir til að innleiða þessi tilmæli.





# Þekkir þú trúnaðarmann þinn?

*Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og trúnaðarkona  
á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts*



Það er mikilvægt að þekkja rétt sinn sem starfsmanns gagnvart vinnuveitanda og leita aðstoðar ef á þarf að halda. Trúnaðarmenn félagsráðgjafa gegna þar mikilvægu hlutverki ásamt stéttarfélagi okkar Félagsráðgjafafélagi Íslands. Trúnaðarmenn

eru valdir af samstarfsfélögum sínum til að gæta hagsmuna þeirra gagnvart vinnuveitanda. Þeir eru fulltrúar félagsins á vinnustað og eru tengiliðir milli félagsmanna á vinnustað og vinnuveitenda annars vegar og milli félagsmanna og Félagsráðgjafafélagsins hins vegar.

Þeim sem taka að sér að vera trúnaðarmenn á sínum starfsstað stendur til boða að sitja trúnaðarmannanámskeið á vegum Bandalags háskólamanna sem undirbýr þá fyrir hugsanleg verkefni og skýrir hlutverk þeirra og ábyrgð.

Virkt trúnaðarmannakerfi er mikilvægur þáttur í réttinda- og kjarabaráttu félaga í Félagsráðgjafafélaginu. Kerfið bindur félagsráðgjafa sterkari böndum um land allt sem styrkir innviði félagsins til muna og eflir stéttarvitund. Í dag er 21 trúnaðarmaður skráður hjá félaginu, allt konur eða trúnaðarkonur eins og ég kys að kalla okkur.

Trúnaðarkonur funda mánaðarlega hjá félaginu, venjulega í hádeginu undir léttum málsverði. Farið er yfir stöðu félagsráðgjafa á vinnumarkaði, tekin eru upp mál sem varða velferð félagsráðgjafa í starfi, kröfur atvinnurekanda og réttmæti þeirra í einhverjum tilvikum. Undanfarið hefur verið rætt um mikla aukningu á álagi í starfi félagsráðgjafa um allt land, hvernig niðurskurður kemur niður á okkar fólki og hvernig trúnaðarmenn geta beitt sér fyrir hönd félagsráðgjafa, með því að láta í sér heyra.

Að mati undirritaðrar hefur aldrei verið meiri þörf fyrir öflugt trúnaðarmannakerfi en einmitt nú. Niðurskurður á starfsstöðum félagsráðgjafa er staðreynd, á sama tíma koma fram yfirlýsingar yfirvalda

um að ekki eigi að skerða grunnþjónustu við fólkið í landinu, laun margra félagsráðgjafa hafa verið lækkuð, starfshlutfall þeirra minnkað í einhverjum tilvikum, handleiðsla stendur ekki lengur til boða og á sama tíma eykst álagið. Með auknu álagi er óhjákvæmilegt að þjónusta skerðist, það er raunveruleiki sem við blasir.

Nú þegar er farið að bera á álagseinkennum hjá félagsráðgjöfum, sem hafa leitað til undirritaðrar, og ef ekkert verður gert til að létta á álaginu er einungis tímaspursmál hvenær fagfólk í okkar röðum fer að brenna út. Álag ógnar, óhjákvæmilega, faglegum vinnubrögðum í starfi sem er undirstaða félagsráðgjafar sem fagstéttar. Það getum við ekki látið viðgangast.

Undirrituð hvetur alla félagsráðgjafa til að nýta sér trúnaðarmannakerfið sem nú þegar hefur verið lagður grunnur að og láta í sér heyra. Eins og stéttin blasir við undirritaðri þá er hún full af fólki sem hefur það að atvinnu að finna lausn á vanda, draga fram styrkleika og líta heildrænt á aðstæður. Félagsráðgjafar, nýtum þessa hæfileika okkar til að takast á við eigin vanda.

## SKILABOD FRÁ RANNSÓKNUM

**Halldór Sig. Guðmundsson, Sigríður Jónsdóttir og Sigrún Júlíusdóttir. (2010). Evidence-based policy and practice in social service in Iceland. *Evidence & Policy*, vol 6, no 2: 195-212.**

Greinin fjallar um þróun gagnreyndrar stefnumótunar og þjónustu innan félagsþjónustu og fjölskyldustefnu á Íslandi. Á breiðum grunni er lýst aðstæðum á Íslandi og leitast við að draga fram dæmi sem sýna að vaxandi eftirspurn er eftir gagnreyndri þekkingu hjá stefnumótandi aðilum og einnig hvernig fræðasamfélagið hefur leitast við að hvetja til og svara eftirspurninni.

# Félagsráðgjafi ársins 2010

## Soffía Egilsdóttir



Mikil samstaða var í stjórn félagsins um val á félagsráðgjafa ársins 2010 en í ár hlaut Soffía Egilsdóttir framkvæmdastjóri félags- og þjónustusviðs Hrafnistu þann titil á Alþjóðadegi félagsráðgjafa þann 17. mars sl. Er þetta í þriðja sinn sem hann er valinn. Soffía er jafnframt formaður fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu.

### Styrkleikar hins aldraða virkjaðir

„Að velja félagsráðgjafa ársins getur vakið athygli á þeim málefnum sem félagsráðgjafar eru að fást við á hverjum tíma og er það mikils virði,“ svaraði Soffía aðspurð um hvort titillinn skipti máli en bætti síðan við „starfið í fagdeild félagsráðgjafa í öldrunarþjónustu er líka mikilvægt fyrir faglega umræðu og gagnkvæman stuðning sem heldur manni gangandi.“

„Það er gott að fá tækifæri til að vekja athygli bæði félagsráðgjafa og annarra á málefnum aldraða á því sem þar er að gerast en mikil þróun hefur átt sér stað í málaflokknum. Við megum ekki missa móðinn þrátt fyrir kreppuna og tapa niður því sem hefur áunnist á undanförunum árum,“ sagði Soffía. Hún hefur m.a. verið að vinna að innleiðingu nýrrar hugmyndafræði við umönnun aldraða á hjúkrunarheimilum. Í Boðabringi í Kópavogi er verið að opna nýtt heimili sem byggir á hugmyndafræði þar sem íbúinn er settur í forsæti og lögð áhersla á að virkja þá styrkleika sem íbúarnir búa enn yfir þrátt fyrir veikindi.

### Heimilislegt andrúmsloft

Sú tíð er liðin að sjálfsgætt þótti að hafa fleiri en einn í herbergi á öldrunarheimilum og að aðstandendur sætu á rúmbríkinni á afmörkuðum heimsóknartímum. Aukin krafa er í samfélaginu um betri aðbúnað, einbýli og meira persónulegt rými og heimilislegri byggingar fyrir aldraða eftir því sem sýn á þarfir hinna öldruðu hefur breyst.

Að auki gera aðstandendur meiri kröfur um að fá að taka þátt í lífinu á hjúkrunarheimilum sem kallar á breytta aðstöðu fyrir þá sem og heimilismenn. Kalla allar þessar breytingar á fjölbreyttari flóru fagfólks til starfa á hjúkrunarheimilum hér á landi, sem er

afleiðing af þessum breyttu kröfum. Má þar nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfra, presta og sálfræðinga. Nú starfa tveir félagsráðgjafar á Hrafnistuheimilunum og mun sá þriðji væntanlega hefja starf í haust.

### Með hund og kött

Hvernig vill Soffía sjá „sitt“ hjúkrunarheimili? „Ég vona að þjónusta verði með þeim hætti að bæði ég og aðstandendur geti haft áhrif á daglegt líf á heimilinu. Svo vil ég endilega að leyft verði að hafa dýr á hjúkrunarheimilum og íbúðum sem byggðar eru fyrir aldraða. Ég er sjálf með þrjá ketti sem ég hef átt í nokkur ár. Ég hefði ekki trúað því að óreyndu hvað það er gefandi og skemmtilegt að vera með dýr. Nú svo mundi ég kunna vel að meta að hafa ljósmyndaadstöðu en ég hef sérstaklega gaman af að taka myndir af fólki. Ætli ég verði ekki með kettina mína í kringum mig með myndavélina á næsta manni ef ég gæti ráðið,“ sagði Soffía að lokum.

*Valgerður Halldórsdóttir tók saman*

## Hundar draga úr streitu

Rannsóknir sýna að félagskapur við gæludýr hefur svipuð áhrif á líðan og heilsu manna og mannlegur stuðningur (Garrity, Stallones, Marx og Johnson, 1989). Þau draga úr einmanaleika, auka vellíðan og geta átt stóran þátt í að draga úr þunglyndi. Þau eru sérstaklega mikilvæg fyrir þá sem hafa skerta getu til að eiga félagsleg samskipti við annað fólk. Fyrir aldraða og fatlaða geta dýr verið sérstaklega mikilvæg. Í einni rannsókn kom fram að allt að 70% eldri borgara töldu hundinn sinn vera sinn eina vin (Peretti, 1990). Með hunda-eign fær eigandi hans hlutverk eins og að hreyfa hann, fóðra og gæla við. Á móti sýnir dýrið honum hlýju, traust og umhyggju án allra skilyrða og fullnægir þannig þörfum eiganda síns fyrir nálægð við aðra. Hundaeigendum finnst hundarnir veita þeim öryggi og þeir hræðast þá síður innbrot. Að finna fyrir öryggi er mjög mikilvægt fyrir eldri borgara sérstaklega þá sem búa í þéttbýli.

Upplifun eldri borgara og öryrkja á gæludýraeign – úr BA ritgerð Dagnýjar Maríu Sigurðardóttur félagsráðgjafa frá 2007.

Peretti, P. O. (1990). Elderly-Animal Friendship Bonds [Rafræn útgáfa]. *Social Behavior & Personality: An International Journal*, 18, 151-156.

Garrity, T. F., Stallones, L., Marx, M. B., og Johnson, T. P. (1989). Pet Ownership And Attachment As Supportive Factors In The Health Of The Elderly [Rafræn útgáfa]. *Anthrozoos*, 3 (1), 35-44.

## RITSTJÓRNARSTEFNA

*Tímarit félagsráðgjafa* er vettvangur fyrir kynningu á faglegu efni, niðurstöðum rannsókna, þróunarverkefnum og öðrum fræðilegum efnivið á sviði félagsráðgjafa. Ritstjórn metur gæði alls innsends efnis og fær nafnlausu aðila til að meta greinar sem höfundar óska eftir að fá ritrýndar.

Tímaritið er gefið út í nánu samstarfi við stjórn *Félagsráðgjafafélags Íslands* og kemur að jafnaði út einu sinni á ári. Sérhefti í umsjón utanaðkomandi ritstjóra um þemu, aðferðir eða málaflokk eru gefin út ef tilefni er til.

Meginmarkmið *Tímarits félagsráðgjafa* er að miðla nýþekkingu í félagsráðgjöf, efla fræðilega og faglega stöðu greinarinnar og stuðla þannig að traustari grunni hennar til að auka gæði félagsráðgjafarþjónustu.

Bakhjarl tímaritsins er *fagráð* skipað fjölmönnum hópi félagsráðgjafa af ólíkum sérsviðum. Með því er fulltrúum sviða ætlað að fylgjast með rannsóknum, verkefnum og þjónustuþróun á sínu sviði og hvetja til kynningar á því með greinaskrifum og viðtölum ásamt samantektum af ráðstefnum og öðrum faglegum viðburðum.

*Tímarit félagsráðgjafa* birtir umfjöllun um nýútkomnar erlendar og íslenskar fag- og fræðibækur ásamt kynningu á nýjum meistara- og doktorsritgerðum. Þá eru bálkar um starfsemi m.a. *Félagsráðgjafafélags Íslands*, *Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands* og *Rannsóknastofnunar í barna – og fjölskylduvernd*.

### Vinnuferli við ritrýni

Ritrýndar greinar þurfa samþykki ritstjórnar áður en þær eru sendar ónafngreindar til ritrýna. Þeir koma oftast úr röðum félagsráðgjafa, en einnig er leitað út fyrir greinina ef við á. Ritrýnar fylgja þar til gerðu matsblaði og rita umsögn um styrkleika og veikleika greinar hvað varðar gæði fræðilegs efnis og framsetningu þess, ásamt með tilmælum um hvort greinin verði samþykkt til birtingar óbreytt, hvað þurfi að endurbæta eða hvort henni skuli hafnað. Greinum sem ekki standast kröfur að mati ritrýna er hafnað af ritstjórn. Ritstjórn áskilur sér rétt til að gera minniháttar breytingar á framsetningu á texta við lokafrágang alls birts efnis.

### Námskeið um ritrýni

Þann 4. október næstkomandi býður ritstjórn TF í samvinnu við FÍ, upp á ör-námskeið (4 klst.) um ritrýni, markmið og tækni. Áhugasömum er bent á að skrá sig hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands (felagsradgjof@felagsradgjof.is) fyrir 1. október næstkomandi.



**Félagsráðgjafafélag Íslands**

Borgartúni 6 · 105 Reykjavík · Sími 581 4322 · Fax 588 9239 [www.felagsradgjof.is](http://www.felagsradgjof.is)